# FRÉTTABLAÐIÐ

88. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 6. MAÍ 2021

20 ÁRA




Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu, í samstarfi við Landhelgisgæsluna og björgunarsveitir, tókst á þriðja tímanum í fyrrinótt að slökkva gróðurelda sem loguðu í Heiðmörk. Talið er að gróður hafi eyðilagst á um 56 hektara svæði, en þar á meðal eru þessar furur sem eru um 20 ára gamlar. Þetta er stærsti gróðureldurinn á svæðinu frá upphafi. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Höfnuðu tvöfalt hærra verði en húsið seldist á

**Þjóðkirkjan virðist hafa tapað 470 milljónum króna á að hafna tilboðum í Kirkjuhúsið á Laugavegi fyrir fjórum árum og selja eignina síðan í fyrrahaust. Tilboðunum var hafnað þar sem þau voru ekki talin uppfylla væntingar.**

**FASTEIGNIR** Húsið á Laugavegi 31 var selt í október síðastliðnum á 451 milljón króna. Þremur og hálfu ári áður hafnaði Þjóðkirkjan tilboðum sem voru upp á allt að 921 milljón.

Pétur Markan, samskiptastjóri Þjóðkirkjunnar, bendir á að óformlegar umræður um sölu á Laugavegi 31 hafi staðið lengi og skoðanir verið skiptar. Húsið hafi fyrst farið í formlegt söluferli á árinu 2019. „Þar skiptir máli sú staðreynd að Biskupsstofa var komin með starfsemi sína í Katrínartún 4,“ segir Pétur.

Í janúar 2015 barst óformlegt 510 milljóna króna tilboð í Laugaveg 31 frá fasteignafélaginu Regin. Nokkur tilboð bárust síðan í febrúar 2017, það hæsta upp á 921 milljón króna frá M3 Capital ehf. Tilboðunum var hafnað að tillögu formanns kirkjuráðs, Agnesar Sigurðardóttur biskups, sem kvað þau ekki uppfylla væntingar.



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Þjóðkirkjunnar.

„Ég harma þá afstöðu meirihluta kirkjuráðs að greiða atkvæði með tillögu forseta kirkjuráðs og hafna þar með fyrirliggjandi og mjög ásættanlegu kauptilboði,“ bókaði Stefán Magnússon, fulltrúi í kirkjuráði, er tilboðum var hafnað.

„Hvað þetta mál varðar er augljóst að ekki var einhugur um málið eins og ferlið blasir við mér, fyrr en árið sem eignin var seld,“ segir Pétur. „Kannski er vandamálið það að kauptilboð bárust og komu jafnvel til umræðu án formlegra ákvarðana um sölu.“

Söluverð Kirkjuhússins varð því á endanum aðeins 49 prósent af því sem Þjóðkirkjunni bauðst fyrir fjórum árum. – gar / sjá síðu 4

## Bróðir Erlu á vitnalista setts ríkislögmanns

**GEIRFINNSMÁL** Fjöldi vitna mun gefa skýrslu við aðalmeðferð í dómsmáli sem Erla Bolladóttir hefur höfðað til ógildingar á úrskurði endurupptökunefndar sem kveðinn var upp í febrúar 2017. Meðal þeirra sem settur ríkislögmaður hyggst

**»Minnst tíu vitni gefa skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferðina sem fer fram í október.**

leiða til að gefa skýrslu eru bróðir Erlu, Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdemar Olsen. Þeir sátu allir í rúma hundrað daga í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Lögmaður Erlu mun hins vegar leiða fimm rannsakendur sem komu að rannsókn á hvarfi Geirfinns til skýrslutöku fyrir dómi. Aðalmeðferðin fer fram í október. – aá / sjá síðu 4.

## Framkvæmir stóra rannsókn á eldgosinu

**VÍSINDI** Haraldur Ólafsson veðurfræðingur er með stóra rannsókn á gosinu í Geldingadölum í burðarliðnum.

Rannsóknin verður að hluta til unnin með sama teymi og rannsakaði hafstrauma árið 2018.

Þá var flogið yfir hafsvæði á rannsóknarflugvél í þrjátíu metra hæð yfir sjávarmáli.



Haraldur Ólafsson veðurfræðingur.

Til stendur að rannsóknin á eldgosinu verði framkvæmd undir lok þessa mánaðar. Rannsóknin verður gerð í samstarfi við breska vísindamenn sem starfa á vegum the National Centre for Atmospheric Science. – þsh / sjá síðu 8






Hörður Áskelsson organisti.

# Tónlistin skyggt á kirkjustarfið

**KIRKJAN** „Ég hef á tilfinningunni að þessi mótbyr síðustu ára hafi stafað af því að yfirmönnum hafi fundist listalífið orðið of fyrirferðarmikið og að nú væri tími til kominn að draga saman seglin," segir Hörður Áskelsson, sem látið hefur af störfum sem organisti og kantor við Hallgrímskirkju eftir 39 ára starf.

Margir hafa lýst yfir vonbrigðum með þá ákvörðun sóknarnefndar að gera starfslokasamning við Hörð eftir áratuga farsælt samstarf.

„Ég hef aldrei verið á móti breytingum en mér finnst að breytingar þurfi að gera í samtali. Í Hallgrímskirkju upplifði ég síðustu árin að það fullkomna traust forráðamanna Hallgrímssafnaðar til forystu minnar sem listræns stjórnanda kirkjunnar, sem ríkt hafði um áratuga skeið, hafi farið þverrandi. Frá sumrinu 2018 var ég útilokaður frá öllum fundum hjá framkvæmdanefnd Hallgrímskirkju og síðar einnig fundum sóknarnefndar kirkjunnar" segir Hörður. Ítarlegt viðtal er við hann á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is – **þsh**

# Álfasala SÁÁ hafin



Álfasala SÁÁ hófst í gær en þetta er mikilvæg fjáröflun fyrir starfsemi félagsins og sjálfboðaliðar munu selja álfinn næstu daga. Nokkrar valkyrjur keyptu fyrstu álfana. Þar á meðal voru Eliza Reid forsetafrú, Alma Möller landlæknir, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Kristín Jónsdóttir, hópstjóri vádeildar Veðurstofunnar og Sigríður Dögg Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsugæslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ein kæra lögð fram vegna Sölva og önnur á leiðinni

**LÖGREGLA** Tvær konur hafa leitað til lögreglu vegna meints ofbeldis af hálfu Sölva Tryggvasonar fjölmiðlamanns. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem lögmaður þeirra, Kristrún Elsa Harðardóttir, sendi Fréttablaðinu, að beiðni kvennanna.

„Önnur konan hefur kært Sölva fyrir líkamsárás. Hún kveður atvikið hafa átt sér stað á heimili hennar hinn 14. mars síðastliðinn. Lögregla kom á vettvang. Farið var með Sölva á lögreglustöð og skýrsla tekin af honum þar. Síðar um kvöldið var tekin skýrsla af umbjóðanda mínum á heimili hennar," segir í yfirlýsingunni.

Hún segir aðra konu hafa leitað til sín í dag, eftir að hafa fylgst með fjölmiðlaumfjöllun síðustu daga, og beiðni um skýrslutöku til að leggja fram kæru hafi þegar verið send lögreglu.



**Kristrún Elsa Harðardóttir héraðsdómslögmaður**

Sögusagnir um meint ofbeldi Sölva fóru á flug á samfélagsmiðlum um síðustu helgi. „Ég man ekki hvort það sé fyrir sex eða sjö vikum síðan, þá leitaði ég til lögreglu af því að það var manneskja sem hótaði að rústa mannorðinu mínu," sagði Sölvi um málið í hlaðvarpsþætti sínum á þriðjudag.

Sú yfirlýsing sem send var Fréttablaðinu ber með sér að kæran sem lögð hefur verið fram varði umrætt an dag sem Sölvi vísar til, en ljóst er af henni að frásögnum konunnar og Sölva ber ekki saman. – **aá**




Golfferðir í haust

Í beinu flugi

• Jerez
• La Sella
• La Gomera

Frá 219.900 kr

Aventura GolfSaga

www.aventura.is

• Sími: 556 2000
• Sundagarðar 2 - 104 Reykjavík


# Svona mikill þurrkur býður eldhættu heim

Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur segir skelfilegt til þess að hugsa ef kvikna myndi í skógi í sumarbústaðahverfi. Garðyrkjufræðingar hafa vitað af þeirri hættu í langan tíma, enda veðurfar að breytast og jarðvegurinn þurr.

**NÁTTÚRA** „Eitt er að það brennur í Heiðmörk og það brennur skógur, sem er mjög leiðinlegt, en annað ef það kviknar í skógi í sumarbústaðahverfi. Það yrði hræðilegt," segir Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur hjá Garðyrkjuskólanum.

Varla hefur komið dropi úr lofti þetta vorið og ekkert bendir til þess að nein úrkoma verði næstu daga. Guðríður segir að veðurfarið hafi breyst og vorin séu nú yfirleitt mjög þurr.

„Svona eldur eins og varð í Heiðmörk er eitthvað sem við höfum búist við síðustu ár. Veðrið hefur breyst mikið og við höfum séð það síðustu ár að vorið hefur verið mjög þurrt. Þetta er áhyggjuefni.

Fólk þarf að fara sérstaklega varlega núna því það er svo ofboðslega þurrt. Það er mikil sina sums staðar og visnar lúpínubreiður, sem er mikill eldsmatur. Það er full ástæða fyrir alla til að fara mjög varlega á þessum tíma þannig að við lendum ekki í öðrum eldi eins og gerðist í Heiðmörk," segir Guðríður.

Hún segir að það sé auðvitað frábært fyrir mannfólkið að fá sól og blíðu og þurrt. Gróður þurfi þó sína vökvun og hún hefur litlar áhyggjur af heimaræktun og náttúrlegum gróðri. Íslenskur gróður sé vanur ýmsu enda geti verið hér frost, sól, rigning og jafnvel eitthvað verra á einum og sama deginum. „Við erum heppin að hafa góðan aðgang að vatni. Við höfum séð í nágrannalöndunum að þar hefur orðið uppskerubrestur þegar farið er inn í þurrkatíma. Vonandi erum við samt ekki að fara inn í svoleiðis.

Fyrir bændur þarf að fara að vona að það komi góð rigning því annars tefst allt þeirra, nema það sé einhver vökvunarbúnaður til eða þeir dansi hreinlega regndans," segir hún og hlær.

Guðríður bendir á að á heimasíðunni grodureldar.is séu góðar upplýsingar fyrir sumarbústaðaeigendur og Garðyrkjuskólinn haldi fræðsluerindi fyrir þá bústaðaeigendur sem séu í skógi. „Þar eru menn að skoða hvað á að vera við sumarbústaðinn til að bregðast við litlum gróðureldum. Hvaða græjur þurfa að vera til. Klöppur og aðgangur að vatni til dæmis. Við erum komin á þann stað í ræktun á Íslandi að við þurfum að vera meðvituð um svona hluti," segir Guðríður. **benediktboas@frettabladid.is**



Mjög þurrt er á landinu og varla dropi í veðurkortunum. Það brann í Heiðmörk á þriðjudag en fjöldi sumarbústaða er í skóglendi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við höfum séð í nágrannalöndunum að þar hefur orðið uppskerubrestur þegar farið er inn í þurrkatíma. Vonandi erum við samt ekki að fara inn í svoleiðis.



Guðríður Helgadóttir, garðyrkjufræðingur hjá Garðyrkjuskólanum

Reykjavík

Hugmyndaleit

# Húsnæði framtíðar með léttu vistspori



Reykjavíkurborg leitar eftir nýjum skapandi hugmyndum þar sem grænar lausnir  að íbúðarhúsnæði framtíðarinnar eru í forgrunni.

Borgin áformar að leggja til spennandi þróunarreiti í nokkrum hverfum og hvetja þannig til vistvænnar uppbyggingar.

## Grænni framtíð

**Húsnæðismál eru eitt mikilvægasta verkefni samtímans.**

Á sama tíma og mikil þörf er fyrir íbúðarhúsnæði skilur byggingariðnaðurinn eftir sig stórt kolefnisfótspor. Til framtíðar viljum við sjá grænt borgarumhverfi, sem býður upp á grænan lífsstíl í samgöngum, borgarbúskap/matjurtarækt, endurvinnslu og sorplausnum, blágrænum ofanvatnslausnum, svo dæmi séu tekin.

## Svæði í boði

**Reykjavíkurborg hefur hug á að leggja til verkefnisins lóðir á völdum svæðum í borginni.**

Þar á meðal geta lóðir á Veðurstofureit, við Arnarbakka, Suðurfell, Suðurlandsbraut og Völvufell staðið til boða fyrir verkefnið. Aðilar geta einnig bent á önnur áhugaverð svæði.

## Ertu með hugmynd?

**Reykjavíkurborg kallar eftir hugmyndum um sjálfbært og vistvænt húsnæði eða að annarri grænni umbreytingu.**

Öllum er velkomið að senda inn hugmyndir, hvort sem það er ný hugmyndafræði, ný byggingaraðferð eða blanda aðferða. Lokafrestur til þess að skila inn erindi og gögnum er 26. maí 2021. Nánari upplýsingar má finna á vef Reykjavíkurborgar.

Græna planið

Nánari upplýsingar á **reykjavik.is/husnaediframtidar**

# Klúbbmenn og rannsakendur gefa skýrslu í máli Erlu Bolladóttur

**GEIRFINNSMÁL** Fjöldi vitna mun gefa skýrslu við aðalmeðferð í máli Erlu Bolladóttur, sem krefst ógildingar á úrskurði endurupptökunefndar sem kveðinn var upp í febrúar 2017. Erla var ein dómþola í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem ekki fékk mál sitt endurupptekið, en hún var á sínum tíma dæmd fyrir rangar sakargiftir með því að hafa bendlað svokallaða Klúbbmenn við hvarf Geirfinns, þeirra á meðal Magnús Leópoldsson, Valdemar Olsen og bróður sinn, Einar Bollason.

Andri Árnason, settur ríkislögmaður í málinu, hyggst leiða þá þrjá sem vitni við aðalmeðferð málsins sem fer fram í október. Hann hyggst einnig leiða lögmanninn Láru V. Júlíusdóttur til vitnis, en hún var settur ríkissaksóknari í sérstakri rannsókn sem framkvæmd var upp úr aldamótum á tildrögum þess að

> **Settur ríkislögmaður hyggst kalla Einar Bollason, bróður Erlu, sem vitni í málinu við aðalmeðferðina.**

Magnús Leópoldsson flæktist inn í rannsókn á hvarfi Geirfinns.

Ætla má að við aðalmeðferðina muni lögmaður Erlu leitast við að varpa ljósi á að Klúbbmenn hafi verið bendlaðir við málið af lögreglunni, löngu áður en Erla og aðrir sakborningar nefndu nöfn þeirra.

Auk þeirra Magnúsar, Valdemars, Einars og Láru, sem Andri hyggst leiða sem vitni, verða nokkrir rannsakendur kvaddir fyrir dóm af hálfu Erlu. Þetta eru Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari sem var fulltrúi sýslumanns í Keflavík þegar Geirfinnur hvarf og Haukur Guðmundsson, sem var lögreglumaður í Keflavík á sama tíma. Þá verða einnig kvaddir fyrir dóm Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert Bjarnason, en þeir mynduðu rannsóknarteymi lögreglunnar í Reykjavík sem beindi sjónum að því fólki sem hlaut dóm í málinu árið 1980. Rannsóknaraðferðir þeirra hafa sætt mikilli gagnrýni, meðal annars í ítarlegri skýrslu sem skilað var til innanríkisráðherra árið 2013. **– aá**

## Fá milljónir í styrk til fræðslu og ráðgjafar

**SAMFÉLAG** Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, ákvað í gær að veita Samtökunum ‘78 fjögurra milljóna króna styrk. Styrknum verður varið til ráðgjafar og fræðslu um málefni hinsegin fólks.

Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ‘78, segir styrkinn koma sér afar vel. Samtökin séu á fimmtán milljóna þjónustusamningi hjá forsætisráðuneytinu sem dugi þó ekki fyrir þeirri þjónustu sem samtökin veiti.

Daníel segir styrkinn ætlaðan til sérstakrar ráðgjafar til transfólks, faglegrar aðstoðar til lækna og hjúkrunarfræðinga á Landspítala, aukinnar upplýsingagjafar á sviði kynheilbrigðis „og ekki síst til að sporna gegn félagslegri einangrun og verri andlegri heilsu í hópi okkar skjólstæðinga.“



**Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna ‘78**

Hjá Samtökunum ‘78 er hinsegin fólki og þeim sem ekki eru viss um kynhneigð sína veitt ráðgjöf. Daníel segir aðsókn til samtakanna hafa aukist gríðarlega síðustu ár. „Á síðustu fimm árum hefur ráðgjöfin okkar vaxið 538 prósent. Mikið af því eru jaðarhópar að koma til okkar í ráðgjöf,“ segir hann.

Í ársskýrslu samtakanna fyrir síðasta ár má sjá að á milli áranna 2019 og 2020 var 47 prósenta aukning í fjölda þeirra sem þáðu ráðgjöf hjá Samtökunum ‘78, á síðasta ári voru þau 506 talsins. Að meðaltali kemur hver viðmælandi tvisvar sinnum í ráðgjöf. Alls voru veitt 1.115 viðtöl árið 2020.

Aðspurður um ástæðu þessarar aukningar segir Daníel: „Ástæðan er aukin umræða og aukin vitundarvakning.“ **– bdj**

# Boðin 921 milljón króna en seldu Kirkjuhús á 451 milljón

**Þjóðkirkjan hafnaði 921 milljónar króna tilboði í Kirkjuhúsið á Laugavegi árið 2017 að tillögu biskups, sem kvað tilboð ekki uppfylla væntingar. Kirkjan seldi eignina síðan í fyrra á 451 milljón króna eða fyrir helmingi lægra verð. Ekki var einhugur um að selja fyrr en í fyrra, segir samskiptastjóri Þjóðkirkjunnar.**



Segja má að Þjóðkirkjan hafi tapað á selja ekki árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FASTEIGNIR** Húsið á Laugavegi 31 var selt í október síðastliðnum á 451 milljón króna, til félagsins SF Invest. Þremur og hálfu ári áður hafði Þjóðkirkjan hafnað tilboðum í húsið sem voru á bilinu 800 til 921 milljón króna.

Þannig má segja að Þjóðkirkjan hafi selt Laugaveg 31, sem fólk þekkir sem Kirkjuhúsið, fyrir innan helming þess verðs sem í boði var í febrúar 2017. Kirkjuráð hafnaði fyrir um fjórum árum tilboðum sem bárust í húsið. „Á þeirri forsendu að þau uppfylli ekki þær væntingar sem lagt var upp með varðandi söluna,“ að því er sagði í tillögu frá forseta kirkjuráðs, Agnesi Sigurðardóttur biskupi.

„Ég harma þá afstöðu meirihluta kirkjuráðs að greiða atkvæði með tillögu forseta kirkjuráðs að hafna þar með fyrirliggjandi og mjög ásættanlegu kauptilboði,“ bókaði Stefán Magnússon, annar af tveimur fulltrúum leikmanna í kirkjuráði þegar tilboðum var hafnað.

Pétur Markan, upplýsingafulltrúi Þjóðkirkjunnar, bendir á að óformlegar umræður um sölu á Laugavegi 31 hafi staðið yfir í mörg ár og jafnvel í áratugi og skoðanir verið skiptar. Húsið hafi fyrst farið í formlegt söluferli á árinu 2019.

„Þar skiptir máli sú staðreynd að Biskupsstofa var komin með starfsemi sína í Katrínartún 4,“ segir Pétur. Eignin hafi síðan verið seld á grundvelli tilboða sem þá hafi legið fyrir.

„Hvað þetta mál varðar er augljóst að ekki var einhugur um málið eins og ferlið blasir við mér, fyrr en árið sem eignin var seld,“ segir Pétur. Umræður í fortíðinni um eignina hafi endurspeglað ólíkar forsendur fólks sem hafði ólíkar hugmyndir. „Kannski er vandamálið það að kauptilboð bárust og komu jafnvel til umræðu án formlegra ákvarðana um sölu.“

Í janúar 2015 barst óformlegt 510 milljóna króna tilboð í Laugaveg 31 frá fasteignafélaginu Regin, sem haustið áður hafði átt í viðræðum við kirkjuna um mögulega leigu á Ármúla 4 undir Biskupsstofu. „Við teljum það hagkvæman kost fyrir Biskupsstofu að selja Regin eign sína að Laugavegi og leigja hjá félaginu góða og vel staðsetta eign að Ármúla 4,“ sagði í tilboði Regins.

Nokkur tilboð bárust síðan í febrúar 2017. M3 Capital ehf. bauð þá 921 milljón króna. Tilboðið fól í sér að greiddar yrðu 50 milljónir strax og afganginn þegar eignin yrði afhent tæpu ári síðar, 1. febrúar 2018.

Eik fasteignafélag gerði einnig tilboð í febrúar 2017. Hljóðaði það upp á 802 milljónir króna. Af kaupverðinu áttu 642 milljónir að greiðast við undirritun og 160 milljónir við afhendingu sem yrði þremur mánuðum síðar.

> **Kannski er vandamálið það að kauptilboð bárust og komu jafnvel til umræðu án formlegra ákvarðana um sölu.**
>
> Pétur Markan, samskiptastjóri Þjóðkirkjunnar



Fasteignafélagið Reginn sendi sömuleiðis inn tilboð í febrúar og var það miklum mun hærra en tilboðið frá því tveimur árum fyrr. Var það með þremur upphæðum sem miðuðu við mismunandi afhendingartíma. Upphæðirnar voru frá 650 til 800 milljóna króna.

Það var síðan SH Invest sem bauð 474 milljónir króna í Kirkjuhúsið í fyrrahaust. Eftir úttekt kom fram að húsið var ríflega 150 fermetrum minna en auglýst var og samþykkti kirkjuráð að selja á 451 milljón króna.

Söluverð Kirkjuhússins varð því á endanum aðeins 49 prósent af því sem Þjóðkirkjunni bauðst fyrir fjórum árum. Þess má geta að verð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði þess utan um 19 prósent frá því fyrri tilboðunum var hafnað þar til húsið var selt í fyrrahaust. **gar@frettabladid.is**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep




# Hjálpaðu okkur að bjarga mannslífum

Bakverðir standa við bakið á sjálfboðaliðum okkar með mánaðarlegum stuðningi og gera þeim kleift að vera til taks þegar á þarf að halda, á nóttu sem degi, allan ársins hring.

**Vertu Bakvörður Landsbjargar** — **landsbjorg.is**



Hertar aðgerðir munu taka gildi á landamærum Íslands á morgun.

## Tvö lönd á lista yfir lágáhættu

**COVID-19** Skilgreining viðmiða sem ákvarða hvort lönd eða svæði teljast til háhættusvæða hefur verið endurskoðuð. Til viðbótar viðmiðum um nýgengi smita verður bætt við skilyrði um hlutfall jákvæðra sýna.

Skilgreining háhættusvæða hefur áhrif á hverjir þurfa að sæta sóttkví í sóttvarnahúsi við komuna til Íslands. Ný auglýsing sem birtir lista yfir þau lönd sem teljast til háhættusvæða tekur gildi á morgun.

Verulega fjölgar á lista yfir lönd sem skilgreind eru sem háhættusvæði. Meginástæðan er sú að á listann bætast lönd sem eru með nýgengi smita undir 500, en hlutfall jákvæðra sýna sem er 5% eða hærra.

Farþegar frá Færeyjum verða undanþegnir sóttvarnaaðgerðum frá og með 10. maí og þurfa hvorki að framvísa vottorðum né sæta sýnatöku og sóttkví. Þetta á þegar við um farþega frá Grænlandi. Þessi tvö lönd, eru ein landa, á lágáhættulista sóttvarnalæknis. **– hó**

## Donald Trump gæti mætt aftur

**BANDARÍKIN** Samskiptamiðillinn Facebook getur haldið áfram að koma í veg fyrir að Donald Trump, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hafi reikning á miðlinum.

Þessa ákvörðun ber hins vegar að endurskoða innan sex mánaða. Þetta kom fram í úrskurði eins konar dómstóls, sem er á vegum Facebook.

Trump var bannaður frá Facebook fyrir að hvetja til mótmæla á bandarískri grundu í upphafi þessa árs..

Þessi endurskoðun á einnig við um reikning Trumps á Instagram þar sem hann var með um það bil 60 milljón fylgjendur. **– hó**

# Talið líklegt að brjóstamjólk móður beri mótefni til barns

**Ragnheiður Bachmann ljósmóðir segir að konur með barn á brjósti ættu að þiggja bólusetningu líkt og aðrir. Þá sé líklegt að mótefni berist í mjólkina og til barns í móðurkviði líkt og í öðrum bólusetningum. Ákveðið hefur verið að bólusetja þungaðar konur með mRNA-bóluefnum frá Pfizer og Moderna.**

**COVID-19** „Konur með barn á brjósti ættu að þiggja bólusetningu eins og aðrir,“ segir Ragnheiður Bachmann, ljósmóðir á mæðravernd Þróunarstofu heilsugæslunnar, í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Á vef Heilsugæslunnar segir að ekkert bendi til þess að Covid-19 geti borist í brjóstamjólk, sé móðir smituð af veirunni. Gæta þurfi þó sérstakrar varúðar við brjóstagjöf og umönnun barnsins sé móðirin með Covid-19. Gott sé að bera maska og að alltaf skuli þvo hendur fyrir gjöf.

Aðspurð hvort börn á brjósti fái vörn gegn Covid-19 í gegnum brjóstamjólk sé móðirin bólusett, segir Ragnheiður það líklegt líkt og gerist við flestar aðrar bólusetningar. „Við vitum að mörg mótefni fara yfir í brjóstamjólkina,“ segir hún.

„Það er einn af þeim kostum sem hún [brjóstamjólk] hefur. Það hefur lengi verið vitað að hún verndar og styrkir margt í heilsufari og líðan ungbarna,“ segir Ragnheiður. „Margt af því er líklega börnunum mun mikilvægara en möguleg vörn gegn Covid. Svo það er alltaf ástæða til að mæla með henni fyrir ungbörnin,“ bætir hún við.

Ákveðið hefur verið að þungaðar konur hér á landi verði bólusettar með mRNA-bóluefni, sem bóluefnin frá Moderna og Pfizer eru bæði. Á vef Embættis landlæknis kemur fram að góð reynsla sé af notkun slíkra efna fyrir þungaðar konur. Mælt er með að bólusetja barnshafandi konur á öðrum eða þriðja þriðjungi meðgöngu en ekki á þeim fyrsta því þá sé líffæramyndun í hámarki.

Hér á landi hafa þungaðar konur ekki verið tilgreindar í áhættuhóp vegna Covid-19, en þær konur sem eru barnshafandi og tilheyra forgangshópum sem þegar hafa verið bólusettir hafa getað þegið bólusetningu þrátt fyrir þungun. Mismunandi er eftir löndum hvort barnshafandi konur tilheyri forgangshópi eða ekki. Í einstaka löndum hefur verið tekin ákvörðun um að bólusetja ekki þungaðar konur.



Liðandi vika er stærsta vikan í bólusetningum hér á landi en stefnt er að því að bólusetja um 40 þúsund manns á landsvísu 3. til 9. maí. Nú þegar hafa 115 þúsund manns fengið minnst einn skammt af bóluefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ákveðið hefur verið þungaðar konur hér á landi verði bólusettar með mRNA-bóluefni, sem bóluefnin frá Moderna og Pfizer eru bæði.**

Ragnheiður segist mæla með því að þungaðar konur sem séu í aukinni hættu á að smitast vegna til dæmis vinnu sinnar eða séu í aukinni hættu á að veikjast illa ef þær smitist, íhugi að þiggja bólusetningu. Þá segir hún ekki ólíklegt að vörn gegn veirunni berist til barnsins í gegnum móðurina.

„Við bólusetningu er ónæmiskerfið virkjað til að mynda mótefni,“ segir Ragnheiður. „Það er vitað um bóluefni almennt, sem hafa verið notuð í langan tíma, að mótefni fara yfir fylgju á meðgöngu og veita ófæddа barninu einhverja vörn sem varir í einhvern tíma eftir fæðingu,“ bætir hún við. Þá segir Ragnheiður þessa vitneskju meðal annars grunninn að því að öllum konum sé boðin bólusetning gegn kíghósta á meðgöngu.

„Það er líklegt að svipað gerist eftir bólusetningu gegn Covid. Rannsóknir sem eru gerðar og verða gerðar á þessu munu leiða í ljós hvort svo sé,“ segir Ragnheiður.

Stefnt er að því að bólusetja um 40 þúsund manns um land allt í þessari viku, sem er sú stærsta í bólusetningum hér á landi hingað til. **birnadrofn@frettabladid.is**


**Rannsóknasjóður**
Umsóknarfrestur **15. júní**

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2022. Umsóknarfrestur rennur út 15. júní 2021, kl. 15:00.**

Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel reglur Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2022 áður en hafist er handa við gerð umsóknar.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar og aðgang að rafrænu umsóknarkerfi má nálgast á **www.rannis.is**.

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

rannís
www.rannis.is


## Berjarunnamálið á dagskrá í dag

**SKIPULAG** „Það er ekki hægt að líta aðstæður berum augum án þess að sjá fáránleikann. Það verður nú að tryggja fólki það lágmarks frelsi að geta ráðið heimili sínu,“ segir Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, en á fundi borgarráðs í dag verður tekið fyrir berjarunnamálið í Vogabyggð.

Íbúum er skylt að setja grasblett og berjarunna í 10 fermetra sérafnotareit. Guðmundur Heiðar Helgason, íbúi í Vogabyggð, vakti athygli á málinu í desember og hefur barist gegn forræðishyggju borgarinnar. Hann hefur boðið borgarfulltrúm í kaffi til að kíkja til sín og þáði Hildur kaffiboðið.

„Berjarunninn í Vogabyggð er skýr birtingarmynd opinberra afskipta sem hafa keyrt um þverbak. Að meirihluti borgarstjórnar telji réttmætt að hafa afskipti af því hvernig íbúar útfæra sólpalla eða aðra sérafnotareiti er auðvitað yfirgengilegt. Hvað þá heldur að gerð sé krafa um nákvæmar gróðurtegundir innan lóða,“ segir Hildur.



Guðmundur við sérafnotareitinn þar sem borgin skipar honum að hafa gras og berjarunna. Borgarráð mun fjalla um málið í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hún bendir á að kerfið þurfi að vera nægilega sveigjanlegt til að geta brugðist við atriðum sem hljómuðu kannski skynsamlega á teikniborðinu en eru fráleit í framkvæmd.

Guðmundur tekur undir þau sjónarmið. „Ég er búinn að senda borgarfulltrúunum jákvæða strauma og vonandi setti heimsóknin sem ég fékk frá fulltrúa meirihlutans hlutina í samhengi. Að þetta var gott á pappír en vonlaust í framkvæmd. Ég mun fylgjast vel með fundinum og vona það besta,“ segir Guðmundur.

Taka átti málið til endanlegrar afgreiðslu borgarráðs á fundi 15. mars en Hildur fór fram á frestun málsins meðan meirihlutinn kynnti sér aðstæður á vettvangi. **– bb**


CHANEL
COCO MADEMOISELLE
COCO
MADEMOISELLE
CHANEL
PARIS
EAU DE PARFUM
CHANEL DAGAR Í HAGKAUP 6.-12. MAÍ
KYNNTU ÞÉR GLÆSILEGAR NÝJUNGAR FRÁ CHANEL
Í KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GARÐABÆ OG Á AKUREYRI.
20% AFSLÁTTUR
HAGKAUP
Snyrtivara

# Undirbýr stóra rannsókn á eldgosinu

**Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur, undirbýr rannsókn á gosinu í Geldingadölum sem verður að hluta til unnin með sama teymi og rannsókn á hafstraumum sem gerð var 2018. Þá var flogið yfir hafsvæði á rannsóknarflugvél í þrjátíu metra hæð yfir sjávarmáli.**

**VÍSINDI** Haraldur Ólafsson veðurfræðingur mun framkvæma rannsókn á eldgosinu í Geldingadölum í lok maí, í samstarfi við breska vísindamenn á vegum the National Centre for Atmospheric Science.

„Við ætlum að setja upp mæla í kringum gosið til þess að mæla ýmis gös og lofttegundir. Við erum sérstaklega að hugsa um koltvísýring, hvað kemur upp af honum og hvernig hann dreifist,“ segir Haraldur.

„Þetta er spennandi, þá fær maður svona eins konar bókasafn. Bæði um það hvernig gösin dreifast, upp á hættu í kringum gosið, og svo fær maður líka mat á því hvað kemur upp í andrúmsloftið almennt í svona eldgosi. Þannig að þetta er svona tvenns konar, annars vegar þessi staðbundnu áhrif og svo hins vegar þetta hnattræna,“ segir Haraldur.

Rannsóknin verður að hluta til unnin með sama teymi og vann með Haraldi að umfangsmikilli rannsókn á hafstraumum, sem framkvæmd var hér á landi árið 2018. Þá var flogið yfir hafsvæði fyrir vestan, suðvestan og norðan Ísland á sérstakri breskri rannsóknarflugvél til að safna gögnum.

„Það hefur verið safnað óskaplega miklu af gögnum í þessum flugum. Þau eru svo notuð til þess að stilla reiknilíkön sem eru notuð til að reikna hafstrauma, veður og ísmyndun. Það er enn þá verið að nota þessi gögn og það verður gert í mörg, mörg ár,“ segir Haraldur og bætir við að doktorsstúdentar víða um heim leiti í þessi gögn fyrir rannsóknarverkefni sín.




Fyrir miðri mynd sjást Haraldur Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur á Veðurstofunni, áður en þau leggja í rannsóknarflug ásamt tveimur breskum vísindamönnum. MYND/AÐSEND

Haraldur lýsir fluginu í hafstraumarannsókninni sem hálfgerðri ævintýramennsku.

„Það var flogið mjög lágt, í þrjátíu til fimmtíu metra hæð yfir sjávarmáli. Það lá við að öldurnar skyllu á vængjunum, þetta var dálítið magnað. Eftir á að hyggja var þetta náttúrlega hálfgert brjálæði, maður hefði getað lent á borgarís og ég veit ekki hverju. Það hefði verið glæsilegt að fórna sér svona fyrir vísindin,“ segir Haraldur kíminn.

Hann segir markmiðið með því að fljúga niður við yfirborð sjávar vera það að mæla varmaflæðið upp úr sjónum. Hversu mikil varmaorka losni og hversu mikill raki komi upp við ólíkar veðuraðstæður. Hægt sé að framkvæma slíkar mælingar með skipum en flugvélar skili miklu betri gögnum á miklu skemmri tíma.

„Það er hægt að setja þetta á skip en skipin trufla loftstrauminn svo rosalega mikið og það nást aldrei eins góðar mælingar frá skipi og frá flugvél. Flugvél er bara með þetta í vængjunum og í nefinu og flýgur yfir allt svæðið á klukkutíma, þannig að maður getur kortlagt allt svæðið á mjög stuttum tíma. En ef maður er með skip þá kortleggur maður eitt prósent af svæðinu á þessum klukkutíma og fær þar að auki mælingar sem maður trúir ekki alltaf út af aðstæðum á skipinu,“ segir Haraldur.

> **Eftir á að hyggja var þetta náttúrlega hálfgert brjálæði, maður hefði getað lent á borgarís og ég veit ekki hverju. Það hefði verið glæsilegt að fórna sér svona fyrir vísindin.**
>
> Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands

Hann segir svona mælingar skila mjög háum tölum vegna þeirra miklu orkuskipta sem eigi sér stað á yfirborði sjávar.

„Þegar kemur ískalt loft af hafísnum yfir sjóinn, þá kemur alveg svakaleg kólnun á sjóinn og svakaleg hlýnun á loftið og þarna verða mikil orkuskipti. Þá kólnar sjórinn og dettur niður og þá verður mikill hræringur ofan í hafinu. Ef hafísinn fer, þá hætta þessir atburðir eða þeim fækkar,“ segir Haraldur og bætir við að slíkar mælingar geti meðal annars nýst til rannsókna á yfirvofandi breytingum Golfstraumsins sem mikið hefur verið fjallað um í vísindasamfélaginu undanfarið. **thorvaldur@frettabladid.is**


NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR
SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR
LAND ROVER


LAND ROVER Defender 110 240D 35" BREYTTUR
Nýskr. 10/2020, ekinn 11 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 14.490.000 kr.
Rnr. 420657.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED


LAND ROVER Discovery 5 SE 240D
Nýskr. 8/2018, ekinn 78 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 9.990.000 kr.
Rnr. 147668.


RANGE ROVER Evoque S 150D
Nýskr. 4/2017, ekinn 67 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 5.690.000 kr.
Rnr. 420617.


RANGE ROVER Sport HSE Dynamic P400e
Nýskr. 6/2019, ekinn 23 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 13.490.000 kr.
Rnr. 420648.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED


JAGUAR F-PACE 180D Prestige
Nýskr. 5/2018, ekinn 15 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 8.290.000 kr.
Rnr. 147995.


JAGUAR I-PACE S EV400
Nýskr. 9/2019, ekinn 15 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 8.990.000 kr.
Rnr. 147945.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED


RANGE ROVER Vouge P400e
Nýskr. 5/2019, ekinn 25 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 16.890.000 kr.
Rnr. 420653.


RANGE ROVER Vouge TDV6
Nýskr. 1/2017, ekinn 76 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 14.490.000 kr.
Rnr. 147972.

ENNEMM / SÍA / NM005252

APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED
Allir bílar sem merktir eru APPROVED hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

# Vatnaskil fram undan á álmarkaði

**Strangari umhverfiskröfur í Kína og sterk innlend eftirspurn munu snúa taflinu við þegar kemur að útflutningi Kína á áli, en landið er nú talið munu verða nettó innflytjandi áls á ný. Hrávörur framleiddar með mengandi orkugjöfum beri tolla innan ESB.**

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is





Samkeppnishæfni evrópsks áliðnaðar gæti batnað mjög á næstu árum þegar tollar verða lagðir á innflutta, mengandi framleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að því er virðist linnulaus framleiðsluaukning á áli í Kína á síðastliðnum árum er líklegast komin að endastöð, að minnsta kosti um sinn. Landið verður nettó innflytjandi áls á þessu ári og því næsta hið minnsta, sem þýðir að sá mikli þrýstingur sem hefur verið á álverði á undanförnum árum mun minnka talsvert.

Þetta er mat Eoin Dinsmore, sérfræðings hjá greiningarfyrirtækinu CRU, sem er leiðandi á heimsvísu í greiningum á mörkuðum með hina ýmsu málma, þar á meðal ál. Dinsmore er meðal frummælenda á ársfundi Samáls, sem streymt verður á vefsíðu samtakanna þriðjudaginn 11. maí næstkomandi.

Um það leyti sem heimsfaraldurinn hafði læst klónum í nánast alla heimsbyggðina í mars á síðasta ári, hrundi álverð niður í lægðir sem ekki höfðu sést um árabil. Síðan þá hefur heimsmarkaðsverðið hækkað um meira en 70 prósent samkvæmt gögnum frá LME-kauphöllinni.

„Verðhækkanirnar hófust af miklum krafti í apríl á síðasta ári. Kína var einna fyrsta ríkið til að keyra sitt hagkerfi aftur í gang eftir að allt stöðvaðist og áleftirspurn þar var strax farin að aukast hratt á fyrri hluta síðasta árs. Þegar myrkasti tími faraldursins var yfirstaðinn á síðasta ári fór öll heimsbyggðin loks að sjá til lands út úr faraldrinum sem studdi frekar við álverðið. Svo má einnig nefna veikari Bandaríkjadal og stórtækar aðgerðar seðlabanka heimsins, sem studdu mjög við verð á mörgum hrávörum. Eftir fjármálakreppuna drógu seðlabankar þann lærdóm að gera frekar meira en minna,“ segir Dinsmore.

**Taka mengun fastari tökum**

Hann bætir því við að undir lok síðasta árs hafi æ meiri athygli beinst að mikilli losun Kína á gróðurhúsalofttegundum, en stór hluti áliðnaðar þar í landi nýtir raforku sem framleidd er með brennslu kola, sem er ein mest mengandi aðferð til raforkuframleiðslu sem til er.

Dinsmore bendir á að stefnumótun kínverskra stjórnvalda gagnvart losun gróðurhúsalofttegunda hafi breyst hratt að undanförnu. Ákveðnum álframleiðendum þar í landi hafi verið skipað að draga úr framleiðslu vegna mengunar sem tengist raforkuframleiðslunni sem þeir nýta. „Í dag er erfiðara að byggja og reka kolaraforkuver í Kína en verið hefur,“ segir hann.

Breyting á vöruskiptamynstri áls í Kína helgast þó ekki eingöngu af breyttum viðmiðum í umhverfismálum. Eftirspurn sé einfaldlega það sterk þar í landi um þessar mundir að framleiðendur sjá hag sinn vænstan í því að selja sína framleiðslu innanlands, enda verð oftar en ekki hærra þar en á öðrum mörkuðum að undanförnu.

**ETS ýtir upp orkuverði**

Mengunareiningar á ETS-markaði Evrópusambandsins hafa rokið upp í verði að undanförnu, sem þýðir að sífellt dýrara verður að losa kolefni í Evrópu. Á síðasta ári fór verðið í fyrsta sinn yfir 30 evrur á tonnið og fyrr í þessari viku fór verðið svo yfir 50 evrur. Markmið kerfisins var að gera mengun svo dýra að orkuframleiðsla og frumiðnaður í Evrópu neyddist til að skipta yfir í grænni lausnir. Ein afleiðingin hefur hins vegar verið sú að iðnaður hefur færst til landa þar sem umhverfismál eru ekki tekin sömu föstu tökum og í Evrópu, til að mynda til Kína. Er þessi þróun jafnan kölluð kolefnisleki.

> **Í dag er erfiðara að byggja og reka kolaraforkuver í Kína en verið hefur.**
>
> Eoin Dinsmore, sérfræðingur á hrávörumarkaði



„Ef við lítum á kostnaðarkúrfu áliðnaðar í heiminum, þá njóta þeir framleiðendur sem hafa lægsta raforkuverðið mestrar samkeppnishæfni. ETS-kerfið hefur ýtt upp raforkuverði almennt í Evrópu, þrátt fyrir að raforkukerfið sé alltaf að verða grænna. Enda er það dýrasta raforkuframleiðslan sem setur verðið. Í tilfelli Evrópu eru það þá kolaorkuverin, sem þurfa að kaupa ETS-einingar til að halda áfram sinni framleiðslu. Eftir því sem ETS-verðin hækka, fylgir raforkuverðið með. Af þessum sökum hafa mörg ríki gripið til þess að endurgreiða ETS-kostnað til fyrirtækja í frumiðnaði, séu þau að nýta endurnýjanlega orku til sinnar framleiðslu, enda rímar raforkukostnaður þeirra ekki alltaf við raunverulega mengun sem hlýst af framleiðslunni,“ segir Dinsmore.

Þessar endurgreiðslur eru til að mynda framkvæmdar til áliðnaðar í Noregi sem framleiðir nánast eingöngu endurnýjanlega raforku líkt og Ísland.

**Kolefnislandamæri rísa**

Í næsta mánuði mun framkvæmdastjórn ESB kynna til sögunnar tillögur að nokkurs konar kolefnislandamærum (e. carbon border adjustment mechanism). Í þeim felst að hrávörur sem framleiddar eru utan aðildarríkja sambandsins fyrir atbeina mengandi raforku muni bera háa tolla. „Með þessu er Evrópa að segja: Ef þið ætlið að selja ykkar vörur á þessum markaði þurfið þið að borga það sama fyrir mengunina og fyrirtækin hér gera,“ útskýrir Dinsmore.

Talið er líklegt að þetta nýja fyrirkomulag muni taka gildi eftir 18 til 24 mánuði, en fyrsta kastið mun það taka til sements og stáls, en líklega áls líka.

Dinsmore bendir á að alþjóðleg viðskipti með ál séu mjög umfangsmikil og því myndu hin svokölluðu kolefnislandamæri hafa mikið að segja um samkeppnishæfni evrópskra álframleiðenda.




## Vilja 3,8 milljarða vegna Kirkjusands

Íslenskir aðalverktakar krefja 105 Miðborg slhf. og Íslandssjóði, dótturfélag Íslandsbanka, um 3,8 milljarða króna fyrir þjónustu sem verktakafyrirtækið telur sig hafa veitt í tengslum við uppbyggingu fasteigna á Kirkjusandi við Sæbraut. Þetta kemur fram í nýbirtu árshlutauppgjöri Íslandsbanka.

105 Miðborg slhf. er sérhæfður sjóður í rekstri og stýringu Íslandssjóða. Sjóðurinn heldur utan um uppbygginguna á Kirkjusandi, stórum þéttingarreit í Reykjavík. Hluthafar þess eru tíu íslenskir lífeyrissjóðir, fimm vátryggingafélög og ellefu fagfjárfestar.

Sjóðurinn gerði samning við Íslenska aðalverktaka í lok árs 2017 um uppbyggingu á reitnum en í febrúar síðastliðnum var samningnum rift. Ástæðan mun hafa varðað tafir á afhendingu einstakra verkþátta af hálfu verktakafyrirtækisins og að byggingum hafi ekki verið skilað í ásættanlegu ásigkomulagi.



Framkvæmdir á Kirkjusandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fyrir þremur dögum stefndu Íslenskir aðalverktakar 105 Miðborg og Íslandssjóðum, og gerir verktakafyrirtækið kröfu um greiðslu 3,8 milljarða króna. 105 Miðborg hafnar kröfunni og undirbýr nú gagnmálsókn.

Í yfirlýsingu sem verktakafyrirtækið sendi frá sér í byrjun mars sagði að félagið liti svo á að verkkaupi, það er 105 Miðborg, hefði átt að greiða fyrir hluta verksins sem var utan samnings en einnig ætti að taka tillit til þess í uppgjöri milli aðila að utanaðkomandi þættir eins og Covid-19 hefðu haft áhrif á framvinduna. – þfh

# Einfalt og þægilegt!

Fast-fix sturtuklefi
með smellukerfi,
engar skrúfur,
ekkert sílikon



## Sturtuklefi

80x80 cm

94.500 kr.-

*blöndurnartæki fylgja ekki

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað

INNRÉTTINGAR & TÆKI


Hrafnabjörg er fallega formað fjall í mögnuðu umhverfi. Hér sést Skjaldbreiður til vinstri og Kálfstindar til hægri. MYND/ÓMB

# Hrafnaþing ofan Þingvalla

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Fáir fuglar koma jafn oft fyrir í íslenskum þjóðsögum og hrafninn, enda talinn spáfugl og oftar en ekki illur fyrirboði. Allir kannast við biksvartan krumma, enda algengur staðfugl um allt land og langstærstur íslenskra spörfugla. Því kemur ekki á óvart að nafn hans komi oft fyrir í íslenskum örnefnum. Eitt slíkt er fjallið Hrafnabjörg austan Þingvallavatns; klettum klæddur stapi sem gnæfir yfir umhverfið og nær mest 763 m hæð. Þarna sést oft til hrafna, ekki síst á veturna þegar þeir hópast saman, jafnvel í tugum, og leggja á ráðin. Kallast það hrafnaþing, sem síðar hefur verið yfirfært á mannamót. Nafngiftin er komin úr þjóðsögu sem segir að hrafnaþing eigi sér stað á haustin og skipi hrafnarnir sér tveir og tveir niður á bæi í leit að einhverju ætilegu.

Ganga á Hrafnabjörg tekur 3-4 klst. og hentar vel fyrir alla aldurshópa. Auðveldast er að hefja gönguna við vörðu sem kallast Bragabót og er ekið að henni af svokallaðri Gjábakkaleið, gamla veginum milli Þingvalla og Laugarvatns. Við fjallið Stóra-Dímon er fylgt 3 km slóða norður að bílastæði við vörðuna. Þaðan liggur stikuð gönguleið yfir mosavaxið Þjófahraun og eru fallegir gígar og hraunmyndanir á leiðinni. Gangan að rótum Hrafnabjarga tekur tæpa klst. en síðan taka við brekkur suðaustanmegin í fjallinu og er stefnan tekin í norður á hæsta tindinn. Þar sést yfir Þingvallavatn en einnig Hengilssvæðið, Esju, Skálafell, Botnssúlur, Ármannsfell, Ok, Þórisjökul og Skjaldbreið. Í vestur sést í Kálfstinda og á góðum degi glittir í Vestmannaeyjar. Á leiðinni heim er tilvalið að krækja norður og austur fyrir Þjófahnúk (684 m), sem ekki er langt undan, og eftir það stefnt í suðvestur að Bragabót. Á veturna og snemma vors er tilvalið að ganga þessa leið á ferðaskíðum, t.d. af Gjábakkaleið eða frá Þingvallavegi. Hentugast er að skilja skíðin eftir við rætur Hrafnabjarga og ganga þaðan á hátindinn. Krummar geta skotið upp kollinum og bjóða jafnvel til hrafnaþings – steinsnar frá völlunum þar sem Alþingi var stofnað 930, kristnitakan átti sér stað í kringum árið 1000 og þar sem við lýstum yfir sjálfstæði okkar 17. júní 1944. Þessir hrafnar eru tæplega slæmir forboðar á fjalli sem er svo nálægt heilagasta stað íslenskrar sögu.



Fókus á hjarta landsins


Nágrenni Hrafnabjarga hentar einkar vel fyrir ferðaskíði. MYND/TG


Af tindi Hrafnabjarga er frábært útsýni í allar áttir. Hér er horft yfir að Þjófahnjúk og Kálfstindum. MYND/TG






**GOLDEN GATE ATR** – herra
Verð 26.995 kr.



**NEUTRON 2**– dömu
Verð 29.995 kr.



**NEUTRON 2** – herra
Verð 29.995 kr.



**GOLDEN GATE ATR** – dömu
Verð 26.995 kr.



**PROTON XT GTX** – dömu
Verð 35.995 kr.



**PROTON XT GTX** – herra
Verð 35.995 kr.



**GOLDEN GATE ATR** – dömu
Verð 26.995 kr.



**RIBELLE RUN**– dömu
Verð 29.995 kr.



**RIBELLE RUN**– herra
Verð 29.995 kr.

Kringlan 7 I Laugavegur 11 I S: 510 9505 I fjallakofinn.is

# Hrósið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sóttvarnayfirvöld og stjórnvöld hafa örugglega gert ýmis mistök þegar kemur að sóttvarnaaðgerðum. Stundum hefur verið farið of geyst í að setja höft og viðhalda þeim en í öðrum tilvikum hefði hugsanlega mátt ganga eitthvað lengra. Ekki er þó ástæða til að velta sér sérstaklega upp úr þessu nú um stundir. Allt hefur sinn tíma. Stundum er tími til að skammast út í eitt og annað og stundum er tími til að láta það vera. Stundum er meira að segja tími til að hrósa.

Hrósið gleymist of oft í samtíma þar sem jafnvel er farið að líta á önuglyndi sem sérstaka dyggð. Allavega sperra ansi margir eyrun af áhuga þegar hinir fjölmörgu nöldrarar landsins tjá skoðanir sínar á samfélagsmiðlum. Því miður eru þeir þannig innréttaðir að þeir þurfa að hafa skoðanir á öllum sköpuðum hlutum og telja það varða þjóðarhag að þeim sé rækilega komið á framfæri. Sumir þessara nöldrara eru jafnvel landsþekktir og því er talin ástæða til að gera skoðunum þeirra rækileg skil á netsíðum fjölmiðla. Hinir svokölluðu „virkir í athugasemdum“, sem flestir geta flokkast sem atvinnunöldrarar, koma svo sínum sjónarmiðum á framfæri á þessum sömu síðum. Sá sem síðan les fréttina og athugasemdir undir henni fær rækilega á tilfinninguna að stór hluti landsmanna þjáist af grasserandi reiði út í allt og alla.

Það er kannski ekkert óskaplega gaman að lifa á Covid-tímum, en varla svo leiðinlegt að ástæða sé til að vakna alla daga í fýlukasti. Yfir ýmsu má gleðjast, eins og til dæmis því hversu vel bólusetningar hafa gengið og hversu viljugir landsmenn eru til að mæta í þær. Á sama tíma er í ýmsum skúmaskotum rekinn linnulaus áróður gegn bólusetningum og röngum staðhæfingum otað fram og þær endurteknar hvað eftir annað eins og þær séu sannleikur. Þjóðin er sögð vera í hlutverki tilraunadýra sem læknavísindin séu að gera ábyrgðarlausar tilraunir á. Afar sjaldgæfar aukaverkanir eru blásnar upp og stórkostleg hætta sögð fylgja því að vera bólusettur. Þetta er söngl hjáróma radda sem þjóðin hefur alls engan áhuga á að hlusta á. Fjöldinn sem streymir í Laugardalshöll er sönnun þess.

Það ætti ekki að vera sérstök lífsreynsla að vera bólusettur. Á þessum tímum er það nú samt þannig, einfaldlega vegna þess að skipulag þeirra bólusetninga sem fara fram í Laugardalshöll er á þann veg að fjarska auðvelt er að fyllast lotningu. Þar er unnið hratt en um leið af öryggi og nákvæmni. Fyrir fram hefði verið erfitt að ímynda sér að bólusetning þúsunda manna á einum degi gæti gengið svo vel og skipulega fyrir sig. Hver sá sem stígur inn í Laugardalshöll til að fá bólusetningu hlýtur að dást að því fólki sem þar skilar vinnu sinni svo frábærlega. Svo sannarlega má klappa fyrir þríeykinu þegar það mætir í bólusetningu, en starfsmennirnir sem sjá um framkvæmdina eiga svo einnig skilið margföld húrrahróp. Um það hljóta allir að vera sammála, einnig atvinnunöldrararnir.

**Hver sá sem stígur inn í Laugardalshöll til að fá bólusetningu hlýtur að dást að því fólki sem þar skilar vinnu sinni svo frábærlega.**

## Halldór




**Skiltagerð og merkingar**
XPRENT
Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðaðu þjónustuna sem er í boði.




www.xprent.is
Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

## Frá degi til dags

**Dyravörðurinn**

Kolbeinn Óttarsson Proppé freistar þess nú að verja þingsæti sitt í Reykjavík í forvali Vinstri grænna eftir að hafa farið erindisleysu í Suðurkjördæmi. Önnur ögurstund Kolbeins á stuttum tíma rennur upp á miðnætti þegar Reykjavíkurforvalinu lýkur. Hann minnti því á Facebook á að klukkan tifar og lét þess getið að á kjörtímabilinu væri hann stoltastur af Ráðgjafarstofu innflytjenda. Hins vegar hafi hann orðið þess var að fólk muni helst eftir honum gangandi á milli forsvarsmanns Samherja og þáverandi seðlabankastjóra þegar sá fyrrnefndi sýndi ógnandi tilburði. „Ef illa fer í forvalinu get ég alltaf sótt um sem dyravörður einhvers staðar,“ bætti Kolbeinn við, bjartsýnn en greinilega við öllu búinn.

**Snyrtilegur klæðnaður**

Miðflokkurinn hefur ákveðið að stilla upp listum í öllum kjördæmum þannig að þeir sem hugsa sér gott til glóðarinnar þurfa, ólíkt Kolbeini, ekki að ödlast náð fyrir augum almennra flokksfélaga. Dyraverðir flokksins þurfa hins vegar að vera þeim hliðhollir, en Hallgrímur Helgason rithöfundur telur víst að eina skilyrðið sem Miðflokksmenn þurfi að uppfylla sé að „vera hvítur, karlkyns og eiga blágrá jakkaföt og brúna leðurskó“.

toti@frettabladid.is

# Dýrkeypt samstarf



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Borgarstjórinn heldur því fram að hröð kólnun í hagkerfinu á fyrri hluta ársins hafi leitt til lækkunar tekna. Staðreyndin er sú að tekjur Reykjavíkurborgar hækkuðu um 6 milljarða á síðasta ári, þrátt fyrir allt. Reykjavíkurborg er með skatta í botni og glímir ekki við tekjuvanda. Vandi borgarinnar er útgjaldavandi sem ekki sér fyrir endann á. Af fjórum stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu er aðeins eitt þeirra rekið með tapi; Reykjavíkurborg.

**Töldu ferðamenn til útgjalda**

Í upphafi síðasta árs lét borgarstjórnarmeirihlutinn reikna fyrir sig kostnað vegna komu erlendra ferðamanna. Eins og almenn skynsemi segir okkur, var mikill ábati af ferðaþjónustunni fyrir landsmenn alla. Ekki síst Reykjavíkurborg. En stundum er almenn skynsemi ekki almenn. Samkvæmt minnisblaði taldist borgin tapa átta milljörðum á ári af komu ferðamanna. Miðað við þetta ætti að vera verulegur hagnaður af því að ferðamenn væru ekki lengur að koma til okkar. Lísa í Undralandi hvað?

**112 milljónir á dag**

Heildarskuldir Reykjavíkurborgar eru nú 386 milljarðar og hafa aldrei verið hærri. Skuldir borgarinnar jukust um 41 milljarð króna á síðasta ári, eða sem nemur 3.400 milljónum í hverjum mánuði. Þetta samsvarar 112 milljónum á degi hverjum. Alla daga ársins. Í upphafi kjörtímabilsins var uppgreiðslutími skulda 6 ár og hefur hann nú tvöfaldast á tveimur árum þrátt fyrir stórauknar tekjur. Þetta dæmi sýnir glöggt að núverandi meirihlutasamstarf fjögurra flokka kostar sitt. Reikningurinn er kominn og hann er hár. Hlutverk borgarinnar er aðeins eitt. Það er að þjóna íbúunum. Eyða ekki um efni fram og forgangsraða fjármunum.

Það er líkt og meirihlutinn hafi misst verðskynið. Nú á að fjárfesta í malbikunarstöð. Og setja 4.500 milljónir í að gera breytingar á Grófarhúsinu við Tryggvagötu. Væri ekki nær að létta byrðar fólksins í borginni og þrengja ekki að rekstri fyrirtækja og ferðum fólks?

**Það er líkt og meirihlutinn hafi misst verðskynið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

AF KÖGUNARHÓLI

# Að hitta heila þjóð í hjartastað



Þorsteinn Pálsson

Seðlabankinn er musteri peninganna. Í gegnum tíðina hafa flestir borið virðingu fyrir bankanum og stjórnendum hans. En það væri ofsagt að bankinn hafi verið fólkinu í landinu hjartfólginn.

Seðlabankastjóri og formaður bankaráðs hafa nýlega með hófsömu orðalagi staðhæft að hagsmunahópar stýri að miklu leyti málefnum þjóðarbúsins. Viðbrögðin sýna að þeir hafa hitt þorra þjóðarinnar beint í hjartastað óháð afstöðu til stjórnmálaflokka.

**Snuprur**

Þetta óvenjulega útspil um svo eldfimt efni markar því nokkur þáttaskil.

Formaður Viðreisnar spurði forsætisráðherra á Alþingi hvort hún væri sammála Seðlabankastjóra. Forsætisráðherra snupraði bankastjórann með listrænni háttvísi. Hún sagði einfaldlega að hann hefði mátt skýra ummælin betur svo að skilja mætti við hvað væri átt.

Þetta álitaefni er bæði nýtt og gamalt.

En víst er að Seðlabankastjóri hefði tæplega blandað sér í umræðuna nema fyrir þá sök að honum finnst sem lýðræðislega kjörin stjórnvöld hafi ekki staðið í stykkinu og þar á meðal núverandi ríkisstjórn.

**Meira ógegnsæi**

Málið er þó ekki einfalt. Áhrif hagsmunaafla lúta ekki alltaf að sérhagsmunum.

Óumdeilt er til að mynda að það var í þágu almannahagsmuna þegar verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda gjörbreyttu efnahagsstefnu stjórnvalda með þjóðarsáttinni 1990.

Ein breyting skiptir hér máli. Áður fyrr voru kjörnir forystumenn í hagsmunasamtökum þeir sem raunverulega réðu för.

Á síðustu árum eru dæmi þess að skuggastjórnendur hafi orðið meiri áhrifavaldar. Það dregur úr gegnsæi og getur aukið baksviðsáhrif hagsmunaafla á kostnað lýðræðisins.

**Sundruðu sátt**

Trúlega er það ekki tilviljun að bæði Seðlabankastjóri og formaður bankaráðs nefna Samherja sem stökkpall inn í þessa umræðu.

Fyrirtækið hefur til dæmis í rúm tuttugu ár ráðið mestu um að þjóðarsátt, sem náðist í auðlindanefnd Jóhannesar Nordal, hefur ekki orðið að veruleika. Málið er því enn heitasta kartaflan í potti íslenskra stjórnmála.

Sáttin gekk út á að þjóðareign með tímabundnum nýtingarrétti yrði skilgreind í stjórnarskrá. Tillagan gerði einnig ráð fyrir að í stað tímabindingar gæti komið fimm ára uppsagnarfrestur.

Sáttin um þjóðareignarhugtakið byggðist sem sagt á tímabindingu eða tilteknum uppsagnarfresti, ella væri það nafnið tómt.

**Lýðræðið víkur**

Allir stjórnmálaflokkar og helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi sameinuðust um niðurstöðuna. Davíð Oddsson þáverandi forsætisráðherra lýsti sáttinni sem „stóratburði í íslenskri samtímasögu“ og sagði: „En það væri til lítils að setja svona vinnu af stað ef menn ætluðu ekki að taka mark á henni.“

En svo fór að stuðningur Sjálfstæðisflokksins gufaði smám saman upp. Samt voru rök auðlindanefndar ekki hrakin og orð fyrrum forsætisráðherra ekki formlega afturkölluð. Þegar stjórnmálaflokkar kúvenda í prinsippmálum án röksemdafærslu er það ákveðin vísbending um skuggastjórnun hagsmunaafla.

> **Samherji sýnist ekki fá mikið út úr því að ná sér niðri á þessum einstaklingum.**

Sex flokkar, sem allir fylgdu stefnu um tímabundinn nýtingarrétt, fengu í síðustu kosningum tvo þriðju hluta atkvæða. Sjálfstæðisflokkurinn með tæpan fjórðung atkvæða hefur hins vegar í krafti áhrifa sinna í ríkisstjórn komið í veg fyrir að nýtt stjórnarskrárákvæði um þjóðareign fengi raunverulegt inntak með því að tímabinda nýtingarréttinn.

Þetta er skýrt dæmi um það hvernig lýðræðið víkur fyrir hagsmunastjórn.

**Dulin skilaboð**

Seðlabankastjóri og formaður bankaráðs vísuðu í ofsa Samherja gegn undirmönnum í Seðlabankanum og fréttamanni ríkisútvarpsins. Vissulega urðu þeim á mistök. En því fer fjarri að þau gefi einu stærsta alþjóðlega sjávarútvegsfyrirtæki heims réttmæta ástæðu til svo mikils hamsleysis.

Samherji sýnist ekki fá mikið út úr því að ná sér niðri á þessum einstaklingum.

Líklegra er að fyrirtækið vilji gefa þeim sem starfa við embætti Héraðssaksóknara óbeina viðvörun. Embættið hefur rannsakað Namibíu-mál fyrirtækisins í langan tíma.

Það er í þessum duldu skilaboðum, sem mesta hættan af herferðinni er fólgin.

Hægagangurinn í rannsókninni bendir til þess að embættið hafi ekki nægjanlega fjármuni til að sinna svo umfangsmiklu verkefni á eðlilegum tíma. Framvinda rannsókna ákæruvalds og fjármálaeftirlits hefur verið miklu hraðari í Namibíu og Noregi.

Þessi dráttur getur svo endað með þverrandi trausti á réttarkerfinu, hvort sem grunsemdirnar eru á rökum reistar eða ekki.



# Ofbeldi gagnvart kennurum – falinn vandi sem taka verður á



**Þorgerður Laufey Diðriksdóttir**
formaður Félags grunnskólakennara

**Ef við höldum áfram að þegja þessi mál í hel, gerum við einfaldlega illt verra.**

Þau eru mörg verkefnin sem verið er að kljást við í grunnskólum landsins, sum eru sýnileg en önnur krauma undir yfirborðinu og eru falin flestum. Eitt alvarlegasta viðfangsefnið sem blasir við kennurum er því miður falið og er allt að því „tabú“. Hér á ég við ofbeldi gagnvart kennurum, en í grófum dráttum mætti skipta því í þrennt:

- Ofbeldi sem kennarar verða fyrir af hálfu nemenda
- Ofbeldi sem kennarar verða fyrir af hendi foreldra
- Ofbeldi sem kennarar verða fyrir af yfirmönnum sínum

Öll viðfangsefni af þessum toga eru erfið viðureignar fyrir kennara enda eru þeir berskjaldaðir, njóta lítillar sem engrar verndar og þegar á reynir mætir þeim oftar en ekki skilningsleysi og jafnvel vantrú. Mál þessarar tegundar hafa nær alltaf alvarlegar afleiðingar, hvort sem er líkamlegar eða andlegar.

Í þeim tilvikum sem nemandi beitir kennara ofbeldi leiðir það stundum til þess að kennari óskar eftir því að vera færður úr aðstæðum, annað hvort með því að nemandinn verði fluttur til eða kennarinn sjálfur. Kennarinn stendur berskjaldaður eftir ef skólastjóri verður ekki við þessum umleitunum hans. Allt of mörg dæmi eru um að kennarar gefist einfaldlega upp í slíkum aðstæðum og endi mögulega í veikindum eða hætti kennslu, enda standa þeim fáar aðrar leiðir til boða. Þessi snúna staða milli ólögráða einstaklings og kennara er sjaldnast auðleyst, þó svo góðir ferlar og skýrar reglur séu til staðar.

Tilvik ofbeldis af hálfu foreldra má að mörgu leyti setja undir sama hatt. Þau mál geta þó jafnvel verið enn flóknari þar sem kennurum ber skylda til að kenna öllum nemendum og í starfinu ber þeim að aðgreina persónulega hagsmuni og faglega. Ein meginskylda kennara er að vera jákvæð fyrirmynd og vinna að jákvæðum skólabrag og getur viðhorf foreldra til þessara verkefna verið ólíkt og sitt sýnist hverjum. Þannig getur kennari staðið frammi fyrir því að auk þess sem rýnt er í hans faglega sjálf, séu öll hans samskipti innan skóla og utan til skoðunar.

Þrátt fyrir að skólar séu stofnanir sem eiga að vinna með ólík sjónarmið og ýta undir styrkleika hvers og eins, þá eru fjölmörg dæmi um að rót eineltis, sem kennarar verða fyrir í starfi sínu, eigi uppruna sinn hjá skólastjórum. Birtingarmynd þess getur falist í að grafið sé undan fagmennsku og heilindum kennara. Kennarar upplifa mikinn vanmátt í aðstæðum sem þessum og enn á ný eru afleiðingarnar oftar en ekki þær að kennarinn gefst upp. Vanmáttugur kennari hefur þá einu leið að tilkynna einelti til Vinnueftirlits ríkisins sem „hættulegar aðstæður á vinnustað“.

Mál af þessum toga geta verið mjög flókin og skal tekið fram að kennurum getur orðið á í starfi sínu eins og öðrum, en hér er ég að leggja áherslu á að gefa verður aðstæðum kennara miklu meiri gaum þegar þessi mál eru vegin og metin.

Þessar þrjár birtingarmyndir ofbeldis eru ekki einungis alvarlegar fyrir kennarana sem fyrir því verða, heldur getur fylgifiskur þessa orðið að alvarlegu innanmeini í skólakerfinu sem dregur úr nauðsynlegum krafti kerfisins til að takast á við þær áskoranir sem fylgja því að vinna með börn og ungmenni á leið sinni til þroska.

Það er kominn tími til að horfast í augu við vandann og taka á honum. Ef við höldum áfram að þegja þessi mál í hel, gerum við einfaldlega illt verra.



# Við vörðum störfin



**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir**
formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar

**Reykjavíkurborg er öflugt sveitarfélag sem hefur góða burði til að auka við fjárfestingar og örva atvinnulífið.**

Ársreikningur Reykjavíkurborgar liggur nú fyrir. Síðasta ár fór ekki, hjá neinu okkar, eins og við höfðum ætlað í upphafi árs. Faraldurinn sá til þess. Það átti við áætlanir Reykjavíkurborgar eins og annarra. Greitt útsvar var 2,6 ma. kr. minni en reiknað hafði verið með, vegna þess að því miður jókst atvinnuleysi verulega í Reykjavík. Aðrar tekjur voru 4 ma. kr. undir áætlun.

Útgjöldin jukust hins vegar því það þurfti að bregðast hratt við til að tryggja nauðsynlega þjónustu, þrátt fyrir sóttvarnatakmarkanir. Víða þurfti líka að auka við þjónustu, eins og við barnavernd. Fjárheimildir sviða borgarinnar jukust um 2,3 ma. kr. á árinu, bara til að bregðast við COVID og því ástandi sem það skapaði.

Fyrir ári síðan stóð borgarráð allt, þvert á flokka, saman að því að vilja aðstoða heimilin og fyrirtækin í Reykjavík á erfiðum tímum. Við í meirihlutanum settum okkur þá stefnu við fjárhagsáætlun þessa árs að gefa í við nauðsynlegar framkvæmdir og taka stór græn skref til framtíðar.

**Meðvituð ákvörðun að verja störf**

Við tókum meðvitaða ákvörðun um að standa vörð um störfin. Það var ekki valkostur í okkar huga að auka við atvinnuleysi í borginni með því að segja upp fjölda starfsmanna. Á síðasta ári var launakostnaður 60% rekstrartekna borgarinnar. Niðurskurður til að mæta minni tekjum hefði því alltaf þýtt uppsagnir.

Í upphafi ársins 2020 voru 3.500 einstaklingar atvinnulausir í Reykjavík. Í lok ársins hafði sá fjöldi rúmlega tvöfaldast og var 8.600. Reykvíkingum sem þiggja fjárhagsaðstoð hefur fjölgað um 200 frá því á sama tíma á síðasta ári. Við þennan vanda vildi meirihlutinn í Reykjavík ekki bæta, enda væri það þvert á allar efnahagslegar ráðleggingar.

Starfsmönnum Reykjavíkurborgar fjölgaði um 5%, alls um 348. Við bættum við 190 starfsmönnum á velferðarsviði, við þjónustu við borgarbúa. Þá fjölgaði starfsmönnum í skólum, leikskólum og í frístund um 134, við þjónustu við börnin.

**Við höfum burði til að örva atvinnulífið**

Við förum líka í átak til að fjölga tímabundnum störfum hjá borginni. Sumarstörfum var fjölgað um 600 til að koma til móts við erfiðleika stúdenta við að fá sumarstörf. Við höfum sett á fót vinnutorg til að aðstoða Reykvíkinga sem eru án atvinnu. Við höfum sett kraft í að fjölga verkefnum hjá borginni sem krefjast þjónustu sem borgin kaupir af fyrirtækjum og einkaaðilum.

Reykjavíkurborg er öflugt sveitarfélag sem hefur góða burði til að auka við fjárfestingar og örva atvinnulífið. Ef litið er til grunnreksturs sveitarfélagsins og fyrirtæki undanskilin, hefur Reykjavíkurborg lægsta skuldahlutfall sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Því getum við staðið hér keik með fólki og fyrirtækjum í borginni. Veitt stuðning þegar á þarf að halda og staðið við áætlanir um hvernig við ætlum að vaxa út úr kófinu.



# Toppurinn í útivist



**Hilleberg Anjan 2GT**
*2 manna göngutjald. 2,1kg*
**161.995,-**



**Vango Pulsar Pro 300**
*3 manna göngutjald. 3,75kg*
**55.995,-**



**Vango Mirage Pro 200**
*2 manna göngutjald. 3,02kg*
**48.995,-**



**Vango Nevis 100**
*1 manns göngutjald. 1,7kg*
**22.995,-**



**Vango Tempest Pro 200**
*2 manna göngutjald. 2,7kg*
**45.995,-**



**Vango Skye Air 400**
*"Air Beam" súlur. 4 manna*
**85.995,-**



**Vango Stargrove II Air 450**
*"Air Beam" súlur. 4 manna*
**155.995,-**



**Vango göngustafir**
*Margar gerðir*
**Verð frá 9.995,-**



**Mammut Lithia Speed 15**
*Léttur bakpoki á hjólið eða stuttu göngurnar*
**15.995,-**



**Vango svefnpokar**
*Margar gerðir*
**Verð frá 10.995,-**



**Vango dýnur**
*Margar gerðir*
**Verð frá 8.995,-**



**Vango Ultralite Stove**
*Lítil og létt gaseldavél*
**6.595,-**



**Mammut Ducan High GTX**
*Léttir og góðir gönguskór fyrir dömur*
**37.995,-**



**Coxa Carry Phone case**
*Einangruð hlíf fyrir síma*
**2.995,-**



**Mammut Convey Tour HS**
*Vatnsheld skel fyrir herra*
**37.995,-**



**Mammut Courmayeur**
*Bæði til í dömu og herra*
**32.995,-**



**Vango Magma Flask**
*500ml, 750ml, 1000ml.*
**Verð frá 2.495,-**

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun



# Þarf alltaf að vera ógeð?



Einar Bárðarson
plokkari

Stóri plokkdagurinn var nú á dögunum en það var í fjórða sinn sem dagurinn er haldinn hátíðlegur. Plokk á Íslandi heldur úti virkum hópi á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem um sjö þúsund meðlimir deila myndum af sínu plokki og sinni útivist.

Vitanlega er hópurinn misvirkur en það er alveg augljóst öllum sem það vilja sjá að það stórsér á helstu þéttbýlisstöðum landsins. Stóri Plokkdagurinn markar upphaf á því sem færist inn í hreinsunarvikur hjá flestum sveitarfélögum landsins. Plokkið er sannarlega verkefni sem fegrar og einfaldar um leið verkefni sveitarfélaganna.

Við sem plokkum erum á einu máli um það að breytingar sem gerðar voru á lögum um afhendingu á fríum plastpokum hafa skilað sér. Innkaupapokar og litlu ávaxtapokarnir sem voru mjög andstyggilegir viðureignar eru svo gott sem horfnir úr náttúrunni og það er í raun algjör tímamótatíðindi.

Næsta skref í átt að bættri umgengni og óþarfa rusli í umhverfinu okkar er bann á flutningi rusls eða léttavarnings á opnum kerrum eða pallbílum. Það er skelfilegt að horfa á eftir rusli fjúkandi af kerrum og vörubílum, jafnvel á leiðinni í urðun. Það á stóran þátt í því hversu óendanlega sóðalegt er í kringum okkar stærstu umferðarmannvirki. Umferðareyjur, gróður á hringtorgum, vegrið, hljóðmanir og gróður í vegköntum um alla borg eru stútfull af plasti, pappa og öðru ógeði sem er okkur öllum til skammar.

Þessi svæði sem ég nefni hér að ofan eru ekki svæði fyrir einstaklinga eða grasrótarsamtök að þrífa. Hámarkshraði á þessum stöðum er oftast 50 km eða hærri. Þetta eru svæði fyrir atvinnufólk að taka og bæði vegagerð og sveitarfélög þurfa bæði að auka tíðni þrifa og efla þau á þessum svæðum. Í hruninu voru gerðar alls kyns breytingar á umhirðu á þessum svæðum sem löngu er tímabært að færa í fyrra horf eða jafnvel enn betra horf.

Í ár var snjómokstur og tengd starfsemi í sögulegu lágmarki, þess vegna langar mig að hvetja samgönguráðherra, borgar- og bæjarstjóra að skilja brot af þeim sparnaði eftir „í vegarkantinum“ og efla þrif í kringum helstu umferðaræðar landsins. Úrræði ríkisstjórnarinnar eru sérstaklega vel til þess fallin að kalla inn mannskap bæði hjá vegagerð og sveitarfélögum. Þá eru undirverktakar sveitarfélaganna í þessum verkefnum örugglega mjög vel í stakk búnir að taka á sig meiri verkefni þessu tengd.

Eftir Stóra plokkdaginn erum við komin á ótrúlega gott skrið inn í sumarið. Nú þurfa Vegagerð, borgin og sveitarfélög að koma inn í vorið af fullum krafti og „virkja vegarkantana“. Því eftir höfðinu dansa limirnir og ef fólk keyrir til og frá vinnu í umhverfi þar sem allt er í drasli þá hefur það letjandi áhrif á fólk. Að hafa allt í drasli er strangt til tekið ekki umhverfismál, heldur hreinlega sjálfsvirðingarmál.

Þetta er okkar umhverfi, þetta er okkar framtíð.




# Klárum leikinn með samvinnu



Líneik Anna Sævarsdóttir
þingmaður Framsóknar í Norðausturkjördæmi

Framsóknarflokkurinn hefur allt síðasta ár lagt áherslu á stuðningsaðgerðir til að fleyta fólkinu í landinu í gegnum kreppuna sem Covid skapar. Nú þegar við sjáum til lands í glímunni við farsóttina er mikilvægt að halda út og brúa síðustu vikurnar með lokaspretti sem tengir saman aðgerðir, viðheldur tekjum fólks og auðveldar fyrirtækjum að hefja vöxt.

Stjórnvöld hafa nú kynnt á annan tug aðgerða sem miða að þessu markmiði. Lokunarstyrkir verða framlengdir, fleiri geta sótt um viðspyrnustyrki, endurráðningar í fyrra starfshlutfall styrktar, bætt í ýmsar félagslegar ráðstafanir og úrræðum í menntakerfinu framhaldið.

**Fjárfestum í fólki**

Það er mikilvægt að fjárfesta í fólki með því að tryggja afkomu heimila, en samhliða því þarf að vinna gegn neikvæðum áhrifum faraldursins á einstaklinga. Það er best gert með því að tryggja fólki tækifæri til sjálfseflingar hvort sem er í gegnum nám, félagslega þátttöku eða þjónustu heilbrigðiskerfisins. Í gegnum allan faraldurinn hefur verið lögð áhersla á tækifæri til menntunar, þátttöku barna í íþróttum og ýmis félagsleg úrræði.

Ákveðið er að hlutabótaleiðin falli nú inn í atvinnuátakið „Hefjum störf“. Þannig að þeir sem nýta hlutabótaleiðina geta farið í fyrra starfshlutfall hjá vinnuveitanda og að hann fær styrk á móti í allt að fjóra mánuði. Stuðningurinn er þá bæði við fólk og fyrirtæki.

Bætt verður í fjölbreyttar félagslegar aðgerðir fyrir viðkvæma hópa þar sem sérstök áhersla verður lögð á geðheilbrigðismál barna og ungmenna. Í því skyni verður 600 milljóna króna viðbótarframlagi veitt til geðheilbrigðismála og 200 milljónum inn í aðgerðaáætlun um viðspyrnu gegn neikvæðum áhrifum faraldursins á börn, eldri borgara, öryrkja og fólk af erlendum uppruna.

Ákveðið er að í sumar verði boðið upp á sumarlán fyrir námsmenn hjá Menntasjóði námsmanna eins og á síðasta ári. Auk þess verða tiltekin viðbótarlán í boði.

**Fólk grípur tækifærin**

Úrræðin sem gripið hefur verið til hafa nýst samfélaginu vel af því að fólk er tilbúið að nýta þau. Það liggur fyrir að fólk er sveigjanlegt, bregst við þegar einar dyr lokast og endurskoðar sín framtíðarplön.

Þannig fjölgaði nemendum töluvert bæði á framhalds- og háskólastigi milli skólaára. Ársnemum í framhaldsskóla fjölgaði um 1.340 og háskólanemum um 1.800 á haustönn 2020 frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Ef þessi fjölgun nemenda hefði komið fram í atvinnuleysi hefði það aukist um 1,5%. Þannig var ein af lykiláksvörðun síðasta árs yfirlýsing Menntamálaráðherra um að tekið yrði við öllum nemum sem skólarnir gætu tekið við og nauðsynlegt fjármagn tryggt til kennslu þeirra.

Það liggur svo fyrir að þau mörgu félagslegu úrræði sem gripið hefur verið til hafa reynst það vel að þau eru komin til að vera. Einkum úrræði sem efla viðkvæma hópa samfélagsins.

Áfram veginn.

# Aðgerðaleysi ekki í boði



Karl Gauti Hjaltason
höfundur er þingmaður Miðflokksins í Suðurkjördæmi

Fyrir skömmu var samþykkt á Alþingi beiðni mín um að dómsmálaráðherra skilaði skýrslu um uppgang skipulagðra glæpahópa á Íslandi og viðbrögð við þeim. Þar verði gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem hefur verið ráðist í og til stendur að ráðast í til að vinna gegn uppgangi skipulagðrar glæpastarfsemi eftir ítrekaðar ábendingar í skýrslum greiningardeildar ríkislögreglustjóra. Ærið tilefni er til að fá upplýst til hvaða úrræða hefur verið gripið í tilefni af viðvörunum greiningardeildarinnar, svo alvarlegar hafa þær verið.

Einnig er nauðsynlegt að í skýrslunni verði upplýst hvort lögð hafi verið áhersla á að fjölga lögreglumönnum sem rannsaka skipulagða glæpi og auka við rannsóknarheimildir. Hvort unnið hafi verið að því að efla frumkvæðislöggæslu við afbrotavarnir, m.a. með fjölgun almennra lögreglumanna sem henni sinna.

Mikilvægt er að greint verði frá því hvort ábendingum deildarinnar um rýmkuð rannsóknarúrræði lögreglu hafi verið tekin til skoðunar og þá tekið mið af því sem tíðkast erlendis.

Einnig þarf að upplýsa hvort aukin áhersla hafi verið lögð á farþegalistagreiningar við landamæraeftirlit og hvort til standi að auðvelda brottvísanir erlendra aðila sem verða uppvísir að afbrotum sem tengjast skipulagðri glæpastarfsemi.

Þá þyrfti að koma fram hvort gripið hafi verið til aðgerða til að koma í veg fyrir að þeir sem leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi kunni, sökum bágrar félagsstöðu, að sæta misnotkun og kúgunum af ýmsum toga svo sem mansali og hvaða aðgerðir eru áformaðar til að vinna gegn slíku.

Beiðni mín snýr loks að því hvort gripið hafi verið til aðgerða til að koma í veg fyrir að glæpasamtök misnoti opinbera þjónustukerfið sem lið í skipulagðri starfsemi sinni. Þar er átt við bótakerfi, vinnumiðlun, móttökukerfi vegna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd og ýmsa félagslega aðstoð sem stendur þeim til boða.

Hér ræðir um misbresti sem lögreglan telur að berja þurfi í svo takist að afstýra því að skipulögðum glæpahópum vaxi ásmegin hér á landi. Eftir líkani löggæsluáætlunar um fjögur áhættustig er það niðurstaða greiningardeildarinnar að skipulögð glæpastarfsemi valdi „gífurlegri áhættu“ en það er alvarlegasta stigið. Deildin telur skipulagða glæpastarfsemi alvarlegustu ógn við samfélag og einstaklinga á Íslandi að náttúruhamförum frátöldum. Því er mikilvægt að bregðast við.

# Rafmagnshlaupahjól og öryggi barna í umferðinni



Jón Garðar Viðarsson
Svæfingahjúkrunarfræðingur, sjúkraflutningamaður og leiðbeinandi við LSH

Nú er kominn sá tími árs að við sjáum fólk þeysast um á rafknúnum hlaupahjólum og rafskútum.

Samkvæmt þeim aðilum sem selja mest af þessum rafknúnu farartækjum hefur salan aukist um mörg hundruð prósent á milli ára.

Það er hið besta mál að fólk kjósi að ferðast um á þennan hátt, vistvænn ferðamáti og svo eru til þessar leigur sem gera fólki kleift að sækja sér og skilja eftir þessi farartæki eins og því hentar.

En það eru ekki bara kostir við að ferðast um með þessum hætti, sérstaklega þegar um börn er að ræða. Nú er misjafnt á hvaða aldri börn fara að ferðast um á rafmagnshlaupahjólum og því er það hlutverk foreldra og forráðamanna að sjá til þess að þau séu búin að öðlast þann skilning, þroska og getu til að geta ráðið við rafknúið hlaupahjól í umferðinni.

Rannsóknir hafa sýnt að það er misjafnt hvenær sjón barna er orðin það þroskuð að þau nemi hluti á hreyfingu með jaðarsjóninni, en yfirleitt er það í kring um 7-8 ára aldurinn. Þessi hjól eru flest með stillanlegum hraðabúnaði en algengustu tegundirnar ná í kringum 25 km hraða á klukkustund.

Í sjúkraflutningafræðum/áverkafræðum eru nokkrar skilgreiningar á eðli og umfangi áverka. Sú einfaldasta er skilgreiningin á því sem kallað er háorkuáverkaferli vs. lágorkuferli. Undir háorkuferli væri t.d. fall úr meira en 4m hæð hjá fullorðnum einstaklingi, bílvelta, sjúklingur kastast út úr ökutæki, bifhjólaslys þar sem hraði er meiri en 30 km/klst. og fótgangandi verður fyrir ökutæki á meira en 10 km/klst. Dæmi um lágorkuferli væri t.d. fall á jafnsléttu.

Nú hefur undirritaður margsinnis orðið vitni að því að sjá bíla snarhemla þar sem börn á ýmsum aldri þjóta yfir gatnamót án þess að líta til hægri eða vinstri, jafnvel hjálmlaus og í þokkabót með annað barn fyrir aftan sig á rafmagnshlaupahjólinu.

Undirritaður hefur jafnframt því miður þurft að meðhöndla börn með höfuðáverka eftir slys sem tengjast farartækjum á ferð og ástæðan fyrir því að vegfarandi sem verður fyrir bíl á meira en 10km/klst. sé flokkað sem háorkuáverki er ekki komin til af góðu.

Þess vegna vill undirritaður beina þeim tilmælum til foreldra og aðstandenda að brýna nauðsyn þess að nota hjálma þegar börn eru á ferðinni, ræða um umferðarreglur og nauðsyn þess að fara varlega yfir gatnamót og þar sem umferð ökutækja er mikil.

Það er aldrei of varlega farið, slysin eru fljót að gerast og betra að ræða þessa hluti við börnin áður en skaðinn er skeður.

Sumt verður einfaldlega ekki tekið aftur.

# ÁLFASALA SÁÁ
# 6. TIL 9. MAÍ

## Fyrir fjölskylduna



**TAKIÐ VEL Á MÓTI SÖLUFÓLKINU OKKAR**

**KÆRAR ÞAKKIR**

**HEIMSENDING:** Fyrir þau ykkar sem einhverra hluta vegna eiga ekki heimangegnt, má hringja í síma 820 3446 og við komum Álfunum til ykkar.


**SÁÁ**
**Efstaleiti 7**
103 Reykjavík
Sími: 530 7600
saa@saa.is
www.saa.is



Rúnar Páll er hættur hjá Stjörnunni.

## Rúnar Páll kveður eftir dygga þjónustu

**FÓTBOLTI** Rúnar Páll Sigmundsson hefur sagt upp störfum sem þjálfari karlaliðs Stjörnunnar í knattspyrnu.

Rúnar Páll hefur þjálfað liðið í átta ár en undir hans stjórn varð liðið Íslandsmeistari árið 2014 og bikarmeistari árið 2018.

Síðastliðið haust var Þorvaldur Örlygsson ráðinn inn í þjálfarateymi Stjörnunnar en Þorvaldur verður áfram í brúnni hjá liðinu.

Stjarnan gerði markalaust jafntefli við nýliða Leiknis í fyrstu umferð Íslandsmótsins en liðið mætir hinum nýliðum deildarinnar, Keflavík, suður með sjó á sunnudaginn kemur. **– hó**



Hákon Daði er á leið frá Eyjum.

## Hákon Daði hittir fyrir gamlan félaga

**HANDBOLTI** Hákon Daði Styrmisson, vinstri hornamaður ÍBV, hefur komist að samkomulagi við þýska B-deildarliðið Gummersbach.

Hákon Daði gengur til liðs við Gummersbach í sumar en Guðjón Valur Sigurðsson þjálfar liðið.

„Við erum mjög spenntir að fá þennan snögga og öfluga leikmann í okkar herbúðir,“ sagði Guðjón Valur í samtali við heimasíðu Gummersbach um verðandi leikmann sinn.

**Hákon Daði verður annar íslenski leikmaðurinn í liði Gummersbach.**

„Með þessum vistaskiptum er ég að taka næsta skref á ferli mínum. Ég er að ganga til liðs við félag með ríka sögu og mikinn metnað. Ég hef heyrt góða hluti um Gummersbach og er spenntur fyrir þessu,“ segir Hákon Daði.

Þessi 23 ára gamli leikmaður endurnýjar kynnin við Eyjapeyjann Elliða Snæ Viðarsson sem er að spila á sínu fyrsta keppnistímabili með Gummersbach, sem er eins og sakir standa í þriðja sæti þýsku B-deildarinnar.

Liðið er einu stigi frá Hamburg og N-Lübbecke sem tróna á toppnum. Efstu tvö liðin fara upp í efstu deild en Gummersbach féll þaðan síðastliðið vor. **– hó**

## Taumlaus gleði




Valur fékk Stjörnuna í heimsókn að Hlíðarenda í fyrstu umferð Íslandsmótsins í knattspyrnu kvenna í gærkvöldi. Fyrr um kvöldið gerði svo Tindastóll jafntefli við Þrótt í frumraun sinni í efstu deild. Þá sóttu Selfyssingar nýliða Keflavíkur heim til Reykjanesbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Mótmælin munu halda áfram

**Eigendur Manchester United hafa á engum tímapunkti náð að skapa sér traust hjá stuðningsmönnum félagsins. Björn Friðgeir Björnsson segir að eigendurnir eigi enga leið til þess að ávinna sér það traust.**

**ENSKI BOLTINN** Mikill styr hefur staðið um Manchester United síðustu vikurnar en stuðningsmenn liðsins hafa látið óánægju sína í ljós í kjölfar þess að fregnir bárust um að félagið ætlaði að vera einn af stofnaðilum Ofurdeildarinnar sálugu.

Mótmælin náðu hápunkti þegar þau komu í veg fyrir að leikur Manchester United og Liverpool færi fram um síðastliðna helgi.

Björn Friðgeir Björnsson, einn af þeim sem stendur að hlaðvarpinu Rauðu Djöflunum, segir að Glazer-fjölskyldan hafi aldrei náð upp trausti og það muni ekki breytast.

„Þetta er auðvitað bara langvarandi þreyta á eigendum sem er að skjótast upp á yfirborðið í fyrsta skipti síðan fyrir svona áratug síðan.

Það eru áformin um Ofurdeildina sem eru kveikjan að þessum mótmælum og viðbrögð þeirra í kjölfar þess að þeim plönum var hætt. Þeir sýna enga auðmýkt og í raun bara ræða ekki við stuðningsmenn á neinn hátt,“ segir Björn Friðgeir, um stöðu mála.

„Þarna kemur enn og aftur í ljós að sú tilfinning sem stuðningsmenn Manchester United hafa haft, um að eigendunum sé nákvæmlega sama um þá, sé á rökum reist.

Þeir búa í Bandaríkjunum og hafa ekki beðist afsökunar á þessari ákvörðun um að vera með í Ofurdeildinni, sem þorri stuðningsmanna í Englandi telur hafa verið fáránlega hugmynd,“ segir Björn enn fremur.




Stuðningsmenn Man.Utd. láta óánægju sína í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Eigendur annarra félaga hafa áttað sig á því að vangavelturnar um Ofurdeildina voru illa ígrundaðar og beðist afsökunar. Slíkt er hins vegar ekki uppi á teningnum hjá eigendum Manchester United sem eiga ekkert inni hjá stuðningsmönnum félagsins.

Það sýnir mikið hversu mikinn stuðning þessi mótmæli hafa fengið í knattspyrnuheiminum almennt, hvað þau eiga mikinn rétt á sér.

Einhvern tímann hefði það skapað meiri óróa í bresku knattspyrnusamfélagi ef stuðningsmenn hefðu komið í veg fyrir að nágrannaslagur á borð við Manchester United og Liverpool færi fram,“ segir hann.

„Eigendurnir hafa tekið rúman einn milljarð punda úr félaginu og ákvarðanir þeirra hvað varðar ráðningu á knattspyrnustjórum og stjórnendum og kaup á leikmönnum hafa ekki sýnt fram á að þeir hafi nokkra framtíðarsýn.

Félagið hefur eytt um það bil þriðja mestu í laun leikmanna, en árangurinn á vellinum fram að þessu tímabili hefur ekki verið á pari við það. Þá hefur ekkert verið sett í innviði félagsins og sem dæmi þá er mikil þörf á viðhaldi á Old Trafford,“ segir Björn um stjórnartíð Glazer-fjölskyldunnar.

„Virði Manchester United á hlutabréfamarkaði er rúmlega tveir milljarðar og ég myndi áætla að Glazer-fjölskyldan setji þriggja milljarða verðmiða á félagið.

**Eigendurnir hafa tekið rúman einn milljarð punda úr félaginu.**

Björn Friðgeir Björnsson

Þeir eru í engri þörf fyrir að selja félagið. Ég sé enga fjárfesta kaupa félagið á þessum tímapunkti. Mótmælin munu því halda áfram í það minnsta í vor, en ég býst við að þau verði hófstemmdari um næstu helgi og leikur liðsins geti farið fram. Stuðningsmenn virðast ætla að beina sjónum sínum að því að sniðganga styrktaraðila félagsins.

Það er eins gott að liðið er með knattspyrnustjóra sem er vel liðinn. Ole Gunnar Solskjær er á réttri leið með liðið. Þetta hefði verið verra ef José Mourinho væri enn við stjórnvölinn og liðið væri ekki klárt með sæti í Meistaradeild Evrópu,

Það er rætt um að sekta félagið eða draga af liðinu stig ef mótmælin halda áfram. Ég held að það muni ekki stöðva stuðningsmennina í því að halda áfram mótmælum.Kaup á stórstjörnum í sumar eða ráðning á stjórnarformanni, sem verður líklega einhver nátengdur Glazer-fjölskyldunni, mun ekki lægja öldurnar. Þeir verða aldrei teknir í sátt sem eigendur. Ég spái áframhaldandi stórukeppni,“ segir Björn.

hjorvaro@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT






KYNNINGARBLAÐ
**FIMMTUDAGUR** 6. maí 2021



**Arnar Gauti, a.k.a. Lil Curly er með afslappaðan og óformlegan fatastíl. Hér í flottum Camp-buxum sem hann fann á rölti um Kringluna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mamma yrði ekki sátt við flúr

Hafnfirðingurinn Arnar Gauti Arnarsson hefur slegið í gegn sem áhrifavaldurinn Lil Curly. Hann er glysgjarnt og glatt góðmenni sem væri alveg til í búðaráp með Justin Bieber. 2








Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@
frettabladid.is

„Ég er frekar almennilegur að upplagi og reyni bara að vera næs náungi; að koma vel fram við alla og gefa frá mér góða strauma," segir Hafnfirðingurinn Arnar Gauti Arnarsson, betur þekktur sem Lil Curly, ein þekktasta karlkyns TikTok-stjarna lýðveldisins.

„Sem barn og unglingur var ég mikið í íþróttum og langaði að verða atvinnumaður í handbolta og lögfræðingur, en þegar ég byrjaði í framhaldsskóla fann ég löngun til þess að verða frægur og í raun að geta gert eitthvað skemmtilegt með strákunum og konunni og haft það að lifibrauði," segir Arnar.

Um tíma átti hann sér líka draum um að verða flugmaður.

„Ég byrjaði í flugnámi en hætti því. Bæði vegna þess að ég sá mikla möguleika í TikTok en líka af því ég er frekar slakur námsmaður. Því lifi ég lífinu núna sem áhrifavaldur í fullu starfi, á TikTok, Instagram og sem plötusnúður þegar það á við."


Lil Curly í bleika harða drippinu og Disney-peysunni sem honum er hjartfólgnust í fataskápnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ ERNIR

**Krullurnar koma frá mömmu**

Viðurnefnið Lil Curly þekkja allir sem fylgjast með samfélagsstjörnum nútímans hér á landi, en Arnar Gauti er líka með marga fylgjendur utan landsteinanna.

„Krullurnar í hári mínu koma frá mömmu minni sætu, Ólöfu Baldursdóttur, en Lil Curly-nafnið ákvað ég að nota upp á djókið þegar ég stofnaði TikTok-aðgang. Verst var að notendanafnið lilcurly var frátekið á einhverjum óvirkum aðgangi, svo ég heiti lilcurlyhaha á TikTok," útskýrir Arnar Gauti, sem er með yfir 100 þúsund fylgjendur í Bandaríkjunum.

Hann segir gefa sér mikið að vera þekktur.

„Ég elska athygli og hef bara gaman af því hversu margir þekkja mig á götum úti. Athyglin er í 99 prósentum tilfella góð og skemmtileg. Ég er sáttur með mitt hlutskipti ef fólk nennir að fylgjast með mér og ég get komið því til að hlæja eða í það minnsta brosa, og ég er mjög þakklátur fyrir að geta lifað á því. Kosturinn við að vera vinsæll á TikTok er að geta gert það sem ég vil á daginn, en ókostirnir eru fólk með lítið sjálfstraust sem finnst leiðinlegt að hafa gaman af lífinu og þarf að vera með stæla," segir Arnar Gauti.

Hann framfleytir sér sem áhrifavaldur en segist þó ekki moldríkur enn.

„Maður getur hins vegar orðið mjög ríkur ef maður er ekki fastur á Íslandi. Peningar eru þó ekki aðalatriðið fyrir mig, heldur að „haffa gaman, liffa og njóta" og vera næs."


Arnar kaupir flest sín föt af netinu, eins og þessi bláu hér til hliðar. Hálsmenið er úr Hagkaup þar sem hann kaupir sér oft glingur og skart.

**Kallaður Addi Fashion**

Það var Arnar Gauti Ólafsson sem kenndi Arnari allt sem hann þarf að vita um tísku.

„Gauti er besti vinur minn. Ég bý með honum og Jakobi Jóhanni Veigarssyni, en við höfum allir þrír verið að stússast í þessu saman. Við byrjuðum í sameiningu að gera tilraunir til að verða frægir, til að geta lifað á því að gera einhverja vitleysu. Fyrst vorum við á Instagram með eitthvert tískudót og pældum mikið í því hverju við klæddumst. Svo gekk það ekki og við færðum okkur yfir á YouTube sem gekk ljómandi vel en þar er ekki nógu stór markaður á íslensku. Svo vann ég sem plötusnúður, sem gekk 4/10, en á endanum hoppuðum við á TikTok-vagninn og síðan hefur boltinn rúllað vel," segir Arnar.

Hann kveðst ekki hugsa mikið um tísku eða klæðaburð sinn dags daglega. Engu skipti hverju TikTok-stjörnur klæðist en þó taki flíkur oft kipp ef vinsælir áhrifavaldar klæðast þeim.

„Ég fer bara í það sem mér finnst flott og líður vel í, oftast „joggers" og hettupeysu. Í grunnskóla var ég kallaður Addi Fashion því ég klæddi mig oft mjög einkennilega, fór til dæmis í skólann klæddur leður-jogginbuxum og hlébarðabol með gylltum rennilás, eins og ekkert væri. Það er mín fyrsta minning um að vera flottur í tauinu, og mér þótti vænt um að vera kallaður Addi Fashion en þá var bara verið að gera gott grín að mér," segir Arnar og hlær að öllu saman.

Stíllinn hans er afslappaður og óformlegur.

„Fyrir utan hvað ég er litaglaður og nota mikið af skartgripum, oftast úr Kolaportinu og Hagkaup," segir Arnar.

Þótt glysgjarn sé hefur hann látið eiga sig að skreyta líkamann með litríku húðflúri.

„Já, neibb, mamma yrði ekki par sátt við mig þá."

**Freistar gæfunnar ytra**

Arnar Gauti hannaði fatalínuna Curly Merch sem samanstóð af bolum og derhúfum.

„Já, heldur betur. Ég skapaði Curly Merch upp á gamanið og til að sjá hversu margir í útlöndum myndu kaupa og það seldist allt upp á þremur vikum. Þetta var mín önnur fatalína því áður hafði ég gert Flare-fatalínuna með Gauta. Hún var til í nokkur ár og við seldum fullt, en vorum bara ekki nógu klárir né frægir í þá daga til að halda henni áfram. Ég mun halda áfram með annað hvort merkið á næstunni," upplýsir Arnar Gauti.

Fram undan er íslenska sumarið í allri sinni dýrð.

„Ég verð heima í sumar til að skemmta mér og reyna að stækka enn meira, en í haust liggur leiðin til Lundúna í eitt ár hið minnsta og vonandi þaðan til Los Angeles. Ég fer með teyminu mínu út, þremur áhrifavöldum, myndatökumanni og umboðsmanni.

**Elskar að klæðast jakkafötum**

*Hver voru fyrstu tískuinnkaupin sem þú gerðir sjálfur, kominn af barnsaldri?*

Örugglega þegar ég skrapp í H&M í golfferð suður á Spáni og missti mig alveg þegar ég keypti alla liti af öllu sem mér fannst flott vegna þess að það var svo ódýrt.

*Hvaða litur er í dálæti?*

Ljósblár og bleikur.

*Hver er uppáhaldsflíkin? Og sú dýrasta sem þú átt?*

Sú sem ég held mest upp á er bleik og fjólublá Tiedye Psychworlda-peysa, en sú dýrasta er Palm Angels x Vlone-peysa sem vinur minn keypti á 80k í London og ég keypti af honum fyrir 30k.

*Finnst þér gaman að klæða þig upp á?*

Já, ég elska ekkert meira en að vera í jakkafötum og fínn.

*Hvar kaupir þú fötin?*

Ég kaupi flest mitt á netinu en það er engin ein síða fyrir innkaupin. Oftast eru einhverjir einstaklingar á bak við fötin sem ég fell fyrir.

*Í hvað ferðu þegar þú vilt stela senunni?*

Ég á eitt hart bleikt „drip" sem samanstendur af Disney-peysu, bleikum náttbuxum úr Hagkaup og bleikum Nike-skóm.

*Er einhver sem þú dáist að fyrir útlit og tísku?*

Ég fylgi nokkrum útlendingum á Instagram og TikTok þaðan sem ég fæ innblástur.

*Hvaða skilaboð áttu handa þeim sem enn eru að móta fatastíl sinn?*

Það er að fylgja hjartanu og fara í það sem hverjum og einum þykir flott, en ekki í þeim tilgangi að heilla aðra.

*Áttu einhverja flík eða fylgihlut sem þér er hjartfólgin?*

Já, það er Disney-peysan.

*Hvaða frægu manneskju vildirðu helst fara í búðaráp með?*

Justin Bieber. Hann gæti kannski splæst.







Skoðið // www.hjahrafnhildi.is
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Eyddi fermingarpeningunum í Spúútnik

**Það er nóg um að vera hjá söng- og leikkonunni Sigríði Eyrúnu Friðriksdóttur en hún gefur út fyrsta lagið af nýju plötunni sinni á morgun og fagnar svo afmælinu sínu á sunnudaginn.**

hjordiserna@frettabladid.is

Sigríður, eða Sigga eins og hún er gjarnan kölluð, hefur varið miklum tíma undanfarið bæði í stúdíóinu og á sviðinu. „Þessa dagana er ég að leika í Nashyrningunum í Þjóðleikhúsinu og er komin vel af stað með nýja plötu og fyrsta lagið af henni kemur út á Spotify á föstudaginn, tveimur dögum fyrir afmælið mitt. Þannig að ég á mjög epíska afmælisviku í vændum.“

Hún segir nýja lagið tilvalið fyrir rúntinn og nú þegar bjartari tímar eru vonandi fram undan. „Það lag heitir Endalaus augnablik og er geggjuð ballaða eftir Karl Olgeirsson sem gott er að blasta í bílnum og syngja með. Mér líður eins og Fönix að svífa upp úr öskunni þegar ég syng það, kannski er það bara stemningin núna þegar maður finnur að það fer að líða að meira frelsi í heiminum,“ segir Sigga.

*Hefurðu áhuga á tísku?*

„Já, ég hef áhuga á tísku. Skil ekki alltaf alla tískustrauma en mér finnst tíska og fatahönnun mjög áhugavert.“

Sigga rifjar upp tímabilið sem kveikti áhuga hennar á tísku. „Mögulega var það í grunnskóla þegar ég komst í geymsluna hjá vinnufélaga mömmu minnar. Hún var að losa sig við föt af sér frá hippaárunum og þar fann ég minn stíl. Var nýbúin að raka af mér hárið, haustið eftir fermingu, og var mjög leitandi. Komin með nóg af Levi's-bolum og LaGear-skóm og farin að finna mig sem söngkona og svona og eyddi fermingarpeningunum í Spúútnik. Ég fæ fiðring í magann að hugsa um þetta tímabil í lífi mínu, þetta er svo geggjað eitthvað.“



**Brúðarkjóllinn er í miklu uppáhaldi hjá Siggu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

*Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?*



**Í dívukjól sem Sigga ætlaði að nota á jólatónleikum sem aldrei urðu.**

„Ég er ennþá svolítið þar að leita að fjársjóðum í búðum sem selja notuð föt. Nýja uppáhaldsbúðin mín er Hringekjan í Borgartúni og Rauðakrossbúðirnar. Ég elska fallega kjóla og er skósjúk. Það er reyndar ekki langt síðan ég var einmitt með bás í Hringekjunni og losaði aðeins um álagið á fataskápum heimilisins. Maður getur ekki safnað endalaust, það verður að vera pláss fyrir nýjar flíkur. Þá er svo gaman að geta leyft þeim að lifa áfram.“

*Hver er uppáhaldsflíkin?*

„Kron Kron-skórnir sem Kalli gaf mér í afmælisgjöf í fyrra eru uppáhaldsskórnir mínir. Uppáhaldsflíkin mín er líka brúðarkjóllinn minn og skórnir. Ég keypti kjól á netinu sem Elma Bjarney Guðmundsdóttir breytti og skó sem ég keypti í Irregular Choice í Bretlandi.“

*Hvaðan færðu innblástur?*

„Ég fæ mikinn innblástur við að skoða aðrar söngkonur, sama frá hvaða tímabili. Svo finnst mér geggjað að vinna með góðum búningahönnuði í leikhúsi sem klæðir mig í föt sem henta mínu vaxtarlagi, þá fæ ég hugmyndir um hvað fer mér vel. Eins og Filippía sem er með búningana í Nashyrningunum. Hún lætur manni líða vel og mín reynsla af því að vinna með henni þegar ég var ekkert ánægð með mig hlýjar mér í hjartanu.“

*Áttu þér einhverjar tískufyrirmyndir?*

„Allir sem eru með sinn eigin stíl og eru óhræddir við að sýna sitt vaxtarlag eru mínar fyrirmyndir.“

*Áttu þér uppáhalds hönnuði?*

„Hildur Hafstein, Kron Kron, Hildur Yeoman, fötin í Farmers Market, Filippía og María Ólafs í leikhúsinu. Skartið hjá Hildi Hafstein og Orrifinn heillar mig mikið. Annars finnst mér erfitt að nefna einhvern einn.“

*Notar þú fylgihluti og skart?*

„Já, ég er svo heppin að eiginmaðurinn er alltaf að gefa mér eitthvað fallegt til að skreyta mig með. Ég reyni að nota það eins mikið og ég get.“

*Áttu þér eitthvert mottó þegar kemur að tísku og klæðaburði?*

„Ég vil alltaf láta mér líða vel. Þoli ekki of þröng föt eða föt sem þvælast fyrir mér.“



# Össur 50 ára

FIMMTUDAGUR 6. maí 2021




**Jón Sigurðsson hefur verið forstjóri Össurar í 25 ár og segir að starfsmenn séu afar stoltir af sögu fyrirtækisins. Aðalsmerki Össurar hefur verið þróun og tækniuppfærsla.** MYND/ÖSSUR

## Stefnufesta og góð menning

Össur er annað tveggja stærstu fyrirtækja heims á alþjóðamarkaði á sviði stoð- og stuðningstækja og tvöfaldast að stærð á þriggja ára fresti. Forstjórinn segir að velgengni fyrirtækisins megi þakka því að það hafi alltaf haldið sömu stefnu og gert það sem það kann vel, ásamt því að byggja upp góða fyrirtækjamenningu. 2

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, hefur verið forstjóri fyrirtækisins síðan árið 1996 og leitt félagið í gegnum gríðarlegan vöxt, frá því að það var einnar vöru fyrirtæki yfir í að vera leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í heilbrigðistækniiðnaði.

„Ég hef verið forstjóri í 25 ár núna, ég byrjaði 1. apríl 1996. Ég held að á þeim tíma hafi ég verið starfsmaður númer 40, en núna erum við orðin um 3.500 um allan heim,“ segir Jón. „Kveikjan að fyrirtækinu kom frá Össuri Kristinssyni, sem kom heim sem nýútskrifaður stoðtækjafræðingur og stofnaði vinnustofu til að sinna aflimuðum á Íslandi, í samvinnu við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. En það má ekki gleyma að í dag er þetta bara að litlum hluta gamli Össur, þar sem við höfum keypt fleiri en 50 fyrirtæki í gegnum árin.“

**Þáttaskil um aldamótin**

„Össur þróaði sílíkonhulsu sem er notuð í stoðtæki og var það fyrsta vara fyrirtækisins og sú uppgötvun sem kom fyrirtækinu á kortið. Þegar ég kom inn í reksturinn var fyrirtækið ekki með margar vörur né víðtæka dreifingu og enga sölustarfsemi.

Það breyttist árið 2000 þegar við keyptum bandaríska fyrirtækið Flex-Foot, sem var þónokkuð stærra á þeim tíma. Í gegnum Flex-Foot fengum við fleiri vörur og sölukerfi í Bandaríkjunum,“ útskýrir Jón. „Það var byrjunin á þessari miklu stækkun og aðal þáttaskilin í sögu fyrirtækisins.

Síðan höfum við keypt sirka 2-3 fyrirtæki á ári og það hefur verið góður vöxtur í fyrirtækinu, 18% á ári, sem er bæði vegna innri vaxtar og vegna kaupa á fyrirtækjum. Í dag erum við með heildstæða vörulínu – allt frá sílíkonhulsum, í gervihné, gervifætur- og hendur, auk fjölda stuðningsvara,“ segir Jón.



Jón segir að það hafi orðið þáttaskil í sögu fyrirtækisins árið 2000 þegar það keypti bandaríska fyrirtækið Flex-Foot. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Eitt af tveimur stærstu í heimi**

Jón segir að Össur hafi komist í leiðandi stöðu í heilbrigðistækniiðnaði á árunum rétt fyrir hrun.

„Það er engin ákveðin dagsetning, en á árunum 2005-2007 vorum við komin mjög langt á þessu sviði. Núna eru tvö fyrirtæki sem eru langstærst í þessum geira og við erum annað þeirra,“ segir hann.

„Okkar aðalsmerki hefur verið þróun og tækniuppfærsla á okkar vörum og til þess að geta það þurfum við mjög mikla stærð,“ segir Jón. „Þar sem við erum komin í þessa sterku stöðu getum við staðið undir gríðarlega kostnaðarsamri og umfangsmikilli þróun, sem er ekki á færi minni fyrirtækja. Þess vegna eiga minni fyrirtæki sífellt erfiðara með að fylgja okkur í þessari tækniþróun.“


Össur hf. á aðallista Verðbréfaþings Íslands

**Gera það sem þau kunna**

„Við höfum alltaf fylgt meginstefnu okkar. Við erum fyrstu útrásarvíkingarnir en við höfum alltaf verið innan þess geira sem við þekkjum best og öll þessi fyrirtæki sem við höfum keypt hafa verið innan þess geira,“ segir Jón. „Þegar við kaupum fyrirtæki þá erum við það fyrirtæki sem er tilbúið til að borga mest fyrir það og þá verðum við líka að vera besta fyrirtæki í heimi til að reka það.




Össur var skráð á almennan hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands árið 1999 og frá 2009 í Kauphöll NASDAQ í Kaupmannahöfn.

Ég held að þessi stefnufesta hafi skilað miklum árangri. Við höfum markað okkur ákveðna stefnu frá árinu 1999 og alltaf fylgt henni,“ segir Jón.

**Tvöföldun á þriggja ára fresti**

„Við höfum líka lagt mikla áherslu á fyrirtækjamenningu, sem ég held að sé vanmetið. Það er ákveðin menning innan Össurar sem við skilgreindum mjög fljótt og höfum haldið okkur við. Þessi menning byggist á þremur gildum: hagsýni, heiðarleika og hugrekki. Þetta eru H-in þrjú,“ útskýrir Jón. „Hagsýni snýst um sparsemi, að við eyðum ekki í óþarfa, og við erum heiðarleg í öllu sem við gerum og lofum aldrei hlutum sem við getum ekki staðið við.

Svo þurfum við að hafa mjög mikið hugrekki til að ráðast í allar þessar gríðarlegu breytingar sem fylgja því að fyrirtækið tvöfaldast að stærð á þriðja hverju ári. Það þarf hugrekki til að gera hluti öðruvísi og fyrirtækið er allt öðruvísi núna en fyrir þremur árum,“ segir Jón. „Fyrir vikið er mjög mikilvægt að tapa ekki þessum grundvallargildum, þau mega ekki breytast.

Þessi menning og gildi hafa hjálpað okkur í gegnum ýmsa erfiðleika, eins og t.d. COVID-faraldurinn. Við höfum nánast engu breytt í okkar stefnu í gegnum þessa erfiðleika, heldur bara stutt við okkar viðskiptavini og starfsfólk og verið trú því sem við lögðum upp með,“ segir Jón.

**Stoltastur af menningunni**

Jón segir að það sem hann sé stoltastur af eftir öll þessi ár sem forstjóri sé þessi fyrirtækjamenning og hún sé stór þáttur í velgengninni og ánægju viðskiptavina og starfsfólks Össurar.

„Allar þær mælingar sem við framkvæmum sýna að það er mikil almenn ánægja meðal viðskiptavina og starfsfólks okkar og ég held að þessi menning eigi stóran þátt í því,“ segir Jón.

Jón segir að það sem er fram undan hjá Össuri sé fyrst og fremst að huga vel að nýsköpun, þörfum viðskiptavina og góðum starfsanda. „Við erum gríðarlega stolt af 50 ára sögu Össurar og mig langar sérstaklega að þakka starfsfólkinu, viðskiptavinum og öllum velunnurum félagsins í gegnum árin,“ segir hann að lokum.

# Góð fyrirtækjamenning lykill að farsælum vexti

**Margrét Lára Friðriksdóttir er framkvæmdastjóri mannauðssviðs Össurar á heimsvísu. Hún segir Össur eftirsóknarverðan vinnustað með góðan starfsanda og háan starfsaldur.**

„Fyrirtækjamenning Össurar byggir á gildum fyrirtækisins: heiðarleika, hagsýni og hugrekki. Þeim sem gengur vel hjá Össuri hafa sömu gildi að leiðarljósi í sínu lífi, en við leggjum líka áherslu á að starfsmenn okkar búi að fimm hæfniþáttum, sem snúa að: samstarfi, samskiptum, árangri, viðskiptavinum og breytingum,“ upplýsir Margrét Lára Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Össurar.

Margrét var á höttunum eftir sumarstarfi eins og aðrir háskólastúdentar á Framadögum árið 2000 og á þeim tíma var fyrirtækið í örum vexti.

„Ég sótti þá um sumarvinnu hjá Össuri og fékk fastráðningu eftir útskrift úr viðskiptafræðinni. Mig grunaði ekki þá að ég yrði enn hjá Össuri 21 ári síðar. Í þá daga unnu um hundrað manns hjá Össuri og aðallega á Íslandi en síðan hefur fyrirtækið breyst gríðarlega og tvöfaldast að stærð á þriggja til fjögurra ára fresti,“ segir Margrét.

**Starfsánægja mikilvæg**

Margrét vann fyrst á fjármálasviði Össurar, en frá árinu 2013 hefur hún verið yfir mannauðssviði Össurar á heimsvísu.

„Það er auðvitað heilmikil áskorun að hafa 3.500 manns í yfir 30 löndum ánægða, þar af 500 á Íslandi, og vera með puttann á púlsinum til að vita hvernig starfsfólkinu líður. Það gerum við með reglulegum vinnustaðagreiningum, stjórnendaþjálfun og opnum samskiptum.“

Höfuðstöðvar Össurar eru á Íslandi en aðalskrifstofur fyrir Ameríkumarkað eru í Kaliforníu,




Mannauðsstjórinn Margrét Lára þarf að hafa 3.500 starfsmenn í yfir 30 löndum ánægða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Evrópumarkað í Eindhoven í Hollandi og starfstöðvar eru í Ástralíu, Kína og víða um heim. Sem yfirmaður mannauðsmála hjá Össuri hefur Margrét ferðast til flestra starfsstöðva fyrirtækisins í heiminum, ásamt því að búa og starfa í sex ár hjá Össuri í Kaliforníu.

„Á flestum okkar starfsstöðvum erum við með háan starfsaldur og því þekkir maður einn eða fleiri víðast hvar þar sem maður hefur eytt tíma. Auðvitað verður æ flóknara að hafa yfirsýn yfir starfsfólkið með því að þekkja það með nafni og því er lykilatriðið í mannauðsmálum að hafa skýra ferla og frammistöðumat til að hafa góða yfirsýn yfir þekkinguna sem býr í fyrirtækinu,“ greinir Margrét frá.

> **Við hjá Össuri lærðum það á COVID-19 að það er leikur einn að reka stórfyrirtæki á heimsvísu við eldhúsborðið heima hjá fólki.**
>
> Margrét Lára Friðriksdóttir

**Lærdómur í heimsfaraldri**

Þegar heimsfaraldur kórónaveirunnar skall á var áhersla lögð á starfsþróun og símenntun hjá Össuri.

„Með COVID-19 urðu verkefnin öðruvísi og auðvitað nóg að gera í mannauðsmálunum við að hjálpa öllum að takast á við þennan nýja veruleika og vinna heima. Þá blöstu við áskoranir sem enginn var búinn undir og vinnudagurinn breyttist á svipstundu frá því að hlaupa á milli fundarherbergja og spjalla við samstarfsfólkið við kaffivélina yfir í það að vinna heima. Allt gekk það lygilega vel, bæði tæknin og öll verkefni sem voru keyrð áfram. Við lærðum því á COVID að það er leikur einn að reka stórfyrirtæki á heimsvísu við eldhúsborðið heima hjá fólki,“ segir Margrét.



Hjá Össuri starfa um 3.500 starfsmenn í yfir 30 löndum, þar á meðal um 500 starfsmenn á Íslandi.

**Fjölbreyttur vinnustaður**

Össur er eftirsóknarverður vinnustaður og hefur ávallt fundið fyrir áhuga í samfélaginu. Leitast er við að hafa kynjahlutfallið jafnt. Nú er það 54 prósent karlar og 46 prósent konur.

„Hjá Össuri starfar allur skalinn af fólki. Við erum með mikið af hámenntuðu fólki með doktorsgráðu en líka ófaglært fólk, sem gerir starfsmannahópinn fjölbreyttan og vinnustaðinn skemmtilegan. Hjá Össuri á Íslandi starfar fólk af 25 þjóðernum við framleiðslu, þróun og alls konar störf. Tungumálið í fyrirtækinu er enska, umhverfið er alþjóðlegt og samskiptin bera vott um virðingu og vinsemd,“ segir Margrét, í heimsborgaralegu andrúmslofti Össurar.

„Við viljum að fólki þyki gott og gaman að koma í vinnuna og reynum að skapa gott andrúmsloft. Við sjáum í vinnustaðagreiningum að starfsfólkinu okkar líður vel. Hér er góður mórall, öflugt starfsfólk og áhugavert verkefni. Það á líka að vera gaman í vinnunni og við erum með alls kyns klúbba, eins og golfklúbb og hlaupaklúbb, og sinnum félagslega þættinum vel. Þá stendur frábært starfsmannafélag fyrir viðburðum og þátttaka í þeim öllum er góð, sem hjálpar enn upp á góðan vinnumóral. Fólki verður vel til vina, starfsaldur er hár hjá Össuri og við erum alltaf á höttunum eftir öflugu fólki í okkar hóp.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

# Hugvit og verkvit sem nýtist fólki um allan heim

**Hildur Einarsdóttir gegnir starfi forstöðumanns á þróunarsviði Össurar en á þeim þrettán árum sem hún hefur starfað hjá fyrirtækinu hefur deildin stækkað gífurlega.**

Þróunarsvið Össurar er með starfsstöðvar á Grjóthálsi í Reykjavík, Livingston í Skotlandi og í Orange County í Kaliforníu. „Stærsti hópurinn starfar þó hér heima og samanstendur af fjölbreyttum þverfaglegum hópi verkfræðinga, tæknifræðinga, hönnuða, lækna, hagfræðinga, sjúkraþjálfara og stoðtækjafræðinga,“ segir Hildur.

**Fjölbreytnin lykilatriði**

Að sögn Hildar hefur deildin vaxið töluvert síðan hún hóf störf í þróunardeildinni sem ungur verkfræðingur. „Þá vorum við fimm í „bionics“ hópnum sem þróar tölvustýrðar vörur. Í dag telur sá hópur 40 manns og á þessum tíma hafa vörur, einkaleyfasafn og framboð Össurar vaxið gríðarlega á öllum sviðum.

Við erum heppin hér heima að viðfangsefnin innan Össurar, landið okkar, náttúran, hreina orkan og lífsstíllinn, er aðlaðandi í augum íslenskra sem og erlendra sérfræðinga sem eru tilbúnir að þrauka í gegnum kalda og dimma vetur fyrir það sem við höfum upp á að bjóða. Í dag telur þróunardeildin öll vel á annað hundrað manns, deildin er fjölþjóðleg og starfa hér ólíkir sérfræðingar frá fimmtán mismunandi löndum. Fólk kemur frá mismunandi sérsviðum, ýmsum menningarheimum og frá mismunandi háskólum með frábrugðnar áherslur. Fjölbreytni teymisins er einnig í aldursbilinu. Margir búa yfir löngum starfsaldri hjá fyrirtækinu og hafa byggt upp áralanga reynslu á sínu sviði sem hefur skilað sér í nýsköpun og lausnum fyrir stoðtækjanotendur um allan heim. Einnig fáum við inn unga verk- og tæknifræðinga snemma á sínum starfsferli sem veita okkur innblástur með sinni sýn. Þá er gaman að sjá kynjahlutfallið jafnast út eftir því sem árin líða.

Þegar svo ólíkir sérfræðingar sitja saman í hóp með sömu vöruna fyrir framan sig eru allir með gjörólíka sýn, sem er gífurlega mikilvægt til að tryggja að lokaútkoman henti breiðum hópi notenda og uppfylli allar þær kröfur sem settar eru á vörurnar okkar. Það spilar enda svo ótal margt inn í þróun á vöru og margt sem þarf að huga að. Það er mikilvægt að taka mannlega þáttinn í upphafi þróunarferlisins og skoða út frá mismunandi sjónarhornum.“



**Hildur Einarsdóttir segir að fjölbreytni sérfræðinga og sjónarhorna sé lykilatriði þegar kemur að því að þróa og hanna stoðtæki sem bjóða raunverulega upp á líf án takmarkana fyrir notandann.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.




**Árið 2015 kynnti Össur nýja tækni sem gerir fólki með gervifætur og -hendur kleift að stýra með hugarafli (e. mind-controlled prosthetics).**

**Líf án takmarkana**

Einkunnarorð Össurar eru enda „Life without Limitations“ eða Líf án takmarkana. „Í starfi okkar leitumst við ávallt eftir því að skapa vörur sem henta lífsstíl og þörfum einstaklingsins, þannig að hann þurfi ekki að sníða lífsstíl sinn í kringum vöruna. Þar kemur mannlegi þátturinn inn. Við viljum að fóturinn eða höndin geti verið hluti af viðkomandi notanda. Fótur eða hönd mega hvorki vera of þung né of létt, of stór eða of lítil, svörunin þarf að vera hröð og varan þarf að vera örugg. Þá er líka gífurlega mikilvægt að vörurnar þoli allt það hnjask og álag sem notendur vilja setja á þær. Fólk á ekki að þurfa að læðast um, skelfingu lostið um að skemma vöruna. Þess vegna erum við mjög gróf í prófunum til að tryggja það að notandinn hafi raunverulegt gagn af vörunni í hvaða aðstæðum sem er.“

**Ferlið**

Hugmyndir að nýrri eða endurbættri vöru koma úr öllum áttum, innan þróunardeildarinnar, frá markaðsfræðingum fyrirtækisins en einnig frá notendum sem Össur er í samskiptum við. Ferlið sem ein vara fer í gegnum er afar vel skilgreint innan fyrirtækisins og tekur allt frá tólf mánuðum upp í fimm ár. „Tímalengdin veltur mikið á því hvort um sé að ræða glænýja vöru, tækni og efni, eða vöru sem byggð er á eldri útgáfu.

Það er mjög mikilvægt að varan sem við erum að þróa muni hafa vægi innan sviðsins, þjóni notandanum og sinni þörfum hans. Þetta eru fyrst og fremst lækningatæki og við þurfum að geta sýnt fram á að þau virki sem slík og skili tilætluðum árangri. En við þurfum líka að geta framleitt vörurnar á hagkvæman máta. Í ofanálag þurfa vörurnar að uppfylla kröfur frá mismunandi tryggingakerfum á okkar fjölmörgu markaðssvæðum þannig að notendur hafi yfirhöfuð aðgang að þeim. Þá koma markaðsdeildirnar og hagfræðingarnir sterk inn í ferlið.“

**Leiðandi um allan heim**

„Össur byggir á íslensku hugviti í þróun og framleiðslu á öllum sínum vörum og nýtur góðs af því hve vel er hlúð að nýsköpunarstarfi á Íslandi. Það er áhugavert fyrir Íslendinga að átta sig á að stoðtækin eru hönnuð og þróuð frá upphafi hér heima en svo dúkka þau upp víðs vegar um heiminn, á hjúkrunarheimilum jafnt sem á verðlaunapöllum Ólympíuleikanna. Að sama skapi er töluvert af okkar framleiðsluttækjum hannað og byggt innanhúss. Hugvitið og verkvitið sem verður til hér á Grjóthálsinum nýtist fólki um allan heim,“ segir Hildur að lokum.

# Víðtæk framleiðsla á vörum og tækni

**Stefán Örn Kristjánsson er framleiðslustjóri hjá Össuri en megnið af stoðtækjunum er framleitt hér á landi. Stefán segir tækni- og tækjaþróun einn mikilvægasta liðinn í framleiðsludeildinni, en deildin er stærsta eining fyrirtækisins með tilliti til verðmæti vara.**

Stefán er vélaverkfræðingur og hóf störf hjá Össuri árið 2003 sem sérfræðingur í þróunardeild og er búinn að ferðast um fyrirtækið síðan þá. „Ég hef í raun verið að skipta um hlutverk á 3-4 ára fresti en samt alltaf innan fyrirtækisins. Síðustu þrjú árin hef ég starfað sem framleiðslustjóri Össurar á Íslandi og er einnig með ábyrgð á starfsstöðinni okkar í Skotlandi.“

**Stór og öflug eining**

Stefán segir starf framleiðslustjórans vera af ýmsu tagi. „Fyrst og fremst daglegur rekstur á þessari framleiðslueiningu sem og stefnumótun og að framfylgja stefnu fyrirtækisins. Það er býsna stór framleiðslueiningin hérna á Íslandi, hún er með stærri framleiðslueiningum Össurar og ef við miðum við verðmæti vara sem við framleiðum þá er þetta líklega stærsta framleiðslueiningin.“

Í framleiðsludeildinni starfa um 220-230 starfsmenn. „Hér á landi framleiðum við nær allar stoðtækjavörurnar sem Össur selur. Fyrst og fremst eru þetta stoðtæki fyrir neðri útlimi, eins og koltrefjafætur sem við sjáum til dæmis reglulega fjallað um í tengslum við Ólympíuleikana en einnig gervihné, hulsur og fleira,“ greinir Stefán frá.

**Tölvugreind og hulsur**

„Við framleiðum líka hátæknivörur með gervigreind, eða „bionics“ eins og þær eru kallaðar, sem eru stoðtæki sem á einhvern hátt skynja notandann og umhverfið og aðlaga sig eftir því. Síðan erum við með íhlutaframleiðslu, renniverkstæði og samsetningu á ýmsum íhlutum sem við seljum.

Síðast en ekki síst framleiðum við sílíkonhulsur hérna á Íslandi sem er í raun og veru upphaflega vara fyrirtækisins. Hulsunni er rúllað upp á hinn aflimaða útlim, eða stúf eins og það er stundum kallað, og virkar sem ákveðin tenging á milli notandans og gervilimsins. Hulsan ver yfirborð húðarinnar og veitir líka ákveðna dempun þegar viðkomandi gengur. Þetta var fyrsta stóra vara Össurar og er enn þá stærsta vörulína fyrirtækisins.“

**Nýsköpunin mikilvæg**

Stefán segir lykilinn að góðum árangri umfram allt felast í mannauði og nýsköpun. „Við erum með rosalega gott fólk sem vinnur hérna. Annað sem ég get nefnt er það að við erum með mjög öfluga tækni- og tækjaþróun innan fyrirtækisins. Mjög stór hluti af okkar nýsköpun, sérstaklega á Íslandi, eru ekki bara vörurnar sem við seljum heldur líka tæknin sem við notum til að framleiða vörurnar,“ útskýrir hann.

„Við þróum, hönnum og framleiðum mikið af okkar tækjabúnaði, sem er svo notaður til að framleiða þær vörur sem við seljum. Þannig höfum við gríðarlega mikla stjórn á öllu vöruþróunarferlinu og getum samhliða hönnuninni sjálfri unnið að því að besta framleiðsluaðferðina til að tryggja framúrskarandi gæði og skilvirkni í framleiðslu.“

Stefán segir mikla bjartsýni og metnað einkenna starfsfólk deildarinnar. „Við erum stolt af mikilvægi framleiðslunnar á Íslandi og okkar þætti í velgengni fyrirtækisins og horfum björtum augum fram á veginn.“




**Stefán Örn Kristjánsson, framleiðslustjóri hjá Össuri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**2020**
**Í upphafi kórónuveirufaraldursins hér á landi framleiddi Össur flutnings- og einangrunarhjúpa og færði Landspítalanum að gjöf.**




**1986**
**Fyrsta vara Össurar var sílíkonhulsa (Iceross®) og má segja að sú uppgötvun hafi komið fyrirtækinu á kortið á alþjóðavísu.**

# Einn af fyrstu starfsmönnum Össurar

**Guðmundur Jakobsson stoðtækjasmiður átti sér draum um að verða bakari þegar hann ákvað að söðla um og læra blikksmíði. Sú ákvörðun leiddi hann á vit ævintýranna hjá Össuri.**

„Ég hef alltaf borið mikla virðingu fyrir hjartalæknum því þeir bjarga svo mörgum mannslífum, en við reynum að gefa aukin lífsgæði með þeim vörum sem við framleiðum hjá Össuri," segir stoðtækjasmiðurinn Guðmundur Jakobsson, einn af fyrstu starfsmönnum Össurar á Íslandi.

Guðmundur er búinn að standa vaktina hjá Össuri í 34 ár, eða síðan í október 1987.




Össur hf. var stofnað árið 1971 af Össuri Kristinssyni stoðtækjafræðingi ásamt nokkrum íslenskum samtökum lamaðra og fatlaðra. Í upphafi þjónaði Össur aðeins innanlandsmarkaði.

**Sílikonhulsan var upphafið að ævintýri Össurar**

„Fyrirtækið var þá með starfsemi á Hverfisgötu 105, þar sem tíu manna þéttur hópur vann saman og maður lærði fljótt að ganga í öll verk," segir Guðmundur.

Eitt af verkefnum Guðmundar var að setja upp tæki sem framleiddi fyrstu sílikonhulsur Össurar Kristinssonar sem nú eru orðnar frægar um allan heim.

„Össuri hugnaðist illa sú staðreynd að fólk þyrfti að koma oft til að breyta og bæta hulsuna sína því stúfar breytast í sífellu eftir útlimamissi. Hann vildi því hanna notendavænni vöru og úr varð hulsa úr sílikoni sem flytur núning á húðinni yfir á ytra borð sílikons, gerir stúfinn stöðugan og festir gervifætur mun betur við einstaklinginn. Þetta var tímamótauppfinning og með sílikonhulsunni hófst ævintýri Össurar sem ég hef verið þátttakandi í allar götur síðan," segir Guðmundur.

Þróunarvinna við sílikonhulsuna tók á þriðja ár, bæði hér heima og hjá Össuri sjálfum í Svíþjóð.

„Fyrsta kastið var þetta alltaf bras og stóð á brauðfótum, bæði að gera betur fyrir skjólstæðinga okkar og baráttan við kerfið. Þó fengu allir gervifætur sem þurftu, en allt var svo þungt í vöfum. Árin 1987 til 1993 gjörbreyttist smám saman þjónustan og varan okkar til hins betra, sem og samskipti við Sjúkratryggingar Íslands og heilbrigðiskerfið. Þegar við fengum Útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 1992 fóru hjólin svo að snúast fyrir alvöru."

**Samheldinn samstarfshópur**

Fyrstu árin voru vinnudagarnir langir hjá Össuri.

„En hópurinn var samheldinn og Össur sjálfur með svo stórtækar hugmyndir að menn urðu að hlaupa á eftir honum til að halda í við hann. Án hans hugmynda og þess góða mannskaps sem valdist í vinnu til hans værum við ekkert. Allir voru tilbúnir að leggja mikið á sig og þótt enginn gerði sér grein fyrir því þá að fyrirtækið yrði jafn stórt og það er í dag, né að við yrðum með jafn góða vöru og raun ber vitni, var eitthvað sem sagði okkur að við yrðum að gera enn betur í dag en í gær. Það er ástæða þess að Össur er enn til í dag og sú staðreynd að það vinnur enn framúrskarandi og frábært starfslið hjá Össuri."

Aðstæður voru frumstæðar en þetta gekk upp því menn voru samhentir í að láta hlutina ganga. Allir voru meðvitaðir um hvernig fyrirtækið gekk og tilbúnir að fara í þau verk sem komu upp á borðið hverju sinni." segir Guðmundur.

**Krafa um aukin lífsgæði**

Undanfarin tuttugu ár hefur krafan um aukin lífsgæði aukist mjög á meðal Íslendinga, segir Guðmundur.

„Á þeim 34 árum sem ég hef unnið hjá Össuri hefur þörf á gervilimum aukist mikið. Til að byrja með voru þetta tveir til fjórir einstaklingar á ári sem misst höfðu útlimi í sjó- eða bílslysum en upp úr 1990 förum við að sjá afleiðingar lífsstílssjúkdóma í auknum mæli. Þá voru þeir þrír til fimm á ári, en í dag missa um 35 manns útlimi á Íslandi á ári. Þar af fá sjö til sautján útlimi hjá okkur," upplýsir Guðmundur.

„Auk þess að taka á móti fólki sem misst hefur útlimi í slysum fáum við til okkar fólk sem er um sextugt og eldra og er að missa útlimi vegna sjúkdóma. Það er mikilvægt að koma því aftur út í lífið því það sparar gríðarlegar fjárhæðir fyrir heilbrigðiskerfið að fólk geti séð um sig sjálft. Þeir sem geta nýtt sér vörur Össurar í dag verða sífellt eldri því þær eru svo öflugar að fólk nær að lifa góðu lífi með þeim og heimaaðstoð, þótt við getum enn gert betur," útskýrir Guðmundur.



Guðmundur Jakobsson hefur starfað hjá Össuri í 34 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Á tuttugu árum hefur sú breyting orðið að fólk vill njóta meiri lífsgæða í lífi sínu, hvort sem það hefur misst útlim eða þjáist af slitgigt eða öðru. Fólk lifir lengur og í dag er fólk um og yfir sjötugt mikið í útivist og hreyfingu og í miklu betra formi en jafnaldrar þess voru á árum áður. Það gerir meiri kröfur til sjálfs sín um að vera í betra formi og lifa betra lífi, en einnig meiri kröfur til vörunnar sem við framleiðum, eins og spelkur sem hjálpa þeim til aukinna lífsgæða."

**Hröð tækniþróun**

Guðmundur segir þjónustuna persónulega og að fólk leggi allt traust sitt í hendur starfsfólks Össurar.

„Við erum alltaf að reyna að bæta tæknina og búa til betri vöru. Maður þarf að mæta til vinnu á hverjum morgni og vera opinn fyrir því að geta breytt því sem við unnum að fyrir ári síðan. Við vitum að þróunin er hröð og sífellt bætast við nýjar vörur sem geta hjálpað fólki enn betur að lifa lífinu til fulls með þeim annmörkum sem eru," segir Guðmundur.

Alls vinna tólf manns á stoðtækjaverkstæði Össurar.

„Við erum engir töframenn en vitum að við getum gert eitt og annað, og reynum að hjálpa öllum á sem bestan hátt. Væntingarnar eru eðlilega miklar og munu síst minnka í framtíðinni, en þetta er mjög gefandi starf."

**Spennandi verkefni**

Verkefnin hjá Össuri hafa alltaf verið fjölbreytt og spennandi, að sögn Guðmundar.

„Ég hef fengið að snerta á hlutum utan landsteinanna, meðal annars farið til Lahore í Pakistan árið 2006, sem ég hafði aldrei heyrt minnst á, en voru þá einar af uppeldisstöðvum hryðjuverkasamtakanna al-Kaída. Einnig þjónustum við Sjúkrahúsið í Færeyjum og förum þangað nokkrum sinnum á ári til að smíða stoðtæki, sem er afar skemmtilegt," segir Guðmundur sæll í sinni.

„Frá upphafi hefur Össur verið keðja bundin saman af gríðarlega færu fólki. Við fáum til starfa ótrúlega flott fólk sem er með svo frjóar hugmyndir að maður gapir af undrun. Framtíðin er svo sannarlega björt."

50 1971-2021 ÖSSUR LIFE WITHOUT LIMITATIONS

# Frábært afreksfólk

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kynntist starfi Össurar í sinni fyrstu opinberu heimsókn til útlanda árið 2016. Hann gaf sér meðal annars tíma til að kynnast íþróttafólki í Team Össur sem var að keppa á Ólympíuleikum fatlaðra í Ríó. Árið 2019 tók forsetinn einnig á móti hópi íþróttafólks sem mun keppa á leikunum í Tokýó nú í sumar.

ÖSSUR LIFE WITHOUT LIMITATIONS | Nike

Össur hefur verið í samstarfi við íþróttavörurisann Nike frá 2011 um þróun og hönnun á hlaupasólum fyrir gervifætur.




Myndin var tekin á Ólympíuleikum fatlaðra í Ríó árið 2016.



Team Össur í heimsókn á Bessastöðum.

# Össur tók mig strax upp á arma sína

**Vilborg Arna Gissurardóttir þakkar það CTi®-liðbandaspelku frá Össuri að geta klifið fjöll og firnindi eins og ekkert hafi í skorist þrátt fyrir að hafa slitið krossband og þurft að gangast undir aðgerð í fyrra.**

„Þetta var bara smá bylta á skíðum og ég datt ekkert illa, en heyrði strax óhugnanlegan smell í hnénu og vissi um leið hvað biði mín,“ segir ævintýrakonan, pólfarinn og fjallaleiðsögumaðurinn Vilborg Arna Gissurardóttir.

Vilborg varð fyrir því óláni í fyrra að slíta krossband og laska sitthvað fleira í hnénu. Fram undan voru mörg stór verkefni og því góð ráð dýr.

„Í samstarfi við Össur og lækninn sem aðstoðaði mig við meiðslin fundum við út að ég gæti haldið mínu striki með því að nota CTi-liðbandaspelku frá Össuri, á meðan ég biði þess að komast í aðgerð. Það reyndist rétt því ég fór um allt með spelkuna góðu, upp á Hvannadalshnjúk, yfir Vatnajökul og fleira,“ segir Vilborg kát.

„Ég hef einstaklega góða reynslu af vörunni. Ég leitaði til Össurar og þau tóku mig strax upp á arma sína. Þjónustan var lausnamiðuð, hlýleg og persónuleg. Ég var tekin í viðtal, svo var mátað, græjað og gert til að finna bestu lausnina, spelkan löguð að mér og öllu fylgt vel eftir. Ég kann líka alltaf vel að meta það þegar mér er ekki bannað að gera hlutina heldur þvert á móti hjálpað til þess.“



Vilborg Arna með CTi-liðbandaspelkuna góðu frá Össuri.



Vilborg getur farið hvert sem er með spelkuna frá Össuri og lætur ekkert stoppa sig í krefjandi sporti og útivist. MYNDIR/HÓLMFRÍÐUR VALA SVAVARSDÓTTIR

### Spelkan skipti sköpum

CTi-liðbandaspelkan veitti hné Vilborgar mikilvægan stuðning og hélt því stöðugu svo meiðslin yrðu ekki meiri á meðan hún beið þess að komast í aðgerð.

„Spelkan skipti sköpum fyrir mig og án hennar hefði verið útilokað fyrir mig að stunda útivist og hreyfingu eins og ég geri. Nú eru komnir níu mánuðir síðan ég fór í aðgerð og ég hef notað spelkuna áfram, á meðan ég er að vinna mig til baka og ná fullum styrk. Ég stunda krefjandi íþróttir og fætur mínir að mörgu leyti mitt atvinnutæki, svo alltaf þegar ég er að prófa eitthvað nýtt og á meðan ég er að vinna upp sjálfstraustið aftur, að sjá hvað ég get og hvert ég er komin í bataferlinu, nota ég liðbandaspelkuna frá Össuri,“ segir Vilborg.

Hún er á góðri leið með að ná sínum fyrri styrk og færni.

„Ég er nú þegar orðin mjög góð og á endanum verð ég jafn góð og áður en þetta tekur tíma og er þolinmæðisvinna. Ég tek eitt skref í einu og þegar ég er komin með

> **Spelkan skipti sköpum fyrir mig og án hennar hefði verið útilokað að stunda útivist og hreyfingu eins og ég geri.**
>
> Vilborg Arna Gissurardóttir

vald á því held ég áfram. Hnéð er orðið nógu sterkt, en þetta snýst um að styrkja vöðva í kringum skaðasvæðið, að þeir séu orðnir nógu sterkir til að halda við og veita hnénu stuðning. Þangað til er liðbandaspelkan ómissandi hjálpartæki, ekki síst í óvægnara sporti þar sem meiri hætta er á að ég meiði mig. Því fylgir svo ákveðið sjálfstraust að vera með hjálpartæki á fætinum. Þá er maður öruggari með að spelkan komi í veg fyrir að eitthvað slæmt gerist og það gerir manni kleift að gera óhikað það sem maður vill gera.“

### Býr á Íslandi og í Slóveníu

Vilborg Arna býr nú í slóvensku Ölpunum með slóvenskum manni sínum og tveimur stjúpsonum.

„Við erum dugleg að hreyfa okkur og gera ýmislegt okkur til ánægju saman og með krökkunum, en svo kem ég reglulega heim til Íslands til að vinna því minn markhópur er hér og fram undan eru ferðir yfir og inn á Vatnajökul og fleiri fjallabröltsferðir. Ég segir stundum að ég njóti þess besta beggja vegna Atlantshafsins, því landslag Alpafjallanna er stórfenglega fagurt og veðrið í Slóveníu geggjað, en svo jafnast ekkert á við íslenska náttúru og bjartar sumarnætur, né dansandi norðurljós á íslenskum himni í vetrarferðum. Vonandi kem ég mun oftar heim þegar heimsfaraldurinn er yfirstaðinn.“

# Líf mitt væri allt öðruvísi án gervifótarins

**Hilmar Snær Örvarsson er afreksmaður á skíðum sem unnið hefur til fjölda verðlauna undanfarin ár. Hilmar missti annan fótinn átta ára gamall vegna krabbameins og segir gervifæturna frá Össuri hafa aukið lífsgæði sín til muna.**

Hilmar Snær er á 21. ári og stundar nám í læknisfræðilegri verkfræði við Háskóla Íslands. Auk skíðamennskunnar stundar hann golf á sumrin og æfir CrossFit með því.

Hilmar kynntist þjónustu Össurar fyrir rúmum tíu árum í kjölfar þess að hann greindist með krabbamein í hné. „Eftir að ég greindist með krabbamein árið 2009 var frekar ljóst að ég þyrfti á gervifæti að halda. Þá var haft samband við Össur og síðan þá hef ég gengið um á gervifæti frá Össuri.“



Hilmar Snær missti annan fótinn á barnsaldri og segir gervifætur frá Össuri hafa aukið lífsgæði sín til muna.



Hilmar segir vörurnar frá Össuri hafa haft gríðarlega mikla þýðingu fyrir sig. MYNDIR/AÐSENDAR

### Vörurnar sem Hilmar notar

Hilmar rifjar upp fyrstu vöruna sem hann fékk frá Össuri. „Fyrsta varan sem ég fékk frá Össuri var gervifótur með Vari-Flex® ökkla,“ segir hann. „Núna er ég á gervifæti með Pro-Flex® ökkla og labba á honum á sumrin, hann hefur reynst mér vel þar sem ég geng mikið í golfi og að hafa góðan gervifót minnkar álagið.“

Á skíðunum notar Hilmar sérstakar hlífar til þess að verja hendurnar. „Guðmundur stoðtækjafræðingur og Jóhannes stoðtækjasmiður útbjuggu fyrir mig sérhannaðar hlífar á hendurnar sem hafa nýst mér mjög vel og ég hef notað mikið á skíðum, en hlífarnar verja mig fyrir marblettum og frekari meiðslum.“

Utan íþrótta notar Hilmar sérstakan hlaupafót sem komið hefur að góðum notum undanfarið ár. „Ég nota hlaupafót með Cheetah-fjöðrinni. Hlaupafóturinn hefur nýst mér sérstaklega vel þegar þurft hefur að loka líkamsræktarstöðvum í COVID.“

### Verðlaun og viðurkenningar

Hilmar varð í fyrra fyrstur Íslendinga til að vinna Evrópumótaröð IPC í alpagreinum. Hann segir árangurinn afar ánægjulegan. „Það var markmið vetrarins og góð tilfinning að hafa náð því.“

Þá var hann valinn íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra í fyrra, en hann segir

> **Vörurnar frá Össuri hafa aukið lífsgæði mín til muna. Gervifóturinn er það fyrsta sem ég fer í á morgnana og það seinasta sem ég geri á kvöldin er að fara úr fætinum.**
>
> Hilmar Snær Örvarsson

viðurkenninguna mikils virði. „Það var mikill heiður og mjög gaman að fá að vera fyrirmynd annarra íþróttamanna í mínum sporum.“

Hilmar segir vörurnar frá Össuri hafa haft gríðarlega mikla þýðingu fyrir sig. „Vörurnar frá Össuri hafa aukið lífsgæði mín til muna. Gervifóturinn er það fyrsta sem ég fer í á morgnana og það seinasta sem ég geri á kvöldin er að fara úr fætinum.

Líf mitt væri allt öðruvísi ef ég ætti ekki svona góðan gervifót. Ég er mjög þakklátur fyrir allan stuðninginn og þjónustuna sem Össur hefur veitt mér síðustu tólf árin.“

# Faglegar lausnir sem auka lífsgæði

**Össur hefur þjónað innanlandsmarkaði á Íslandi frá stofnun og býður upp á alhliða þjónustu og sérfræðiráðgjöf í vali og sérsmíði á stoð- og stuðningsvörum. Markmiðið er að auka lífsgæði með sérgerðum vörum og þjónustu.**



María Jónasdóttir, forstöðumaður innanlandsdeildar Össurar, segir stoðtækjafræðinga veita faglega ráðgjöf og kenna á tækin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hvort sem fólk þarf sérsmíðaða spelku, innlegg, sjúkraskó, handaspelku, bakbelti eða gervifót, þá er hægt að finna réttu lausnina hjá Össuri. María Jónasdóttir, forstöðumaður innanlandsdeildar, segir að áhersla sé lögð á að veita framúrskarandi þjónustu hver sem þörfin er.

„Þjónustan okkar miðast við að finna faglegar lausnir til að auka lífsgæði og vöruúrvalið er mjög fjölbreytt,“ segir María.

„Við erum að sjálfsögðu með gervifætur fyrir alla notendahópa og höfum líka verið mjög framarlega í að búa til rafstýrðar gervihendur. Nýlega bættist líka við sjúkraskósmiður hjá okkur en mikil þörf er á bæklunarskóm, sjúkraskóm, stöðluðum og sérsmíðuðum innleggjum,“ útskýrir hún.

„Slitgigt hefur aukist verulega. Því eru slitgigtarspelkur mikið notaðar og þar erum við í góðu samstarfi við lækna. Við bjóðum líka upp á ökkla- og úlnliðsspelkur svo eitthvað sé nefnt. Við erum líka með ýmiss konar stuðningshlífar og stuðningssokka og notkun koltrefjainnleggja hefur aukist. Þau eru oft notuð sem meðferðarúrræði við tábroti eða ristarbroti.“

María segir að yfirleitt fái fólk umsókn frá lækni um styrk til kaupa á hjálpartæki áður en það kemur til Össurar, en Sjúkratryggingar veita í mörgum tilfellum styrki til kaupa á hjálpartækjum samkvæmt samningum.

„Fólk hefur líka komið til okkar án tilvísunar og vill greiða sjálft. Það er ekkert því til fyrirstöðu en það er mikilvægt að fólk panti fyrst tíma hjá stoðtækjafræðingi sem veitir nauðsynlega ráðgjöf. Ef fólk er að kaupa hefðbundnar vörur eins og stuðningshlífar eða handarspelkur sem fást í búðinni hjá okkur, þá er hægt að koma inn beint af götunni.“

> **Þetta eru miklir sigrar þegar rétta lausnin finnst. Til dæmis geta innlegg gert miklu meira fyrir fólk en það gæti trúað.**
>
> María Jónasdóttir

### Mikilvægt að bóka tíma

Stoðtækjafræðingar hjá Össuri hafa sérfræðiþekkingu og veita faglega ráðgjöf og kenna fólki hvernig á að nota hjálpartækin rétt. „Skiljanlega þarf fólk oft að prófa og fá ráðleggingar áður en rétt vara er fundin. Það þarf að vera visst um að rétt vara sé fundin fyrir hvert tilfelli,“ segir María.

„Það er skemmtilegt að sjá þegar fólk labbar út frá okkur, að þá gleymir það kannski stafnum eða hækjunni. Það er gaman að sjá fólk brosa því það finnur minni verki og hreyfir höndina eða stígur léttara af stað en þegar það kom. Þetta eru miklir sigrar þegar rétta lausnin finnst. Til dæmis geta innlegg gert miklu meira fyrir fólk en það gæti trúað.“

María segir að þó að starfsstöð Össurar hér á landi sé í Reykjavík þá þjónusti stoðtækjafræðingar fyrirtækisins landsbyggðina líka. Þeir heimsækja Akureyri, Ísafjörð og fleiri staði reglulega og bjóða upp á ráðgjöf og þjónustu þar. „Það er ánægjulegt hve mikið innanlandsþjónustan hefur þróast í gegnum árin samhliða vexti Össurar á erlendum mörkuðum“, segir María að lokum.




# Getur snarbætt lífið

**Slökkviliðsmanninn Guðjón Sigurð Guðjónsson skortir brjósk í hægra hné, sem hefur valdið honum miklum verkjum. En Unloader One® X slitgigtarspelkan hefur bætt lífsgæði hans verulega, minnkað verkina til muna og gert honum kleift að sinna vinnunni og njóta lífsins.**

Guðjón Sigurður Guðjónsson er með 25 ára reynslu sem slökkviliðsmaður og starfandi aðstoðarvarðstjóri hjá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur notað Unloader One® X slitgigtarspelkuna frá Össuri síðan síðasta sumar og segir að hún hafi bætt lífsgæði sín verulega.

„Ég hef verið með spelkuna síðan í ágúst í fyrra og nota hana vegna þess að brjóskið í innanverðu hægra hné er bara búið,“ segir hann. „Ég var að vinna sem iðnaðarmaður í langan tíma og hef verið að skríða á hnjánum í þeirri vinnu, auk þess sem alls konar íþróttir hafa valdið álagsmeiðslum.

Ég ræddi við bæklunarlækni og hann benti mér á að þessi spelka gæti verið góður kostur fyrir mig. Ég fékk bara tíma hjá Össuri til að máta og þar var afskaplega vel tekið á móti mér,“ segir Guðjón. „Um leið og ég var kominn með spelkuna og labbaði af stað fann ég að þetta gaf álíka verkjastillingu og tvær verkjatöflur. Ég var búinn að borða mikið af íbúfeni vegna verkja en nú er ég eiginlega hættur því og þarf bara að taka bólgueyðandi vegna bjúgmyndunar í hnénu af og til.

Það kom mér á óvart hvað spelkan virkaði vel. Ég var búinn að gera mér væntingar um að þetta myndi hjálpa eitthvað, en hún gerði meira en ég þorði að vona,“ segir Guðjón. „Nú nota ég hana daglega, bæði í vinnunni og frístundum. Það að smella henni á sig er bara orðið partur af því að klæða sig á morgnana og byrja daginn.“



Guðjón Sigurður Guðjónsson hefur notað Unloader One® X slitgigtarspelkuna frá Össuri síðan síðasta sumar og segir að hún hafi bætt lífsgæði sín verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Spelkan gerir meira fyrir Guðjón en hann hafði þorað að vona og nú notar hann hana daglega, bæði í vinnunni og frístundum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Allt annað og betra líf

„Spelkan gerir mér kleift að gera allt sem mér dettur í hug. Ég hef til dæmis gaman af því að ganga og geng mikið með hundinn minn, en það var orðið kvíðaefni að fara út á morgnana og kvöldin,“ segir Guðjón. „Núna arka ég bara af stað og kem heim með hundinn dauðþreyttan.



Unloader hnéspelkurnar voru upphaflega hannaðar árið 1986 og hafa tekið miklum framförum.

Þetta er mikill lífsgæðamunur, bara allt, allt annað,“ segir Guðjón. „Ég er ekki alveg verkjalaus, en ég er kannski með 25% af verknum sem var áður og það koma mun sjaldnar bólgur og önnur svoleiðis leiðindi í hnéð.

Í vinnunni minni þarf ég að vera mikið á hreyfingu og annað hvort að standa við stjórnun eða taka þátt í verkefnum og spelkan bjargar því einfaldlega að ég geti sinnt minni vinnu,“ segir Guðjón. „Ég er ekki nógu slæmur til að fara í liðskipti og brjóskið grær víst ekki, þannig að þetta mun koma mér í gegnum næstu árin.

Ég myndi algjörlega mæla með þessari spelku fyrir alla þá sem geta notað hana,“ segir Guðjón. „Þetta getur snarbætt líf fólks sem glímir við ýmis vandamál í hnjám og gefið því frelsi til að labba og þess háttar án þess að vera í tómum vandræðum.“

# Gjöfult samstarf Íþróttasambands fatlaðra og Össurar

**Á seinni hluta sjöunda áratugarins gekk yfir Evrópu heilsualda sem ruddi á undan sér afar mikilvægum breytingum sem áttu eftir að hafa ómæld áhrif á lífsgæði og íþróttaiðkun fatlaðra, hér á landi og um allan heim.**

Markmiðið var að efla almenningsíþróttir en þannig náði skokk til að mynda miklum vinsældum. „Þó svo flestir hafi gert sér grein fyrir að íþróttir fatlaðra væru í raun mikilvægari fyrir mikið fatlaða einstaklinga heldur en ófatlaða, sérstaklega þegar kemur að endurhæfingu, þá er íþróttaiðkun fatlaðra eins og við þekkjum hana í dag alls ekki svo gömul í hettunni,“ segir Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Íþróttasambands fatlaðra.

„Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) fylgdist vel með þessari þróun og ákvað árið 1970 að beita sér fyrir svokallaðri „trimmherferð“. Meðfram því studdi sambandið að aukinni íþróttaiðkun meðal fatlaðra með stofnun íþróttafélaga og sérsambands. Það er mikil gæfa að Íþróttasamband fatlaðra skyldi hafa verið stofnað af íþróttahreyfingunni, en sú staðreynd hefur tryggt að íþróttir hafi ávallt verið í forgrunni hjá félaginu, fremur en fötlun viðkomandi einstaklinga,“ segir Ólafur.

Í dag er starfandi 21 íþróttafélag fyrir fatlaða um land allt en þau fyrstu voru stofnuð árið 1974 í Reykjavík og á Akureyri. Íþróttasamband fatlaðra var svo stofnað 17. maí árið 1979. „Tilgangur stofnunar sambandsins var og er að vera æðsti aðili um íþróttir fatlaðra innan vébanda Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Þannig hefur ÍF yfirumsjón með allri íþróttastarfsemi fatlaðra og vinnur að eflingu hennar meðal fatlaðra og að koma fram erlendis í því sambandi. Til gamans má geta að fyrsta Íslandsmót fatlaðra var Íslandsmót í lyftingum, sem fram fór í sjónvarpssal 1977 og muna væntanlega margir eftir því,“ segir Ólafur.



Team Össur er afrekshópur alþjóðlegs íþróttafólks sem notar stoðtæki, framleidd hjá Össuri.

### Gjöfult samstarf

ÍF á öfluga bakhjarla sem hafa í gegnum tíðina staðið þétt við bak sambandsins hvernig sem árað hefur. Össur hefur verið einn af aðalstyrktaraðilum ÍF í aldarfjórðung og hófst gjöfult samstarf félaganna tveggja árið 1991. Að sögn Ólafs varð sýnileiki ÍF og íþrótta fatlaðra meiri með sterkri stöðu í seinni tíð. „Árið 1992 tóku til að mynda um 350 manns þátt í göngunni „Í spor fatlaðra“ sem sambandið og Össur stóðu fyrir. Tilgangurinn var að vekja athygli Íslendinga á Ólympíumótum fatlaðra í Barcelona og Madrid sem fram fóru seinna þetta sama ár. Verndari göngunnar var þáverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, og gengu þar ýmsir þjóðþekktir einstaklingar um 300 metra hver og var notast við spelkur og hækjur, gerviökkla, hjólastóla og blindrastaf.“ Þannig hefur fyrirtækið auglýst samstarf sitt við sambandið og bæði hafa Össur og ÍF nýtt sér þá jákvæðu ímynd sem báðir aðilar hafa í augum alls almennings.




Ólafur Magnússon segir að gjöfult samstarf Össurar og ÍF geri sambandinu kleift að taka langtímaákvarðanir um ýmislegt eins og mótahald, fræðslu- og útbreiðslustarf og þátttöku í stórmótum erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Öruggt samstarf tryggir árangur

ÍF hefur gert samstarfssamninga við Össur til fjögurra ára. „Með slíkum langtímasamningum skapast mikilvægur fyrirsjáanleiki í rekstri sem hefur gert sambandinu kleift að taka ákvarðanir um ýmis mál sem lúta að rekstri sambandsins eins og um mótahald, fræðslu- og útbreiðslustarf og þátttöku í stórmótum erlendis.“ Þannig hefur tryggur, fjárhagslegur stuðningur Össurar gert sambandinu mögulegt að skapa afreksfólki ÍF og íþróttafólki almennt á Íslandi nauðsynlega umgjörð til að vera í fremstu röð á alþjóðavettvangi. „98 verðlaun á Ólympíumótum fatlaðra/Paralympics og þar af 36 gullverðlaun segir það sem segja þarf um árangur fatlaðra íþróttamanna á alþjóðavettvangi,“ segir Ólafur.

„Stuðningur Össurar hefur ekki einungis verið fjárhagslegur því fatlaðir, íslenskir íþróttamenn hafa notað hin ýmsu stoðtæki sem Össur hefur framleitt fyrir fatlað íþróttafólk með frábærum árangri. Áratuga ánægjulegt samstarf Össurar við ÍF er því nokkuð sem erfitt er að koma í orð og þakka,“ segir Ólafur að lokum.

# Áhersla á aukin lífsgæði og umhverfismál

**Össur hefur sett sér metnaðarfull markmið hvað varðar samfélagsábyrgð og árangurinn er eftirtektarverður. Fyrirtækið hefur valið sér fjögur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til að fylgja sérstaklega eftir.**

Sigurborg Arnarsdóttir er sérfræðingur í samfélagslegri ábyrgð hjá Össuri. Hún segir að stefna Össurar í samfélagsábyrgð sé að auka jákvæð áhrif og minnka neikvæð.

„Þegar við tölum um að minnka neikvæð áhrif liggur beinast við að líta á umhverfismálin. En við getum líka haft neikvæð áhrif með slæmum viðskiptaháttum. Við höfum verið að byggja upp heildstæða stefnu, m.a. í tengslum við viðskiptahætti, en sem heilbrigðisfyrirtæki í alþjóðlegu rekstrarumhverfi þá eru spilling og mútur einn af þeim áhættuþáttum sem við þurfum að vera vakandi fyrir,“ útskýrir Sigurborg.

„Áður fyrr þótti það jafnvel eðlilegt að bjóða sporslur fyrir að selja ákveðnar vörur, eða aðrar fyrirgreiðslur, en það er breytt í dag og löggjöf í flestum löndum sem bannar slíkt. Þó svo að við teljum okkur vera með þessa hluti í lagi hjá okkur, þá þurfum við að vera á varðbergi og passa upp á að stefna okkar og áherslur í þessum málum nái til starfsfólks og hvetja það til að láta vita verði það vart við slíkt. Við höfum meðal annars komið upp kerfi „Ossur Speak Up Line“ sem gerir starfsfólki kleift að láta vita ef eitthvað er í gangi sem fellur ekki undir gott viðskiptasiðferði og er almennt brot á reglum fyrirtækisins. Fyrir þá sem það kjósa, þá er hægt að gera þetta nafnlaust.“




**Sigurborg Arnarsdóttir, sérfræðingur í samfélagslegri ábyrgð, og Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, sérfræðingur í sjálfbærni, umhverfis- og öryggismálum hjá Össuri, segja stefnu Össurar að auka jákvæð áhrif.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Aukin lífsgæði**

Sigurborg nefnir að þær vörur sem fyrirtækið framleiðir hafa jákvæð, samfélagsleg áhrif.

„Stærsta framlag okkar til samfélagsins eru vörurnar, en þær auka lífsgæði fólks og gera því kleift að stunda vinnu og taka virkan þátt í samfélaginu. Eitt af þeim fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem við hjá Össuri höfum valið er markmið númer þrjú og setjum við sérstaka áherslu á það, þar sem að við getum haft veruleg áhrif. Þetta markmið snýst um heilsu og vellíðan og að stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan allra aldurshópa,“ útskýrir Sigurborg.

„Í tengslum við þetta markmið þá höfum við ákveðið að setja sérstaka áherslu á vörur sem henta fólki sem er 65 ára og eldra, sem er stór hluti af okkar viðskiptavinum. Það er staðreynd að á flestum okkar markaðssvæðum hefur eldra fólk lakara aðgengi að hátæknivörum en þeir sem yngri eru. Það er okkar sýn að hægt sé að veita stoðtækjanotendum í þessum aldursflokki aukið sjálfstæði og meiri hreyfanleika sem skilar sér í auknum lífsgæðum og leggjum við sérstaka áherslu á að hanna vörur sem henta þessum hópi. Þetta eru til dæmis vörur sem auðvelt er að setja á sig sitjandi. Á sama tíma erum við að gera prófanir á vörum fyrir þennan aldurshóp með það að markmiði að sýna fram á kosti þess að þessi hópur geti haldið virkni lengur.“

Hin þrjú heimsmarkmiðin sem Össur leggur sérstaka áherslu á eru: Jafnrétti kynjanna (markmið 5), Ábyrg neysla og framleiðsla (markmið 12) og Aðgerðir í loftslagsmálum (markmið 13).

„Við höfum sterka stöðu á Íslandi hvað varðar jafnrétti kynjanna. En margir kollegar okkar í öðrum löndum eiga lengra í land,“ segir Sigurborg. „Við fengum jafnlaunavottun hér á Íslandi um leið og byrjað var að gefa slíka vottun. En við viljum líka leggja áherslu á jafnrétti kynjanna hjá dótturfélögum okkar erlendis. Við fylgjumst með kynjahlutföllum á öllum stjórnendastigum og leggjum okkur fram við að bæta þau. Stjórnendur í fyrirtækinu okkar eru sammála þessari stefnu og er það okkar reynsla að þeir sjái kostina og hafi metnað fyrir því að bæta þetta.“

**Kolefnishlutlaust fyrirtæki**

Össur hefur sett sér það markmið að verða kolefnishlutlaust á afmælisárinu, 2021. Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir, sérfræðingur í sjálfbærni, umhverfis- og öryggismálum, segir að hugmyndin að þessu markmiði hafi komið fram fyrri part síðasta árs.

„Í byrjun vorum við að horfa til þess að setja okkur markmið um kolefnishlutleysi árið 2025 eins og sum fyrirtæki eru að gera. Hins vegar, þegar við sáum að það væri

> **Stærsta framlag okkar til samfélagsins eru vörurnar, en þau auka lífsgæði fólks og gera því kleift að stunda vinnu og taka virkan þátt í samfélaginu“**
>
> Sigurborg Arnarsdóttir

gerlegt á sjálfu 50 ára afmælisárinu þá stukkum við af stað með hugrekkið í farteskinu og höfum unnið hörðum höndum undanfarna mánuði við að safna upplýsingum til að ná enn betur utan um kolefnisspor fyrirtækisins og setja fram aðgerðaáætlun að kolefnishlutleysi. Við erum verulega stolt af þessu markmiði og það er gaman að ná því á afmælisárinu,“ segir hún.

„Við stefnum að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum, eins og t.d. flutningi, ferðalögum og bílaflota, og auka orkunýtingu almennt. Við ætlum að tryggja að raforkan sem við kaupum komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum og jafna út þá losun sem við komumst ekki hjá, með því að styðja við verkefni sem draga úr losun. Þau verkefni sem við styðjum eru öll vottuð samkvæmt hæstu alþjóðlegu gæðakröfum.“

Bergþóra segir að fyrirtækið hafi verið með umhverfisstefnu í mörg ár. Meginmarkmiðið er alltaf að draga úr umhverfisáhrifum fyrirtækisins en auk þess er lögð mikil áhersla á stöðugar úrbætur og að virkja starfsfólk til þátttöku.

„Hver starfsmaður er sérfræðingur í sínu starfi og veit því oft best hvernig hægt er að bæta það,“ útskýrir hún. „Við erum með tillögukerfi þar sem starfsmenn koma með tillögur að úrbótum í umhverfis-, öryggis- og gæðamálum. Þannig vinnum við saman að stöðugum úrbótum og á hverju ári verðlaunum við svo bestu tillögurnar.“





Við styðjum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við bjóðum upp á vörur og þjónustu sem stuðla að góðri heilsu og vellíðan, notum ábyrgar framleiðsluaðferðir, styðjum aðgerðir í loftslagsmálum og vinnum að jöfnum rétti kynjanna.

50 1971-2021 ÖSSUR LIFE WITHOUT LIMITATIONS



**STUDIO Christina shiffon tunika**
Stærð 40-56
**Verð kr. 14.980**



**STUDIO Annette skyrtukjóll**
Stærð 40-56
**Verð kr. 13.980**



**SANDGAARD Stockholm síð skyrta**
Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu
Stærð 36-54
**Verð kr. 12.980**



**ROBELL Bella 09**
Hvítar ökklabuxur með silfur doppum
Stærð 38-52
**Verð kr. 13.980**



**FRANDSEN jakki**
Stærð 40-54
**Verð kr. 34.980**

yesta · yest · no secret · Q'neel · ROBELL · ZHENZI · ZEZE Nordic · OPHILIA



**ZEZE Janel shiffon kjóll með pífum**
Fæst í beige, bleiku og báu
Stærð 38-48
**Verð kr. 9.990**



**ZEZE Huri ermalaus pífukjóll**
Fæst í beige og svörtu
Stærð 38-48
**Verð kr. 9.990**



**ZEZE Jakki**
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48
**Verð kr. 12.990**



**ZEZE Sanne gallabuxur**
Stærðir 38-48
**Verð kr. 9.990**



**SUNDAY kvartermabolur**
Fleiri litir og mynstur til
Stærðir 38-54
**Verð kr.9.980**

SYBEL · festival DENMARK · STUDIO · GOZZIP · SANDGAARD · LASESSOR
FRANDSEN · Tamaris · Handberg · Jana



**FESTIVAL KATE 50 den legging**
Fást í hvítu og svörtu
Stærð 38-56
**Verð kr. 3.490**



**FESTIVAL 60 den legging**
Fást í beige og navy bláu
Stærð 38-56
**Verð kr. 3.990**



**FESTIVAL Hjólabuxur með blúndu**
Stærð 38-56
**Verð kr. 4.990**




**FESTIVAL bambus sokkar**
Margir litir til
Stærð 35-42
**Verð kr. 1.290**



**JANA hælaskór með bandi**
Fást í svörtu og beige
Stærð 37-41
**Verð kr. 7.980**



**TAMARIS inniskór**
Fást í nokkrum litum
Stærð 37-42
**Verð kr. 9.990**

Verslunin Belladonna

# belladonna

Líttu við á
**belladonna.is**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Óplægðir og heillandi, bleikir tískuakrar



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

**Tískupallarnir fyrir vor- og sumartískuna 2021 iðuðu af lífi, djörfum sniðum og björtum litum og eitt af því sem mörgum þótti sérstaklega áberandi var bleiki liturinn.**

Það er ekki bara einn bleikur litatónn sem mun tröllríða öllu í sumar, heldur heill regnbogi af bleikum litum og tónum. Vatnsmelónur, eyrarrósableikur, magenta, rósbleikur, ferskjubleikur, ljósbleikur, skærbleikur, rústbleikur og svo framvegis. Allt bleikt er leyfilegt í sumar.

Þrátt fyrir að margir telji bleika litinn bera með sér kvenlegt yfirbragð þá mega öll kyn að sjálfsögðu skarta þessum fallega, bjarta, æsandi eða róandi lit, enda er til bleikur litatónn fyrir hvern einasta húðlit, kyn eða persónuleika. Ein frægasta setning Íslendingasagnanna kemur enda úr munni Njáls Þorgeirssonar á Bergþórshvoli sem mælti: „Fögur er hlíðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar en slegin tún, og mun eg ríða heim aftur og fara hvergi,“ sem sýnir að karlmenni geta vel heillast af bleika litnum líkt og aðrir.

Fyrir þau sem vilja dýfa stórutánni í Bleikahafið þá er alltaf hægt að næla sér í bleika fylgihluti líkt og ljósbleiku hliðartöskuna frá Max Mara, skarta ferskjubleikum skartgrip, setja bindishnút í rósbleikt bindi eða grafa upp skærbleika varalitinn sem hefur legið á botni snyrtivörutöskunnar síðan faraldurinn hófst og bera hann á sólarþyrstar varirnar.



Boss er með puttann á púlsinum í þessum albleika klæðnaði sem fyrirsætan klæddist á tískupallinum í Mílanó í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY.



Max Mara sýndi þessa sjúklegu, ljósbleiku hliðartösku á tískusýningu í Mílanó í september 2020.



Tískupallarnir í París og Balmain endurspegluðu einnig ást mannskynsins alls á bleika litnum.



Bleikt á bleikt. Blumarine fer hér alla leið í ljósbleikum og rómantískum stuttum kjól, fjaðurham og fuchsia bleikum fylgihlut.

# Heldur manni gjörsamlega gangandi

**Pálína Sigurlaug Jónsdóttir hóf inntöku á túrmerik- og fjallagrasablöndunni frá ICEHERBS á síðasta ári. Hún segir áhrifin hafa verið gífurlega jákvæð og hyggst taka það inn um ókomna framtíð.**

Pálína er 73 ára ellilífeyrisþegi og fyrrum sjúkraliði. „Ég hætti að vinna fyrir tíu árum vegna slit- og vefjagigtar. Ég hef verið að prufa ýmis efni sem hafa dugað misvel en ég er með virkilegt ofnæmi fyrir rækjuskel svo ég get ekki tekið inn hvað sem er. Það var svo systir mín sem benti mér á vöruna í október síðastliðnum.“

### Ákvað að slá til

Pálína segir þetta hafa verið sín fyrstu kynni af túrmeriki. „Eftir að systir mín benti mér á þetta fór ég að lesa mér til um túrmerik og sá að það var bólgueyðandi. Ég ákvað því að slá til.“

ICEHERBS býður upp á tvær gerðir túmeriksblandna. Önnur er sterkari og inniheldur svartan pipar sem eykur upptöku túrmeriks margfalt, en hin er mildari og inniheldur túmerik ásamt fjallagrösum og er það blandan sem Pálína tekur inn. „Ég tek blönduna sem er með fjallagrösum þar sem ég er með ofnæmi fyrir svörtum pipar. Þetta eru tvö hylki sem ég tek inn á morgnana.“

### Tengdadóttirin himinlifandi

Pálína segir ávinninginn af blöndunni hafa verið gríðarlegan og fjölskylda hennar nýtur ekki síður góðs af. „Ég er með slit- og vefjagigt í höndum og fingrum og þetta virkar andskoti vel á mig. Ég prjóna mikið eða reyni það og eftir að ég fór að taka þetta inn þá hef ég sjaldan prjónað jafn mikið. Ég er búin að vera að prjóna á fullorðin barnabörn og maka þeirra og það eru allir ákaflega ánægðir með það sem þeir hafa fengið.“



Pálína Sigurlaug Jónsdóttir segir túrmerikið hafa haft góð áhrif á slit- og vefjagigtina. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Pálína lofar vöruna og greinir frá því að blandan hafi enn fremur haft jákvæð áhrif á fjölskyldumeðlimi sína. „Ég mæli alveg hiklaust með þessari vöru. Tengdadóttir mín og sonur eru líka farin að taka þetta inn en hún er líka vefjagigtarsjúklingur sem labbar mjög mikið eða um 10-15 kílómetra á dag. Hún tekur inn sterkari blönduna sem er með svörtum pipar og þetta heldur henni, eins og mér, gjörsamlega gangandi.“

### Kröftugar blöndur

Túmerik hefur verið notað í þúsundir ára til þess að vinna gegn ýmsum bólgum og sjúkdómum en virka efnið, kúrkúmín, hefur sterk bólgueyðandi og andoxandi áhrif. Meðal kvilla sem túrmerik hefur reynst vel gegn má nefna gulu, uppþembu og vindgang, ásamt því að það getur lækkað blóðfitu og blóðsykur.

Þá hafa bólgueyðandi eiginleikar túmeriks gefið sérstaklega góða raun gegn gigtarsjúkdómum og liðverkjum, auk þess sem það örvar blóðflæði og hefur góð áhrif á húðvandamál og sár.

Í sterku blöndunni er svartur pipar sem margfaldar upptöku túrmeriks en einnig er í boði mildari blanda fyrir þá sem ekki þola pipar. Báðar blöndurnar innihalda fjallagrös en virkni þeirrar lækningajurtar hefur gefið henni viðurnefnið Ginseng Íslands.

Í fjallagrösum er að finna svokallaðar betaglúkantrefjar sem eru taldar aðstoða við þyngdartap, draga úr bjúg, bæta meltingu og styrkja þarmana, sér í lagi ristilinn. Þau eru rík af steinefnum, einkum járni og kalsíum og hafa reynst árangursrík gegn slímmyndun og óæskilegum bakteríum.

Fjallagrösin gera ICEHERBS blönduna að ofurblöndu en þau hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg og viðurkennd lækningajurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og eru talin auka skilvirkni í upptöku næringarefna sem gera bæði innihaldsefnin sterkari saman.

### Íslensk og kröftug bætiefni

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýtist viðskiptavinum vel, að virknin skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörunnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar framleiddar hér á landi.

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á iceherbs.is.“




Túrmerikblöndurnar frá ICEHERBS eru tvenns konar, með og án svarts pipars. Báðar blöndur eru með fjallagrösum.

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS


NEW NORDIC
Hair Volume™
fyrir innri og ytri fegurð
NEW NORDIC
Hair Volume™
GUMMIES
Biotin and zinc help to maintain normal hair
APPLE, HERBS & BIOTIN
60 gummies with apple taste
Food supplement
NEW NORDIC
Hair Volume™
Hair growth and volume
Apple, millet, horsetail amino acids, biotin, zinc and copper
Food supplement • 30 tablets
MANUFACTURED IN SWEDEN
WITH APPLE EXTRACT
Biotin and zinc contributes to the maintenance of normal hair
Just 1 tablet per day
natural herbal ingredients
Hair Volume™
CONDITIONER
Hair Volume™
SHAMPOO
Hair Volume™
Shine Serum
HAIR TREATMENT
NÝTT
NÝTT
NÝTT
Fæst í Hagkaup og á Heimkaup.is


ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA
ICEWEAR ·ICELAND·
Himinn Hettupeysa
kr. 6.990.-
Urður Barnapeysa
kr. 5.990.-
Sól Barnapeysa
kr. 6.990.-
Himinn Jogging buxur
kr. 5.990.-
Garri Pollajakkar
kr. 4.990.-
Garri
Pollabuxur
Kr. 2.795.-
Gola Barn regnjakki
Kr. 5.990.-
Gola
Barna regnbuxur
Kr. 4.990.-
Eir Barna dúnjakkai
kr. 11.990.-
Straumnes
Merínó ullarpeysa
Kr. 4.490.-
Straumnes
Merínó ullarbuxur
Kr. 3.990.-
Vinir
fá 2 fyrir 1 af
öllum Icewear
barnafatnaði
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
6. MAÍ 2021 FIMMTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1882** Á Vestfjörðum rofar til eftir stórhríð sem staðið hefur óslitið í 27 daga.

**1981** Framhaldsþátturinn Dallas hefur göngu sína í íslenska ríkissjónvarpinu.

**1986** Hornsteinn er lagður að húsi Seðlabankans, á 25 ára afmæli bankans.

**1994** Mannréttindasáttmáli Evrópu er lögtekinn á Íslandi.



Elskulegur vinur minn og eiginmaður,

**Ívar Kolbeinsson**

lést föstudaginn 28. apríl.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju,
þriðjudaginn 11. maí kl. 13.
Vegna fjöldatakmarkana verður
athöfninni streymt á slóðinni:
https://youtu.be/hxQBBTxOJbE og einnig á vefsíðunni:
mbl.is/andlat.

**Hafþór Haraldsson**



Ástkær sonur okkar,
bróðir og barnabarn,

**Kristófer Ingi Kjærnested**

lést sunnudaginn 25. apríl.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju
miðvikudaginn 12. maí kl. 15.
Streymt verður frá útförinni og hægt er
að nálgast streymið á: www.mbl.is/andlat/minningar/
utfarastreymi/

**Ásgerður Ósk Jakobsdóttir　Stefán Kjærnested**
**Viktoría Ósk Kjærnested**
**Arndís Ósk Kjærnested**
**Hrafnhildur Ósk Kjærnested**
**Elínborg S. Kjærnested　Símon Ingi Kjærnested**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna María Baldvinsdóttir**

Frostafold 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi
laugardaginn 24. apríl.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
þriðjudaginn 11. maí klukkan 13.

**Hrafn Karlsson**
**Karen Ósk Hrafnsdóttir　Jón Hlynur Clausen Gunnlaugsson**
**Baldvin Hrafnsson　Guðleif Sunna Sævarsdóttir**
**Sæþór Árni Hrafnsson**
**Elfa Dögg Hrafnsdóttir　Höskuldur Páll Hjaltalín**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Hjartans þakkir sendum við öllum
þeim sem sýnt hafa okkur samúð
og hlýhug vegna andláts og
útfarar okkar yndislegu móður,
tengdamóður, ömmu, langömmu og
langalangömmu,

**Ragnheiðar Aðalgunnar Kristinsdóttur**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Færum starfsfólki á Dvalarheimilinu Hlíð sérstakar þakkir
fyrir hlýju og nærgætni við umönnun hennar, einnig
viljum við þakka öllum þeim er komu að útför hennar,
útfararþjónustu, presti og tónlistarfólki fyrir dásamlegan
flutning tónlistar við athöfnina. Kveðjur til vina og
ættingja með ástarþökkum fyrir falleg orð og kveðjur.

**Reynir Heiðar Antonsson**
**Jóna Kristín Antonsdóttir　Þorsteinn Rútsson**
**Ragnheiður Antonsdóttir**
**Arndís Antonsdóttir　Ólafur Ragnar Hilmarsson**
**Börkur Antonsson　Janne Antonsson**
**barnabörn og allir aðrir afkomendur.**



**Þuríður Halldóra staldraði við hjá Kleifarvatni þegar hún var á leið að eldgosinu síðdegis í gær.** MYND/AÐSEND

# Vættir Reykjaness vaka

**Reykjanesið er heitur reitur um þessar mundir. Hið vinsæla eldgos í Geldingadölum gefur innsýn í einstaka jarðsögu þess og náttúru sem er líka efni nýrrar barnabókar.**

Veröld vættanna – Bergrisinn vaknar, er bók sem kom út í byrjun ársins og hefur verið dreift til allra barna í 1. til 3. bekk á Suðurnesjum, að sögn Þuríðar Halldóru Aradóttur, forstöðumanns Markaðsstofu Reykjaness. „Við viljum ná til barnanna og veita þeim upplýsingar um svæðið á einfaldan og skemmtilegan hátt. Fjórar hollvættir í bókinni hjálpa til þess. Þær eru Bergrisinn sem er alvitur og þekkir jarðsöguna mjög vel, Berglind, vættur alls lífs á landi og Brimir sem vakir yfir lífinu í sjónum og fjórum svæðisins. Skottan er sú fjórða, hana þyrstir í þekkingu og langar mikið að aðstoða hinar – en árangurinn er misjafn.“

Reykjanes jarðvangur gefur bókina út, auk litabókar og ferðakorts um Reykjanesskagann, en Margrét Tryggvadóttir, rithöfundur og fyrrverandi alþingismaður og Silvia Pérez teiknari, gæða vættirnar lífi, að sögn Þuríðar.




**Kápa hinnar nýju bókar.**

> Við erum að ná langstökki inn í framtíðina hvað varðar markaðssetningu á áfangastað, þökk sé eldgosinu.

### Athyglin peninga virði

Þuríður segir eldgosið og nýja hraunið hafa gildi bæði fyrir ferðaþjónustu og fræðasamfélag. Hún nefnir að á fyrstu þremur vikunum eftir að gos hófst hafi verið birtar um 16.000 umfjallanir um Reykjanesið og eldgosið. Virði þeirra sé áætlað yfir sex milljarðar. „Við erum að ná langstökki inn í framtíðina hvað varðar markaðssetningu á áfangastað, þökk sé eldgosinu, þessi atburður gefur Reykjanesskaganum einstakt tækifæri.“

### Einstakt á heimsvísu

Reykjanes jarðvangur er vottaður UNESCO Global Geopark. Slíka viðurkenningu fá einungis jarðminjafyrirbæri sem eru einstök á heimsvísu. „Hér sjáum við Mið-Atlantshafshrygginn koma á land og hvernig afleiðingar flekaskilanna eru á afmörkuðu svæði, með jarðhita, jarðskjálftum og nú eldvirkni. Gosið í Fagradalsfjalli er skólabókardæmi um það sem gerist á flekaskilum eins og okkar,“ bendir Þuríður á. Hún segir ekki síður merkilegt hvernig menningin og samfélagið á Suðurnesjum hefur þróast í takti við landslag og náttúru svæðisins. „Þar liggja sögurnar sem við segjum í dag.“

Í Reykjanes jarðvangi hafa verið skilgreindir 55 jarðminjastaðir sem tengjast flekaskilunum, að sögn Þuríðar. „Á þeim lista eru meðal annars Brú milli heimsálfa, þar sem flekaskilin eru skýr, jarðhitasvæðið við Gunnuhver, Eldvörp, þar sem síðast gaus fyrir um 800 árum, Hvalsneskirkja, sem byggð er úr grjóti af svæðinu og Garðskaginn með vitanum sem hefur verið leiðarljós báta og skipa í áratugi,“ segir hún. „Eldgosið í Fagradalsfjalli og hraunið sem það myndar er jarðminjastaður númer 56.“ **gun@frettabladid.is**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Steinunn Pétursdóttir**

lést 22. apríl sl.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 7. maí kl. 13.00. Streymt
verður frá útförinni á facebook-síðunni:
Jarðarfarir í Akureyrarkirkju-beinar útsendingar.

**Kristinn Jóhannesson　Tuula Jóhannesson**
**Pétur Jóhannesson　Berit Jóhannesson**
**Sigurjóna Jóhannesdóttir**
**Anna Jóhannesdóttir　Ágúst Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Guðmundur Árni Þorvaldsson**

Geislatúni 1,
Akureyri,

lést 29. apríl. Útför hans fer fram
mánudaginn 10. maí kl. 13.00 frá
Akureyrarkirkju. Vegna aðstæðna í samfélaginu verða
einungis nánustu aðstandendur viðstaddir, en athöfninni
verður streymt á facebook-síðunni: Jarðarfarir í
Akureyrarkirkju - beinar útsendingar.

**Aðstandendur**




**25%**
**AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM GRANÍT LEGSTEINUM Í MAÍ

**GRANÍT STEINAR**

Helluhrauni 2 * 220 Hafnarfjörður * granitsteinar@granitsteinar.is * sími: 5445100





# Allt fyrir garðinn á lægra verði

**IKRA mogatec**
**Rafmagnshekkklippur**
550W, blað 45 cm, klippigeta 16 mm. 5083754
**7.995kr**

**20%**
**AL-KO**
**Greinakurlari**
2800W, kurlarakerfi, tekur allt að 42 mm greinar, 48 ltr., safnari, þyngd 29 kg. 5083707
**47.880kr**
~~59.855 kr~~

**20% afsláttur** af öllum Fiskars garðvörum

**20%**
**FISKARS**
**Stunguskófla**
Með spísslöguðu blaði, lakkað tréskaft, 106 cm. 5074080
**7.995kr**
~~9.995 kr~~

**20%**
**FISKARS**
**Kantskeri**
Classic, stálblað, lakkað tréskaft, 104 cm á lengd. 5084402
**5.195kr**
~~6.495 kr~~

**21%**
**Stjúpur**
10 stk. 10210630
**1.799kr**
~~2.290 kr~~

**Sýpris í útipottinn**
80-100 cm.
**1.990kr/stk.**

**23%**
**Mold**
**45 ltr.**
Úrvals gróður-mold 45 ltr. 10333658
**999kr**
~~1.299kr~~

**Mosaeyðir, 4 kg**
10205047
**3.990kr**

**20%**
**AL-KO**
**Rafmagns-sláttuvél**
1200W, sláttu-breidd, 34 cm, 6 hæðastillingar, 28-68 mm, 37 ltr., safnari. 5085138
**27.955kr**
~~34.945 kr~~

**20%**
**AL-KO**
**Mosatætari 1300W**
Rafmagnstætari, 37 cm breidd, 5 hæðarstillingar og 55 ltr., safnari. 5083615
**28.556kr**
~~35.695 kr~~

**IKRA mogatec**
**Rafmagnsorf**
Framlengjanlegt skaft, 350W, 25 cm sláttu-breidd, lína 1,6 mm. 5086616
**5.995kr**

**20%**
**Nilfisk**
**Háþrýsti-dæla**
125 bör, Click & Clean kerfi, 5 m slanga, 5 m rafmagnssnúra, hjól, sápu-brúsi, þyngd 6.4 kg. 5254250
**17.995kr**
~~22.495 kr~~

**Hjólbörur**
Green It, 80 ltr. 5080086
**5.495kr**

**20% afsláttur**
af Texas sláttuvélum

**30% afsláttur**
Af Elkop tröppum og stigum

**25% afsláttur**
Af parketi og flísum

**20% afsláttur**
Af Avasco hillurekkum

# Ný sending af pallaefni

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

# FYRIR ÞIG

# Sumarveisla

## Húsasmiðjublaðið er komið á **husa.is**




**Gasgrill** Omega 200
Grillflötur: 50x36 cm, tvískiptur brennari. hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari 6,2 Kw. 3000225
**29.990 kr**

**Gasgrill Weber** Q3200
Grillflötur: 63x45 cm, efri grind: 40x11 cm, grillgrindur úr pottjárni, ljós í handfangi. 3000403
**84.990 kr**
~~89.990 kr~~

**Gasgrill** Evolution **NÝTT**
Grillflötur: 68,1 x 43,8 cm, fjórir ryðfríir brennarar, með auka grillplötum, hitamælir í loki. 3000150
**69.990 kr**
~~79.990 kr~~

**Gasgrill** Magnum 3B **NÝTT**
Grillflötur: 30 cm í þvermál, postulíns-húðuð vermigrind, neistakveikja. 3000227
**69.990 kr**
~~87.490 kr~~

**Pallaolía, viðarvörn og pallahreinsir**

# 20%
# afsláttur




## Nýtt blað er komið út
Skoðaðu á **husa.is**



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 | 3 ↓ |
| Ísafjörður | 3 | 2 ↙ |
| Akureyri | 1 | 5 ↓ |
| Egilsstaðir | 1 | 5 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 3 ← |
| Hveravellir | -3 | 6 ↙ |

Norðlæg átt, 3-10 m/s seinnipartinn, skýjað og víða smáskúrir eða él, en léttskýjað að mestu V-til. Hiti 0 til 9 stig að deginum, mildast SV-lands, en víða næturfrost.

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 3 ↘ |
| Ísafjörður | 2 | 5 ← |
| Akureyri | 1 | 3 ↓ |
| Egilsstaðir | 1 | 5 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 2 ← |
| Hveravellir | -3 | 7 ↙ |

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 2 | 3 ↙ |
| Akureyri | 2 | 1 ↘ |
| Egilsstaðir | 2 | 6 ↓ |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 2 ← |
| Hveravellir | -3 | 6 ↙ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 3 | 1 | 9 | | 2 | 4 | |
| | | 7 | 2 | | | | | 9 |
| | | 4 | 5 | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | | 4 |
| | 6 | | | | | | 9 | |
| 7 | 9 | 2 | | 3 | | | 6 | |
| 1 | | 6 | | 5 | | | | 8 |
| 2 | 4 | | | 8 | 7 | 6 | | |
| | 8 | | | | | 9 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 1 | | | 6 | 7 | 4 |
| | | | | 6 | | 5 | 8 | |
| 3 | | | | | | 9 | 2 | |
| | | | 7 | | 4 | 8 | 6 | |
| 2 | | | | 9 | | | | |
| | | | 2 | 8 | | | | 5 |
| | | 1 | | | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 2 | 9 | 3 | 7 | | 4 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | | 3 | 5 | 9 | | | | |
| | | 4 | | 6 | | | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | | | 6 | 5 | | 7 | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | 2 | |
| 6 | | 1 | | | | 2 | 4 | |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| | | | 9 | 8 | | | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 stórvirki
5 gapa
6 fæði
8 drykkur
10 ákefð
11 sandeyri
12 sprikla
13 málmur
15 afbragð
17 stigi

**LÓÐRÉTT**
1 aflögu
2 óforsjálni
3 hás
4 kirnan
7 fjörugur
9 braska
12 ljómi
14 þar til
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 afrek, 5 flá, 6 el, 8 gambri, 10 as, 11 rif, 12 baða, 13 gull, 15 snilld, 17 skali.
**LÓÐRÉTT:** 1 afgangs, 2 flas, 3 rám, 4 kerið, 7 lifandi, 9 bralla, 12 blik, 14 uns, 16 ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2.588) átti leik gegn Helga Áss Grétarssyni (2.437) á Íslandsmótinu í skák.

**33...Dg2+! 34. Dxg2 Hxg2 35. Kxg2? Eftir 35. Kf1! Bxf3 36. Hxd4** eru jafntefli líklegustu úrslitin. **35...Bxf3+ 36. Kf2 Bxd1** og svartur vann skömmu síðar. Sigurður Freyr Jónatansson vann þriðjudagsmót TR í fyrrakvöld.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

**Svartur á leik**








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










**Hafa samband**
Sími: 558-2222
krydd@kryddveitingahus.is

**Strandgata 34**
220 Hafnafjörður
kryddveitingahus.is

## Vandaðar bækur fyrir yngri lesendur

Miðstöð íslenskra bókmennta úthlutaði nýlega 7 milljónum úr barna- og ungmennabókasjóðnum Auði og hlutu 23 verk styrk að þessu sinni.

Með styrkjunum er markmiðið að efla útgáfu vandaðra bóka á íslensku fyrir yngri lesendur, myndríkar bækur sem og textabækur, fræðibækur, skáldverk og allt þar á milli.

**Meðal styrktra verka eru:**

**Héragerði**
*eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur.*

**Vetur fram á vor**
*eftir Arndísi Þórarinsdóttur.*

**Kennarinn sem kveikti í**
*eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur.*

**Drekar, dramatík og meira í þeim dúr**
*eftir Rut Guðnadóttur.*

**Jónasveinkur**
*eftir Hallgrím Helgason og Rán Flygenring.*

**Hulinseyja 1**
*eftir Gunnar Theodór Eggertsson.*

**Iðunn og afi pönk halda útihátíð**
*eftir Gerði Kristnýju og Halldór Baldursson.*

**Sólkerfið okkar**
*eftir Sævar Helga Bragason og Elísabetu Rún Þorgeirsdóttur.*



**Monika Fagerholm.**

## Sunna Dís ræðir við Moniku Fagerholm

Höfundakvöld verður haldið í Norræna húsinu í kvöld, fimmtudaginn 6. maí. Viðburðurinn byrjar kl. 19.30 og fer fram á sænsku. Umræðum stýrir Sunna Dís Másdóttir, skáld og meðlimur í dómnefnd Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Streymt verður beint frá viðburðinum á Facebook og á vef Norræna hússins. Hægt er að bóka sér sæti í sal á tix.is.

Rætt verður við finnsk-sænska rithöfundinn Moniku Fagerholm en skáldsaga hennar Vem dödade bambi? hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaþings 2020. Á síðasta ári voru Fagerholm einnig veitt Tollander-verðlaunin og Selmu Lagerlöf-verðlaunin fyrir skáldsögu hennar og ævistarf.

## Nýjar sýningar í Listasafni Akureyrar

Laugardaginn 8. maí kl. 12-17 verða tvær sýningar opnaðar í Listasafninu á Akureyri: Nemendasýning Myndlistaskólans á Akureyri, Sjónmennt 2021, og útskriftarsýning nemenda listnáms- og hönnunarbrautar VMA, Kompakt. Sýningarnar standa til 16. maí.



Á þessari sýningu er farið í ferðalag, bæði í sýningarrýminu sjálfu og innan verkanna, segir Sigurður Guðjónsson myndlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Upplifunarhljóð og myndin í rýminu

**Sigurður Guðjónsson sýnir vídeóinnsetningar og ljósmyndir í BERG Contemporary. Verður fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum á næsta ári og sýnir þar innsetningu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sigurður Guðjónsson sýnir verk í BERG Contemporary á Klapparstíg. Yfirskrift sýningarinnar, sem stendur til 5. júní, er Yfirskyggðir staðir. Um titilinn segir listamaðurinn: „Yfirskyggðir staðir er bein vísun í staði, rými eða hluti sem ég sæki myndog hljóðuppsprettuna í, hvort sem ég er að skoða hluti eða efnisheiminn.“

Á sýningunni eru tvær vídeóinnsetningar. Önnur, Fluorescent, er frá þessu ári og er tveggja rása hljóð/vídeo-innsetning sem varpað er á tvo veggi. „Þar er ég að skoða innri heim flúorljósaperu. Ég opna hana og mynda inn í hana með háhraðavél og macro-linsu. Áhorfandinn sér fosfór eða ljómefni perunnar inni í glerpípunni. Þetta speglast hvort á sinn sýningarvegginn og framkallar hljóðog myndupplifun, þar sem önnur myndin keyrir áfram en hin afturábak,“ segir Sigurður.

„Hljóðheimurinn er sóttur í strauminn, sem heldur perunni gangandi. Strauminn sendi ég í gengum nokkur tæki sem umbreyta hljóðheiminum þannig að hann falli saman við myndina á lífrænan og ljóðrænan hátt.

Ég hef talað um þessa innsetningu sem sjónrænt hljóðverk, því tilfinningin í verkinu er á vissan hátt þannig að hægt er að heyra hljóð í gegnum myndheiminn.



Ég reyndi að móta hljóðheiminn þannig að hann falli að verkunum sjálfum og sýningarrýminu.“

### Ákveðin áskorun

Hitt vídeóverkið á sýningunni heitir Enigma. „Þar fer ég frá vídeómyndavélinni og geri tilraunir með rafeindasmásjá. Ég skanna lítið kolabrot frá fimmtán sjónarhornum og vinn það síðan í tölvu. Þar tek ég mér skáldaleyfi og bý til heim þar sem áhorfandinn ferðast í gegnum landslagið inni í kolinu. Kolið er ekki aðalatriðið heldur rýmið og áferð efnisins og hljómfallið inni í því. Þetta verk er tæpar 30 mínútur að lengd og þar nota ég hljóð, ljós og hreyfingu til að skapa nýjan heim.“

Á sýningunni eru einnig ljósmyndir. „Í þeim erum við stödd inni í rými flúorperunnar, eins konar ljósrými þar sem sjást leifar af efni og vírum þegar peran hefur gefið upp öndina. Það er logn þarna inni og hljóðið er einangrað,“ segir Sigurður. „Á síðustu tuttugu árum hef ég aðallega unnið vídeóverk. „Ég er alltaf að hugsa um hreyfingu og tíma í þeim verkum, þannig að það er ákveðin áskorun að setja verk í efni, ramma og undir gler.“

> **ÞESSI SÝNING ER ÓBEINT FRAMHALD Á TILRAUNUM SEM ÉG HEF VERIÐ AÐ GERA SÍÐUSTU ÁR ÞAR SEM ÉG HEF VERIÐ AÐ SKOÐA TÆKNINA OG EFNISHEIMINN Á ÓHLUTBUNDINN OG LJÓÐRÆNAN HÁTT.**

Það er upplifun að sjá vídeóheiminn sem hann hefur skapað í BERG Contemporary. „Þessi sýning er óbeint framhald á tilraunum sem ég hef verið að gera síðustu ár þar sem ég hef verið að skoða tæknina og efnisheiminn á óhlutbundinn og ljóðrænan hátt. Lykilatriðin eru þessi upplifunarhljóð og myndin í rýminu. Á þessari sýningu er farið í ferðalag, bæði í sýningarrýminu sjálfu og innan verkanna,“ segir Sigurður.

### Mikill heiður

Sigurður verður fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum á næsta ári. Þar mun hann sýna stóra vídeóhljóðinnsetningu. „Það er mikill heiður að vera valinn sem fulltrúi þjóðar sinnar til að taka þátt í Feneyjatvíæringnum, sem er einn virtasti sýningarvettvangur heims. Þar kemur saman lykilfólk hvaðanæva úr heiminum; safnafólk, sýningarstjórar, fulltrúar gallería og listamenn. Þátttaka íslenskra myndlistarmanna í viðburðum sem þessum er gríðarlega mikilvæg. Umhverfið á Íslandi er lítið, bæði faglega og markaðslega, svo það er brýnt fyrir íslenska listamenn að stækka vettvang sinn,“ segir listamaðurinn.

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Rafmagnspottar í miklu úrvali!




Hefur þú séð nýja BAUHAUS blaðið?



DenForm®

### Hawaii rafmagnspottur

GV 3001682N
Stærð 203 x 89 cm (Þv x H). 6 sæti. Tekur allt að 800 l. af vatni. Heildarfjöldi stúta: 23. Loftstútar: 2. Hitarör 3 kW. Orkusparandi sía / 1 x nuddpumpa. Toppfest sía. 2 stk pop-up hátalarar með ljósi og Bluetooth tónlist. ABS botn. Viðhaldslausar klæðningar úr gervitré. Trappa, sía og lok fylgir. ÞARF AÐ SÉRPANTA.

**999.995.-**

DenForm®

### Northern Light heitur pottur

GV 3190601A
Nýjung! Ný hönnun og nýjar möguleikar. Heiti potturinn er mjög einfaldur og allt sem hægt er að óska sér, og er einungis 200 x 200 cm. Nuddstúrar með LED-ljósi. 2 stk. innbyggðir hátalarar, Bluetooth tenging, ilmefnameðferð, 3 hnakkapúðar, LED-ljós undir vatni, einstakar Denform svartar klæðningar, akrýlskel í Midnight lit.
Síur og lok fylgir með.



**699.995.-**
~~749.995.-~~

DenForm

### California rafmagnspottur

GV 3190240A
200 x 200 x 82 cm. 6 sæti þar af 1 hægindasæti, 4 venjuleg sæti og 1 barnasæti. 23 stútar og 2 loftbólustútar. Háeinangraður fyrir norðlægar slóðir. Slitþolinn og með viðhaldsfríu ytra byrði. Með lýsingu undir vatnsborði og ósonhreinsikerfi. Bandarískur Balboa stjórnbúnaður. Einangrunarlok fylgir. Aukabúnaður: möguleiki á WIFI tengingu.



**599.995.-**

**VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

Með fyrirvara um myndbrengl, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðin gilda aðeins frá fimmtudeginum 29. apríl til og með 16. maí meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Þarna rúmast eiginlega allur heimurinn

**Bjarmalönd er bók þar sem Valur Gunnarsson skoðar ástandið í fyrrum Sovétríkjunum eftir fall þeirra. Margt í bókinni byggir hann á eigin reynslu en hann hefur búið í Eistlandi, Rússlandi og Úkraínu.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is


Valur Gunnarsson, sagnfræðingur, rithöfundur og blaðamaður, er höfundur bókarinnar Bjarmalönd – Rússland, Úkraína og nágrenni í nútíð, fortíð og framtíð, sem nýlega er komin út. Hann hefur búið í Eistlandi, Rússlandi og Úkraínu og heimsótt flest hinna fyrrum Sovétríkja.

Um tilurð bókarinnar segir Valur: „Ég var í Úkraínu í byrjun síðasta árs og lenti í því að öllu var þar bókstaflega skellt í lás vegna COVID. Mig vantaði eitthvað að gera þannig að ég ákvað að skrifa bók um ferðalög mín og dvalir í fyrrum Sovétríkjunum. Þarna rúmast eiginlega allur heimurinn, allt frá Eistlandi sem er nánast eitt af Norðurlöndunum yfir í Kasakstan í Mið-Asíu þaðan sem sést yfir til Kína. Ég fór líka til Kákasus og fjalla um spennuna á milli Armeníu og Aserbaídsjan þar sem stríð braust út skömmu síðar.

Í bókinni skoða ég ástandið í fyrrum Sovétríkjunum eftir fall þeirra en fer líka aftar í söguna. Margt er byggt á eigin reynslu, alveg frá því ég var í Rússlandsfræðum í Helsinki fyrir 22 árum og fór í fyrsta sinn í gegnum jarðsprengjusvæðið og varðturnana yfir til Rússlands. Í þessari bók reyni ég að ná einhvers konar heildaryfirsýn yfir þetta merkilega svæði sem er alltaf í fréttum en býr þó yfir mörgum leyndardómum. Öll þessi lönd eru einstök hvert fyrir sig, en byggja á sameiginlegri sögu sem er oft harmræn en á köflum grátbrosleg.“

### Allt getur gerst og gerist

Hinn víðförli Valur segir aðspurður að sér þyki heimilislegast að vera í Eistlandi, af fyrrum Sovétríkjunum. „Rússland er endalaust heillandi land að heimsækja, en kannski ekki endilega staður til að búa á til lengdar, allt getur gerst og gerist. Blómsturpottar eða grýlukerti á stærð við spjót falla af svölunum og hæfa mann næstum í höfuðið, lögreglan getur handtekið mann vegna gruns um að maður sé túristi, eða maður getur lent á stefnumóti með manneskju sem lítur út eins og ofurmódel og er með doktorsgráðu í stærðfræði.

Vingjarnlegasta og gestrisnasta fólkið er í Hvíta-Rússlandi og það var síspyrjandi: How do you like Belarus? Ég var þar skömmu áður en mótmælin brutust út og fólk vildi fræðast um umheiminn, þangað sem alla dreymir um að flytja. Flestir virtust frekar uppgefnir og sáu litla von um að losna við Lúkasjenkó en seinna um sumarið sprakk allt og við eigum enn eftir að sjá hvernig það endar.“


Valur var í Úkraínu þegar öllu var skellt í lás og ákvað þá að skrifa bók. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÖLL ÞESSI LÖND ERU EINSTÖK HVERT FYRIR SIG, EN BYGGJA Á SAMEIGINLEGRI SÖGU SEM ER OFT HARMRÆN EN Á KÖFLUM GRÁTBROSLEG.**

### Nokkrar sviðsmyndir

Þegar minnst er á Rússland kemur nafn Vladimírs Pútíns óneitanlega upp í hugann. Um afstöðu Rússa til forseta síns segir Valur: „Hin almenna afstaða Rússa til stjórnmála er að þau skipti ekki máli, fólki finnst þau ekki koma sér við og hefur á tilfinningunni að ekkert sé hægt að gera til að breyta stöðunni. Ástæðan fyrir því hvað Pútín er þaulsætinn er alls ekki sú að hann sé svo vinsæll, en fólk sér bara ekki betri kost í stöðunni. En síðan getur allt breyst á augabragði. Pútín nýtur minna trausts hjá yngri aldurshópunum, þannig að á hverju ári glatar hann æ meiri vinsældum og hefur komið illa út úr kófkrísunni. Eftir nýlega stjórnarskrárbreytingu má hann nú sitja allt til 2036 og verður þá 84 ára, en það er erfitt að ímynda sér að hann muni endast svo lengi. Samt hefur fólk ekki mikinn áhuga á fleiri rússneskum byltingum. Í bókinni velti ég meðal annars upp nokkrum sviðsmyndum um hvernig þetta gæti farið.“

COVID hefur sett stopp á allar ferðir Vals nú um stund en hann er þó farinn að huga að næstu heimsókn á þetta svæði. „Ég vonast til að fara aftur í sumar, um leið og bólusetningu lýkur og rússnesku landamærin opnast á ný, en þau hafa nú verið lokuð lengi. Ég er með vefsíðu fyrir HÍ um austurvíkingana, via.hi.is, og mig langar til að skoða hinn forna Hólmgarð sem nú heitir Novgorod.“


Sindri sýnir verk í Gallery Porti.

## Þvottabjörn Sindra

Sindri Leifsson opnar sýninguna Þvottabjörn í Gallery Porti á Laugavegi 23b. Opnun verður laugardaginn 8. maí kl. 14–18. Sýningin er opin miðvikudag til sunnudags kl. 12-18 til 18. maí.

Verkin eru að stórum hluta unnin upp úr efnivið sem orðið hefur á vegi listamannsins á ferð hans um borgina undanfarin ár. Fer hann gjarnan um eins og þvottabjörn í leit að æti sem snertir hluti með áfergju til að skilja fenginn betur. Nýfelld garðtré, afgangs eikarplankar og furutré úr grisjun skógræktar á borgarmörkunum. Á sýningunni er sjónum beint að aferðum og snertanleika.

Sindri hefur verið virkur í sýningahaldi á Íslandi og í Evrópu.

## Aðalheiður skoðar Völsunga sögu

Næstkomandi laugardag, 8. maí, heldur Aðalheiður Guðmundsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda, fyrirlestur um Völsunga sögu, sögulegar heimildir að baki henni og hvernig söguhetjur hennar hafa þróast fram á okkar dag. Fyrirlesturinn er haldinn í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, Lækjargötu 14, og hefst klukkan 14.

Í þessum fyrirlestri verður Völsunga saga skoðuð í ljósi sögurita eftir Gregorius frá Tours, Fredegar og fleiri fornra sagnaritara og ljósi varpað á fyrirmyndir söguhetja og atburða. Leitast verður við að sýna hvernig efnið hefur þróast og ummyndast, allt frá sögulegum kjarna, og hvernig óskyldir atburðir og jafnvel alls óskyldar sögulegar persónur urðu með tímanum nátengdar sem þátttakendur í sömu atburðarás. Allt er þetta efniviður sem lá að baki þeim heimildum sem Richard Wagner vann úr þegar hann samdi Niflungahringinn. Að lokum verður litið til þróunar söguhetjanna fram á síðari aldir, og jafnvel til allra síðustu ára. Fyrirlesturinn byggist á efni bókanna Arfur aldanna I (Handan Hindarfjalls) og II (Norðvegur) sem eru væntanlegar hjá Háskólaútgáfunni síðar á þessu ári.


Aðalheiður heldur fyrirlestur um Völsunga sögu í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar næstkomandi laugardag.

Aðalheiður Guðmundsdóttir er prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands. Hún hefur verið gestaprófessor við erlenda háskóla og tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Hún leiðbeinir nú fjórum doktorsnemum við Háskóla Íslands, er meðleiðbeinandi við háskólann í Stavanger, og á sæti í nokkrum doktorsnefndum. Hún vann að auki með leikhópnum Öðru sviði að uppfærslu leikritsins Úlfhams sögu.

Eftir Aðalheiði liggja bækur á borð við Úlfhams sögu frá 2001 og Strengleika frá 2006, auk fjölda fræðigreina. Hún vinnur nú meðal annars að fjögurra binda ritverki um fornaldarsögur.




20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM Elizabeth Arden
VÖRUM DAGANA 6. - 12. MAÍ

HAGKAUP
Snyrtivara

# RISARÆKJUR

## HRÁAR




1.198 kr./pk.

**Risarækjur Hráar**
454 g í pk.

## ELDAÐAR




1.398 kr./pk.

**Risarækjur Eldaðar**
454 g í pk.




1.998 kr./kg

**Stjörnugrís Grill Grísalundir**
200 g í pk.

## EINFALDUR OG GÓMSÆTUR FORRÉTTUR




2.998 kr./ks.

**Nauta Carpaccio**
frosið - 10x80 g

## LAMBAGRILLSNEIÐAR Á GRILLIÐ

NÚ LÍKA
Í HVÍTLAUKSSMJÖRI



1.998 kr./kg

**Íslandslamb Lambagrillsneiðar**
2 tegundir

## FULLT AF FERSKU GRÆNMETI Á GRILLSPJÓTIÐ






898 kr./kippan

**Coca-Cola Classic eða Án Sykurs**
2 ltr. x 4 stk. í kippu

## GERÐU GARÐINN FRÆGAN




898 kr./pokinn

**Van Egmond Gróðurmold**
40 ltr. í poka



Verð gildir til og með 9. maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS GRILLVERSLUN ALLRA LANDSMANNA




**4.998 kr./kg**

**Íslandsnaut Ungnautaribeye**
100% íslenskt




**4.998 kr./kg**

**Íslandsnaut Ungnautafillet**
100% íslenskt

## STEIK OG FRANSKAR




**479 kr./pk.**

**McCain Superfries Franskar**
650 g

## SMASH STYLE UNGNAUTAHAMBORGARAR
### 100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT AF SÉRVÖLDUM NAUTGRIPUM







**2X 140 g**

**598 kr.**

**Smash Style Ungnauta Hamborgarar**
2 stk. í pk.




**139 kr./pk.**

**Gæða Hamborgarabrauð**
2 stk. í pk.

**Almennur afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri):** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00






# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### HRINGBRAUT

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**20.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**21.00 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
**21.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.

### RÚV SJÓNVARP

**11.00 Upplýsingafundur Almannavarna**
**11.30 Heimaleikfimi**
**11.40 Kastljós**
**11.55 Menningin**
**12.05 Taka tvö** Egill Eðvarðsson.
**13.00 Fólkið í landinu** Páll Guðmudsson.
**13.15 Sögustaðir með Einari Kárasyni** Reykholt
**13.45 Súkkulaði**
**14.20 Svikabrögð**
**14.50 Sagan bak við smellinn - Killing Me Softly**
**15.20 Kæra dagbók**
**15.50 Lífsins lystisemdir**
**16.50 Skólahreysti**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Handritin til ykkar**
**18.43 Lúkas í mörgum myndum**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Alsjáandi auga Amazon Amazon. What They Know About Us** Heimildarþáttur um fyrirtækið og stórveldið Amazon. Á netverslunin sem fólk hefur dálæti á sínar myrku hliðar?
**20.55 Loftlagsþversögnin Klímatparadoxen**
**21.05 Markaður hégómans Vanity Fair**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Glæpahneigð Criminal Minds**
**23.00 Kaldaljós**
**00.30 Dagskrárlok**

### GOLFSTÖÐIN

**03.00 LPGA Tour 2021** Bein útsending frá Honda LPGA Thailand.
**08.00 PGA Tour Profiles**
**08.00 European Tour 2021** Útsending frá Omega Dubai Desert Classic.
**12.30 PGA Tour. The Cut 2021**
**13.00 European Tour 2021** Bein útsending frá Tenerife Championship.
**18.00 PGA Tour 2021** Bein útsending frá Wells Fargo Championship.
**22.00 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
**22.20 PGA Special. One Shot Away**
**22.45 Champions Tour Highlights**
**23.40 PGA. The 9**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.05 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
**15.50 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 Aldrei ein**
**20.40 9-1-1**
**21.30 Manhunt. Deadly Games**
**22.15 Systrabönd**
**23.00 The Late Late Show**
**23.45 Love Island**
**00.40 Ray Donovan**
**01.30 Law and Order. Special Victims Unit**
**02.15 The Good Lord Bird**
**03.05 Penny Dreadful. City of Angels**
**04.05 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið** Fyrri og seinni hluti.
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hljómboxið** Rennilásarnir mæta Regndropunum.
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Mannlegi þátturinn**
**20.00 Sinfóníutónleikar** Prokofíev og Mendelssohn.
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15 Batman. Hush**
**13.35 So B. It**
**15.10 All Things Valentine**
**16.35 Batman. Hush**
**17.55 So B. It**
**19.30 All Things Valentine**
**21.00 The Last Full Measure** Sannsöguleg mynd frá 2019 um stríðshetju úr Víetnamstríðinu. William H. Pitsenbarger var þyrlulæknir sem bjargaði meira en sextíu bandarískum fótgönguliðum, áður en hann sjálfur lét lífið í einni af blóðugustu orrustum stríðsins.
**22.50 Endless**
**00.25 What Happened to Monday** Vísindaskáldsaga frá 2017 sem gerist þegar yfirvöld hafa lagt blátt bann við því að fólk eignist fleiri en eitt barn.
**02.25 The Last Full Measure**

### STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 Veronica Mars**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 The O.C.**
**10.15 Last Man Standing**
**10.35 Gilmore Girls**
**11.20 Hestalífið**
**11.30 Friends**
**11.55 Dýraspítalinn**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Gossip Girl**
**13.35 Friends**
**14.00 X-Factor Celebrity**
**15.00 The Greatest Dancer**
**16.20 Mr. Mayor**
**16.45 All Rise**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Dagbók Urriða**
**19.35 Temptation Island USA**
**20.20 Hell's Kitchen USA**
**21.05 The Blacklist**
**21.50 NCIS. New Orleans**
**22.35 Real Time With Bill Maher**
**23.30 Vegferð**
**00.00 Tell Me Your Secrets**
**00.50 We Are Who We Are**
**01.40 The Enemy Within**
**02.20 The Enemy Within**

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.50 The Office**
**21.10 Keeping Faith**
**22.10 Svínasúpan**
**22.30 Nashville**
**23.20 Punky Brewster**
**23.45 Batwoman**
**00.25 Friends**
**00.50 Friends**
**01.15 The Office**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.50 Keflavík - KR** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum Dominos-deildar karla.
**10.15 Valur - Stjarnan** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
**11.55 Tindastóll - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**13.35 KR - Grindavík**
**13.35 Haukar - Valur** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
**17.00 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna**
**18.05 Grindavík - Tindastóll** Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**20.05 Stjarnan - KR** Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**22.00 Dominos Tilþrifin 21. umferð**
**22.50 Valur - Stjarnan** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.15 Meistaradeildarmörkin**
**08.45 Chelsea - Real Madrid**
**10.25 Bologna - Fiorentina**
**12.05 Real Valladolid - Real Betis**
**13.45 Lazio - Genoa**
**15.25 Torino - Parma**
**17.10 Sevilla - Athletic Bilbao**
**18.55 Arsenal - Villarreal** Bein útsending frá undanúrslitaleik í Evrópudeild UEFA.
**20.50 The Fifth Quarter** Ítarleg umfjöllun um leikina í ACB spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**21.05 Chelsea - Real Madrid**
**22.45 Roma - Manchester United**

# BÖRN ÞJÓÐA





NÝTT Á STÖÐ 2+

## Börn þjóða

**HEFST FIMMTUDAG - NÝR ÞÁTTUR VIKULEGA**

Börn þjóða eru nýir þættir þar sem Logi Pedro ræðir við Íslendinga af erlendum uppruna um reynslu þeirra og upplifun af íslensku samfélagi. Velt er upp spurningum um mögulega fordóma á Íslandi og samhengi við réttindabaráttu minnihlutahópa á alþjóðlegum vettvangi.

2+

**3.990 kr./mán.**

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



Jón Bjarki Magnússon leikstjóri.

## Hálfur álfur gerir aðra tilraun

Veirufaraldurinn og hertar sóttvarnaaðgerðir hafa ítrekað komið í veg fyrir að leikstjórinn Jón Bjarki Magnússon hafi getað komið heimildarmynd sinni, Hálfur álfur, í almennar sýningar í kvikmyndahúsi.



Hann gerir enn eina tilraun til þess í dag þegar myndin verður tekin til sýninga í Bíó Paradís og er vongóður um að nú fái Hulda Jónsdóttir, amma hans, og afi, Trausti Breiðfjörð Magnússon, álfurinn hálfi, að njóta sín á hvíta tjaldinu.

„Ég lofaði gömlu hjónunum að ég myndi gera allt sem ég gæti til þess að koma þeim á hvíta tjaldið, þar sem ég hafði grun um að þau myndu sóma sér vel,“ segir Jón Bjarki.

„Eftir langan og strangan vetur, þar sem sýningum hefur ítrekað verið frestað er því virkilega gleðilegt að sjá loksins fram á að geta lent myndinni í Bíó Paradís. Nú þegar sól hækkar á lofti og bólusetningar eru komnar á fullt skrið er því um að gera að næra sálina með því að berja fulltrúa þessarar hverfandi kynslóðar augum á meðan þau syngja, tralla og þylja vísur á hvíta tjaldinu og allt þar til yfir lýkur.“

Myndin fjallar um vitavörðinn Trausta sem tengist sínum innri álfi á meðan hann undirbýr hundrað ára afmælið eða eigin jarðarför, hvort sem kemur á undan. Á sama tíma hörfar Hulda inn í heim horfinna ljóða með aðstoð stækkunarglersins síns. Þegar hann brestur í söng skipar hún honum að hætta þessum öskrum.

Jón Bjarki fylgdi afa sínum og ömmu, þeim Trausta Breiðfjörð Magnússyni og Huldu Jónsdóttur, eftir síðustu æviárin, svo úr varð hans fyrsta heimildarmynd í fullri lengd.

Hálfur Álfur er tilnefnd til Edduverðlauna sem heimildarmynd ársins og hlaut dómnefndarverðlaun Skjaldborgarhátíðarinnar sem haldin var í Bíó Paradís í haust. – þþ



Seinheppna vöðvabúntið Jax Briggs og kaldrifjaði skúrkurinn Gaddur (e. Sub Zero) takast á.

# Bestu banabitarnir

KVIKMYNDIR

**Mortal Kombat**

★★★☆☆

**Leikstjórn:** Simon McQuoid
**Leikarar:** Lewis Tan, Jessica McNamee, Josh Lawson, Joe Taslim, Hiroyuki Sanada

Staðalímyndin um tölvuleiki sem ofbeldisfulla vitleysu rekur rætur sínar að stórum hluta til bardagaleikjaseríunnar Mortal Kombat. Það er ekki hægt að segja að hún sé illa ígrunduð en þegar fyrsti leikurinn braust inn á markaðinn snemma á tíunda áratugnum var ofbeldið þvílíkt að það fékk rammheiðnasta fólk til að signa sig og krossa.

Leikirnir mokseldust og fólk kepptist við að rífa höfuðið hvert af öðru með tilheyrandi hryggjarsúlu. Í kjölfar gríðarlegra vinsælda kom svo út skemmtileg ræma byggð á leikjunum úr smiðju Paul W.S Anderson. Þótt nýir Mortal Kombat leikir hafi verið gefnir út með reglulegu millibili hefur Mortal Kombatæðið hafi aðeins dalað síðan þá og



Lamberts er sárt saknað í hlutverki sínu sem þrumuguðinn Raiden.

kom því aðeins á óvart að sjá að ný mynd væri í smíðum.

Myndin segir frá misheppnaða MMA-kappanum Cole Young sem dregst inn í aðdraganda bardagamóts þar sem örlög heimsins eru í húfi. Þar etja bardagamenn jarðarinnar kappi við útsendara Útheimsins, annarrar víddar, sem verður best lýst sem drungalegu skítapleisi. Takist Útheiminum að vinna mótið er öll von úti fyrir jörðina en til að tryggja sér sigur ákveður vondi kallinn að koma keppendum jarðarinnar fyrir kattarnef áður en mótið byrjar.

Furðuleg atburðarásin gengur hratt fyrir sig og blessunarlega er aldrei staldrað við til að spyrja neinna spurninga. Áhorfendur komu jú til að sjá slagsmál og þar er enginn skortur á. Að aðalpersónunni undanskilinni bregður nógu af kunnuglegum andlitum úr leikjunum fyrir í myndinni. Þótt sagan verði seint kölluð grípandi eru hatrammar deilur erkifjendanna Sub Zero og Scorpion ansi góðar og opnunarsenan líklega hápunktur myndarinnar. Þá ber kjaftfori Ástralinn Kano af með drepfyndinni gagnrýni sinni á framvindu mála.

Lykilatriðið við að útfæra Mortal Kombat yfir á hvíta tjaldið er þó auðvitað hrottalegt ofbeldið og það tekst upp á tíu. Hér eru engin vindhögg og bardögunum lýkur ekki fyrr en einhver liggur í valnum. Frumlegheitin vantar ekki í banabitunum (e. fatality) og skírskotanir í tölvuleikina eru svo beinar að það jaðrar við að persónurnar horfi í myndavélina og blikki áhorfendur.

Helsti vankantur myndarinnar verður að teljast aðalpersónan Young sem er drepleiðinlegur og á enn leiðinlegri fjölskyldu. Þótt ef til vill sé auðveldara að segja söguna frá sjónarhorni þorsks á þurru landi þá hefði vel verið hægt að velja persónu úr leikjunum til að sinna aðalhlutverkinu. Sonya Blade sinnir nánast sama hlutverki og hefði unað sér betur í forgrunni. Þá er tónlistin ekki jafn góð og í forvera myndarinnar frá 1995 þrátt fyrir tilraunir til að útfæra klassískt stefið í nútímabúning.

Á heildina litið er Mortal Kombat fínasta skemmtun. Þótt hún taki sig ekki alvarlega hefði þó verið hægt að bæta eitt og annað, en þar sem nú þegar er búið að tilkynna frekari framhaldsmyndir mun gefast nægur tími til að slípa hitt og þetta í framtíðinni. **Arnar Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg þvæla og ágætis útfærsla á tölvuleikjunum. Fínn upphafspunktur fyrir framhaldið.

# Þrúgandi þungarokksþögn

KVIKMYNDIR

**Sound of Metal**

★★★½☆

**Leikstjórn:** Darius Marder
**Aðalhlutverk:** Riz Ahmed, Olivia Cooke, Paul Raci

Sound of Metal var frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto 2019 en rataði loks inn á streymisveituna Amazon Prime fyrr á þessu ári. Myndin var tilnefnd til sex verðlauna á Óskarverðlaunahátíðinni sem haldin var í síðasta mánuði og landaði tveimur: fyrir besta hljóðið og bestu klippinguna.

Myndin fjallar um Ruben (Riz Ahmed), trommara í metalhljómsveit sem er skipuð honum sjálfum og kærustunni hans, Lou (Olivia Cooke), sem syngur og spilar á gítar. Þau ferðast um landið í gömlum húsbíl sem er allt í senn farartæki, heimili og hljóðver.

Heimur Ruben snýst á hvolf þegar læknar tjá honum að hann muni á endanum missa heyrnina og ætti því að forðast hávaða. Ruben er fyrrverandi heróínfíkill sem sneri sér alfarið að tónlistinni til þess að geta sigrast á fíkninni og óttast því mjög að þessi nýi veruleiki muni verða honum að falli. Hann er því staðráðinn í að gera hvað sem það kostar til að fá heyrnina aftur.

Ruben er kynntur fyrir Joe, sem stýrir athvarfi fyrir heyrnarlausa. Joe reynir að telja Ruben hughvarf, og sýna honum fram á að heyrnarleysi sé ekki eitthvað sem þarf að laga heldur finna leið til að lifa með og aðlagast. Annars muni hann aldrei öðlast innri frið.

Sound of Metal er lágstemmd mynd sem færir þemun um sjálfsmyndarkreppu og persónulegan vöxt í einstakan búning. Riz Ahmed sýnir snilldartakta sem hinn þjakaði Ruben.

Örvinglunin skín bersýnilega úr hverjum andlitsdrætti hans þannig að maður skynjar vel ringulreiðina innra með honum og á ekki í neinum vandræðum með að trúa því að hann sé heyrnarlaus. Riz lærði enda táknmál sérstaklega fyrir hlutverkið.



Riz Ahmed túlkar angist og örvinglan þungarokkarans sem er að missa heyrnina á áhrifaríkan hátt.

Sound of Metal reiðir sig mikið til á hljóð og andstæðu þess, þögnina, en átök þeirra eru snilldarlega útfærð og svo skýr að áhorfandinn skynjar hvert umhverfishljóð greinilega. Að sama skapi verður þrúgandi þögnin ærandi. Myndin hlaut því Óskarinn svo sannarlega verðskuldað fyrir besta hljóð, enda er það svo frábærlega útfært að það lyftir þessu lágstemmda drama á hærra plan. **Edda Karitas Baldursdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Nánast áþreifanlegar andstæður gargandi hávaða og þrúgandi þagnar skapa magnaðan hljóðheim sem lyftir annars lágstemmdu drama um þungarokkara sem missir heyrnina upp á hærra plan.

ognioochron




**OSEC slökkvitæki**
**6 kg Duft**
**4.681 kr.**
**6 ltr. léttvatn/froða**
**7.409 kr.**

Fina



**FINA**
**optískur reykskynjari**
**992 kr.**

Fina




**FINA eldvarnarteppi**
**1x1 metri**
**Verð: 1.116 kr.**

Master Lock



**Master Lock 5441EURD**
**lyklageymslubox**
**Opnast með farsíma (bluetooth)**
**26.350 kr.**

# ÖRYGGI HEIMA OG Í BÚSTAÐNUM

Allir vilja koma að eignum sínum eins og þeir skildu við þær og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Lykillausnum.

Yale



**YALE 4,2 ltr.**
**verðmætaskápur**
**7.409 kr.**

Yale



**YALE 8,6 ltr.**
**verðmætaskápur**
**8.649 kr.**

Yale



**YALE 16,3 ltr.**
**verðmætaskápur**
**11.129 kr.**

Yale



**YALE Alarmed 16,3 ltr.**
**verðmætaskápur**
**11.749 kr.**

Yale



**YALE SR-3200**
**þráðlaust þjófavarnarkerfi**
**71.300 kr.**

BLAUPUNKT



**Blaupunkt SA2700**
**þráðlaust þjófavarnarkerfi**
**39.990 kr.**

Master Lock



- **Eldtraustur**
- **Vatnsheldur**
- **innbyggt þjófavarnarkerfi**

**MasterLock 56,5 ltr. LFW205TWC**
**verðmætaskápur**
**Verð: 94.240 kr.**

phoenix
SAFE COMPANY LIMITED



**Phoenix KS0032E**
**lyklaskápur m/talnalás og 48 krókum**
**Verð: 18.910 kr.**

Yale



**Yale Smart Living HD1080P**
**WiFi innimyndavél**
**Verð 11.129 kr.**

**Lykillausnir er dótturfyrirtæki Véla og verkfæra**

**www.lykillausnir.is**

**LYKIL LAUSNIR**
Lyklasmíði & öryggiskerfi

VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK





Ása Marin notaði tímann sem vængstýfður farfugl í faraldri til þess að klára ferðaskáldsöguna Yfir hálfan hnöttinn, sem er um það bil sú vegalengd sem hún fór til að sækja sér innblásturinn í Víetnam. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Víetnam kallaði á gómsæta ferðasögu

**Ása Marin** fær innblástur fyrir ferðaskáldsögur sínar á söguslóðum og í Víetnam heillaðist hún svo af matarmenningunni að hún gefur uppskriftir að Bahn mi-samloku og fleiru í nýjustu bók sinni.

Þetta eru bara skáldsögur sem gerast á ferðalagi, þannig að lesandinn fer í ferðalag með sögupersónunni," segir Ása Marin Hafsteinsdóttir, sem leggst í venjulegu ári í heimshornaflakk sem fararstjóri og drekkur í sig stemningu og menningu viðkomustaða sem hafa þegar skilað sér í tvær bækur. Fyrst fetaði hún Jakobsveginn í Vegi vindsins, en leiðir nú sögupersónu sína til Víetnam yfir hálfan hnöttinn í samnefndri bók.

„Ég hef kosið að kalla þetta skáldaðar ferðasögur vegna þess að þetta eru náttúrlega skáldsögur," segir Ása Marin, sem finnst mikilvægt að slíkar bækur byggi á raunverulegum upplifunum. „Maður sér svo í gegnum það ef fólk er að skrifa um eitthvað sem það er bara að gúggla," segir hún og bætir við að henni finnist algert lágmark að höfundar hafi í það minnsta heimsótt sögustaðina.

Hún bendir síðan á að Vegur vindsins, sem hún skrifaði fyrir fimm árum, fjalli um konu sem gengur Jakobsveginn og greinist með krabbamein. „Þá var ég búin að fara og ganga Jakobsveginn og pabbi minn, greyið, er enn að svara spurningum um hvernig dóttir hans hafi það. Það héldu allir að allur dramapakkinn væri mín saga og að ég hefði greinst með krabbamein, en það sem er í bókinni er bara ekki mitt líf."

### Smjörþefur framandi heims

Yfir hálfan hnöttinn er síðan allt önnur saga og þar er önnur kona á ferð, en Ása segist hafa séð úr fjarlægð mynda og kvikmynda að landið væri allt öðruvísi en allt annað sem hún hefði séð, sem varð til þess að hana langaði að skoða landið betur.

„Ég hef alveg farið til mjög margra landa og er mikill farfugl í eðli mínu og ég fæ ekkert alltaf þessa tilfinningu, en þegar hún kemur þá veit ég líka að ég á eitthvað að nota hana," segir Ása, sem heillaðist strax af landi og þjóð.




Önnur ferðasaga Ásu er líkleg til þess að vekja mikla matarlyst.

„Víetnamar eru ofboðslega gott fólk heim að sækja og manni leið vel frá fyrsta degi í ferðalaginu um landið og þegar ég var komin á staðinn þá fékk ég strax tilfinningu: Ohhh, mig langar að skrifa bók sem gerist í Víetnam," segir Ása og bætir við að hún meðhöndli alltaf landið, sögusviðið, eins og eina af persónunum.

„Staðarlýsingar fá því mikið rými í sögunum og ég vil helst að fólki finnist það hafa komið pínupons til Víetnam eftir að hafa lesið söguna. Hafi svona fengið smjörþefinn."

### Hungurlestur

Ása hefur mest starfað sem leiðsögumaður á Spáni en nefnir einnig Karíbahafið og Portúgal. „Ég hef aldrei verið að leiðsegja neitt um Asíu, þannig að ég fór bara sem ferðamaður til Víetnam og var bara í þriggja vikna fríi þegar ég féll fyrir landinu," segir hún um menninguna, umhverfið og síðast en alls ekki síst, matnum.

> ÞEGAR ÉG VAR KOMIN Á STAÐINN ÞÁ FÉKK ÉG STRAX TILFINNINGU: OHHH, MIG LANGAR AÐ SKRIFA BÓK SEM GERIST Í VÍETNAM.

„Ohhh, það er svo gott að borða í Víetnam. Enda ákvað ég að vera bara með uppskriftir aftast í bókinni," segir Ása, um ákvörðun sem ekki var tekin alveg út í bláinn þar sem fólk hafði sagt henni að það hafi beinlínis orðið svangt við að lesa Veg vindsins og þótt verra að kunna ekki að elda þann mat sem þar kom mikið við sögu.

„Og þá datt mér í hug að vera með uppskriftir að nokkrum réttum sem aðalpersónan, Júlía, er að fá sér og ég tala um í bókinni. Þá getur maður eldað þá í kjölfarið."

### Draumurinn um Andalúsíu

Ása segir aðspurð að vissulega hafi það tekið á að bæla flökkueðlið í rúmt ár vegna heimsfaraldursins. Hún ferðast þó í huganum og er byrjuð á næstu bók sem gerist í Andalúsíu á Spáni, þangað sem hún á opinn flugmiða.

„Hann er núna kominn fram í september og ég vona bara að sú dagsetning haldi," segir Ása og hlær. „Ef ég verð orðin fullbólusett, allt gengur eftir og Spánn opinn ferðamönnum, þá er ég á leið úr landi í frí í september," segir ferðasöguhöfundurinn, sem mun að sjálfsögðu kynna sér staðhætti og sækja innblástur í leiðinni."

**toti@frettabladid.is**

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*




# Kynningarkvöld Náttúruhlaupa

## fer fram í kvöld, fimmtudag 6. maí kl. 20.

---

Grunnnámskeið í náttúruhlaupum hefst í vikunni og er námskeiðið á vegum Náttúruhlaupa.
Kynningarkvöldinu verður einungis streymt á netinu og má finna tengil á fundinn ásamt frekari upplýsingum um skráningu á natturuhlaup.is.

---



Straumnes
GORE-TEX INFINIUM jakki

39.000 kr.

Fyrir mikla hreyfingu. Vindhelt efnið teygist mjög vel og hefur sérlega góða öndun.

Dömu- og herrasnið



Straumnes hálfrennd peysa
Polartec® Power Grid™

15.000 kr.

Hálfrennd peysa með einstaklega góða öndunareiginleika.

Dömu- og herrasnið




La Sportiva Helios III
Hlaupaskór

26.000 kr.

Alhliða hlaupaskór fyrir náttúruhlaup sem henta einnig á malbiki þar sem þeir eru mjúkir og með góða dempun.



Grettir hlaupabuxur með endurskini
Polartec® Power Stretch® Light

12.000 kr.

Hlaupabuxur úr teygjanlegu efni með renndum vasa að aftan og endurskini.

Dömu- og herrasnið

NÁTTÚRUHLAUP

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north

# FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**550 5000** | **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is | **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is | **PRENTUN** Torg ehf. | **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is


**BAKÞANKAR**

Thomasar Möller



## Næstu tíu ár

Við upphaf nýs áratugar er áhugavert að skoða hvernig líf okkar og umhverfi getur orðið eftir tíu ár. Framtíðarspekingar um allan heim eru að fjalla um þetta á netinu og er þeirra niðurstaða þessi í grófum dráttum:

Þú munt örugglega aka rafbíl eftir tíu ár. Hann verður líklega sjálfakandi og tengdur öðrum bílum þannig að engin truflun verður á umferðinni sem fer gegnum gatnamót án umferðarljósa. Nánast öll tæki heimilisins verða nettengd og vörur sem ísskápurinn pantar koma með drónum heim að dyrum. Greiðslukort verða óþörf þar sem þú greiðir með því að brosa í andlitsskanna. Lyklar verða ekki til þar sem síminn þinn opnar hús, bíla, reiðhjól og vinnustaðinn. Allar vörur verða með upplýsingar um kolefnisspor. Matvara framleidd í nærumhverfinu verður því vinsælli og grænmeti kemur frá háreistum gróðurhúsum nálægt þinni byggð. Sólarorka og vindmyllur munu sjá um raforkuframleiðslu í auknum mæli og heimili verða með rafgeymum sem hlaða rafmagni inn á næturtöxtum til notkunar á daginn.

Þú munt vinna fjóra daga í viku, þar af tvo heima hjá þér. Fjarnám og netinnkaup verða allsráðandi. Skjáir verða óþarfir, þeir verða í gleraugum sem við höfum á nefinu. Við verðum með inngróna nema sem fylgjast með heilsu okkar og snjöll salernisskálin mun senda þér heilsugreiningu daglega.

En það sem er alveg öruggt árið 2031 er að þú, ágæti lesandi, verður tíu árum eldri en þú ert í dag. Reiknaðu nú út á hvaða aldri þú og þínir nánustu verða eftir 10 ár.

Njóttu svo áranna sem eru fram undan og gerðu næsta áratug að þeim skemmtilegasta sem þú hefur lifað.





